



ÁRSSKÝRSLA 2003

Afmælisrit



SI

Samtök iðnaðarins

VARASAMT VALDABRÖLT

Ár mikilla sviptinga í íslensku atvinnulífi er að baki. Bankarnir hafa verið í aðalhlutverki í þeim sviptingum. Bæði var lokið við að einkavæða ríkisbankana en einnig má nefna sameiningu Kaupþings-Búnaðarbanka. Þá er útrás bankanna á erlenda markaði afar ánægjuleg og verður íslenskum fyrirtækum og heimilum án efa til góðs þegar fram í sækir. Hitt er lakara að þessi stækkun bankanna og hagræðing virðist skila sér lítið til viðskiptamanna þeirra enn sem komið er að minnsta kosti. Verst er þó að bankarnir eru komnir á fulla ferð í því að berjast um völd og áhrif í stærstu fyrirtækjum landsins. Það er rétt og eðlilegt að bankarnir grípi inn í þegar fyrirtæki lenda í rekstrarvanda og einnig í umbreytingarverkefnum í samvinnu við viðskiptamenn sína. Hins vegar er barátta bankanna um yfirlit í stærstu fyrirtækjum landsins komin út fyrir öll velsæmismörk. Það hefur orðið alvarlegur trúnaðarbrestur milli bankanna og margra viðskiptavina þeirra.

Þá má nefna upphaf nýrra stóriðjuframkvæmda sem er fagnaðar efni. Við sjáum fram á að útflutningstekjur okkar verði innan örfárra ára byggðar á þrem nokkuð jafnöflugum stöðum: Áli og iðnaðarvörum, sjávarafurðum og þjónustutækjum, aðallega flutningum, ferðaþjónustu og fjármálaþjónustu. Þetta er grundvallarbreyting í íslensku atvinnulífi. Þetta er ekki einhver fjarlæg framtíð heldur mun sú breyting eiga sér stað á þessum áratug.



Vilmondur Jósefsson

„barátta bankanna um yfirlit í stærstu fyrirtækjum landsins er komin út fyrir öll velsæmismörk. Það hefur orðið alvarlegur trúnaðarbrestur milli bankanna og margra viðskiptavina þeirra.“

„Það er hins vegar augljóst að samþjöppun á ýmsum sviðum verslunar og þjónustu er orðin meiri en góðu hófi gegnir. Eftir á að hyggja má segja að þar hafi menn sofði á verðinum.“

Samruni og stækkun íslenskra fyrirtækja er tvímælaust af hinu góða. Íslendingar þurfa að hagræða í rekstri til þess að vera samkeppnisfærir á opnum alþjóðlegum markaði. Í langflestum tilvikum er engin hætta á samkeppnisröskun af þessum sökum. Í iðnaðinum ríkir hörð samkeppni við innfluttar vörur og jafnvel þjónustu nánast á öllum sviðum. Samtök iðnaðarins hafa lengi verið þeirra skoðunar að stjórnvöld eigi ekki að stjórna því hvernig atvinnulífið þróast og inngríp, líkt og bann við samruna fyrirtækja, eigi ekki að eiga sér stað nema í algerum undantekningartilvikum, þegar mikil hætta er á samkeppnisröskun.

Þarna togast annars vegar á þörfin fyrir öflug og betur rekin fyrirtæki og hins vegar þá skyldu stjórnvalda að tryggja samkeppni á markaði. Það er hins vegar augljóst að samþjöppun á ýmsum sviðum verslunar og þjónustu er orðin meiri en góðu hófi gegnir. Eftir á að hyggja má segja að þar hafi menn sofði á verðinum. Það getur verið bæði rétt og skynsamlegt að setja sérstakar reglur um markaðsráðandi fyrirtæki og hindra þau í að misnota markaðsráðandi stöðu sína. Það hefur ekki verið gert en er löngu tímabært.

Að lokum þakka ég félagsmönnum í Samtökum iðnaðarins, stjórn og starfsmönnum fyrir samstarfið á liðnu ári og óska þeim velfarnaðar í starfi á nýju ári.

Stjórn SI árið 2003:



*Vilmundur Józefsson
formaður SI
Gæðafæði ehf.*



*Hreinn Jakobsson
varaformaður SI
Skýrr hf.*



*Eiður Haraldsson
ritari
Háfell ehf.*



*Baldur Guðnason
Mjöll - Frigg hf.*



*Guðlaugur Adólfsson
Fagtak ehf.*



*Halla Bogadóttir
Halla Boga*



*Hörður Arnarson
Marel hf.*



*Sigurður Bragi Guðmundsson
Plastprent hf.*



Útgefandi: Samtök iðnaðarins, Borgartúni 35, 105 Reykjavík.
Sími 591 0100, fax 591 0101, www.si.is, e-mail mottaka@si.is
Hönnun og umbrot: Brynjar Ragnarsson og Þóra Ólafsdóttir •
Málfarsráðgjöf: Þóra Kristín Jónsdóttir • Ljósmyndir: Odd Stefán •
Prentvinnsla: Prenttækni hf. •



Afmælisgreinar 4

Samkeppnisstaða Íslands
Nýir tímar
EES- samningurinn 10 ára
Árhif EES-samningsins á
íslenskt efnahagslíf
Það er ekki lengra síðan!
EES og íslenskur fjármagns-
markaður
Stefnumótun og áhersluverkefni
SI á 10 ára tímabili

Starfsskiyrði iðnaðar 21

Mikilvæg stefnumál SI
Samkeppnisstaðan í brennidepli
Nýsköpun og þróunarmál

Alþjóðlegir samningar og samstarf 29

Öflug starfsemi Samtaka iðnaðarins 32

Efnaiðnaður
Lyfjaiðnaður
Mannvirkjagerð og
byggingariðnaður
Matvælaiðnaður
Málmiðnaður
Prentiðnaður
Stóriðja
Upplýsingatækni
Þjónustuiðnaður

Samtök iðnaðarins öflugur bakhjarl í síbreytilegu umhverfi 45

Gæðamál og stjórnun
Menntamál
Nýsköpun og þróun
Umhverfi og orka
Réttarumhverfi iðnaðarins

Fjölbreytt starfsemi 55

Iðnþing
Helstu fundir SI
Ráðgjafaráð SI
Nýir félagsmenn SI 2003
Skrifstofa atvinnulífsins á
Norðurlandi
Hús atvinnulífsins rís við
Borgartún 35

SAMKEPPNISSTAÐA ÍSLANDS

Almenn samstaða er um þá skoðun að gjörbreyting hafi orðið á starfsskilyrðum og þar með samkeppnisstöðu iðnaðar og atvinnulífsins í heild á þeim áratug sem liðinn er frá því að EES-samningurinn tók gildi. Margar þær breytingar má rekja beint eða óbeint til samningsins. Lítum á nokkur atriði:



Sveinn Hannesson

EFTIR STRÍÐ	EFTA 1970	EES 1994
Lokað land	Samkeppni í iðnaði	Innri markaður ESB
Frumstæður iðnaður	Hrun í mörgum greinum	Tæknivæðing iðnaðar
Lítill samkeppni	Samkeppni í iðnaði	Samkeppni í flestum greinum
Verðlagseftirlit	Verðstöðvanir	Samkeppnislög
Mikill opinber rekstur	Óbreytt ástand	Einkavæðing en aukin útgjöld
Mikil pólitísk afskipti	Að mestu óbreytt	Reglur í stað pólitískra ákv.
Erl. fjárfesting bönnuð	Erl. fjárfesting illa séð	Leyfð en lítil ásókn
Frumstætt skattkerfi	Séríslenskt skattkerfi	Að mestu leyti í lagi
Lánsfé skammtað pólitískt	Skammtað eftir atvinnugr.	Frjáls fjármagnsmarkaður
Handstýrð gengisskráning	Útflutningur núllstilltur	Markaður / Verðlag
Ofmetin mynt, svartur mark.	Ótal gengisfellingar	Óstöðug (ónýt) mynt
= Iðnaðarfjandsamlegt	= Efnahagskollsteypur	= Hagvaxtarskeið

Það er enginn vafi að þessi sam-
anburður sýnir að umtalsverðar
framfarir hafa orðið í starfsskilyrðum
fyrirtækja á Íslandi. Að sama skapi
hefur atvinnulífið tekið stór stökk
fram á við og hagvöxtur hefur verið
talsverður þótt hvorki hafi verið sett
Evrópu- né heimsmet í þeim efnunum
eins og stundum er haldið fram.

Margt hefur áunnist

Í ritinu The Global Competiveness
Report 2002-2003 kemur fram að
Ísland er nú í tólfsta sæti á lista yfir
samkeppnishæfni 80 ríkja og hefur
færst upp um fjögur sæti milli ára.
Það er vissulega ánægjulegt að sjá
hvað Ísland stendur framarlega í
þessum samanburði á ýmsum sviðum.
Þar má nefna þætti eins og
mikla notkun Net- og fjarskiptatækni
og almennt hátt tæknistig. Lítið er

um skipulagða glæpstarfsemi og
spilling, mútur og pólitísk greiðasemi
er hér með allra minnsta móti. Ís-
land fær einnig hæstu einkunn fyrir
lítið atvinnuleysi og gott heilbrigðis-
kerfi. Hér er auðvelt að stofna fyrir-
tæki og reglubyrði er óviða minni þó
að flestum finnist hún ærin. Traust
almennings á stjórnámálönnum er
óviða meira og upplýsingamiðlun
stjórnvalda varðandi eigin stefnu og
reglur þykir til fyrirmyndar. Þannig
mætti áfram telja. Skattprósenta
virðisaukaskatts er að vísu með því
hæsta sem þekkt á byggðu bóli (76
sæti af 80) en að öðru leyti fær
íslenska skattkerfið frekar háa einkun-
n m.a. fyrir skilvirkni og hvatningu
til meiri atvinnusköpunar. Vinnu-
markaður er sveigjanlegur og at-
vinnuþátttaka mikil.

Interest rate spread, 2001

Average interest rate spread, 2001 (difference between typical lending and deposit rates)

Rank	Country	Hard data
1	Japan	1,34
2	Norway	1,71
3	Switzerland	1,77
4	Korea	1,92
5	Netherlands	1,92
6	Canada	1,96
7	Spain	2,10
8	Hong Kong SAR	2,75
9	United Kingdom	2,84
10	Hungary	2,85
11	India	2,98
12	Indonesia	3,07
13	United States	3,24
14	Malaysia	3,29
15	Panama	3,50
16	China	3,60
17	Philippines	3,66
18	Sweden	3,70
19	Portugal	3,72
20	Estonia	3,75
21	Finland	3,85
22	France	3,98
23	Israel	4,00
24	Czech Republic	4,05
25	El Salvador	4,12
26	Vietnam	4,12
27	Singapore	4,12
28	South Afrika	4,40
29	New Zealand	4,53
30	Italy	4,57
31	Jordan	4,60
32	Thailand	4,71
33	Ireland	4,74
34	Austria	4,79
35	Slovak Republic	4,81
36	Australia	4,88
37	Denmark	4,90
38	Tunisia	5,00
39	Belgium	5,06
40	Taiwan	5,25
41	Greece	5,27
42	Slovenia	5,30
43	Botswana	5,60
44	Chile	5,70
45	Latvia	5,93
46	Croatia	6,40
47	Germany	6,45
48	Poland	6,56
49	Lithuania	6,63
50	Venezuela	6,94
51	Bangladesh	7,34
52	Nigeria	7,50
53	Namibia	7,68
54	Trinidad and Tobago	8,00
55	Sri Lanka	8,09
56	Colombia	8,30
57	Morocco	8,30
58	Turkey	8,30
59	Bulgaria	8,35
60	Dominican Republic	8,65
61	Ecuador	8,88
62	Mexico	9,13
63	Honduras	9,30
64	Guatemala	10,20
65	Peru	10,50
66	Jamaica	10,97
67	Iceland	11,00
68	Mauritius	11,32
69	Argentina	11,55
70	Costa Rica	12,06
71	Romania	12,14
72	Russian Federation	13,00
73	Bolivia	13,56
74	Nicaragua	13,80
75	Haiti	14,97
76	Ukraine	21,29
77	Paraguay	23,25
78	Zimbabwe	24,07
79	Uruguay	37,39
80	Brazil	39,76

SOURCES: Economic Intelligence Unit and national sources

Nokkrar falleinkunnir

Auðvitað kitlar það hégómagirnd
okkar að sjá hversu margt í íslensk-
um starfsskilyrðum fær háa einkunn
í þessum alþjóðlega samanburði en
ekki er síður hollt að skoða á hvaða
sviðum við erum eftirbátar annarra

því að til að gera enn betur þurfum við að losna við nokkrar falleinkunnir.

Hvað varðar almenn starfsskilyrði eru það einkum tvær einkunnir sem skera sig úr til hins verra í þessum alþjóðlega samanburði. Þær eru annars vegar háar vaxtamunur inn- og útlána (sjá töflu "Interest rate" bls. 4) og lítill þjóðhagslegur sparnaður. Þá fær Ísland afar lága einkunn fyrir mikil og vaxandi ríkisútgjöld og á viðmiðunarárinu 2002 var verðbólga hér á landi meiri en verið hafði um langt árabil. Það ár var Ísland milli Brasilíu og Mexíkó í þeim samanburði. Að sama skapi kom hættan á samdrætti í kjölfar verðbólguástanda greinilega fram í einkunnagjöfni en stóriðjuáformin eyddu þeirri hættu að mestu.

Lágt hlutfall utanríkisviðskipta

Þegar litið er til fyrirtækjanna eru háar flutningskostnaðir og ónóg samkeppni í sumum greinum á heima-markaði til trafala. Þá kemur ónota-lega á óvart að Ísland er neðarlega á listanum hvað varðar utanríkisviðskipti. Þegar hlutfall vöruútflutnings af vergri landsframleiðslu er skoðað kemur í ljós að þar raðast Íslendingar í miðjan hóp, í fertugasta sæti, meðal 80 þjóða. Vitað er að þetta hlutfall er að jafnaði lægra hjá stórþjóðum sem eru sjálfum sér nógar um flesta hluti. Að sama skapi eru smærri ríki að jafnaði háð utanríkisviðskiptum. Þess vegna kemur það á óvart að Ísland skuli að þessu leyti vera með lægsta hlutfall af öllum Norðurlöndum. Það er greinilegt að hér á landi hefur ríkt tiltekin stöðnun undanfarna áratugi í þessum efnunum. Frjáls aðgangur að Evrópusamstarfi hefur ekki nýst nægilega vel og okkur hefur heldur ekki tekist að laða hingað erlenda fjárfestingu svo að neinu nemi á öðrum sviðum en orku-frekum iðnaði. Flest smærri ríki ESB og raunar flest nýju ESB ríkin í Austur- og Mið-Evrópu eru með hærri hlutfall vöruútflutnings en Ísland og

það eru einmitt mikil og vaxandi utanríkisviðskipti sem knýja áfram hagvöxt þeirra.

Hagvöxtur tekinn að láni

Þessum ríkjum hefur sem sé tekist að nýta sér kosti alþjóðavæðing- arinnar og opnun markaða betur en okkur. Hagvöxtur þeirra er að sama skapi byggður á traustari grunni en sá íslenski að því leyti að hann er ekki tekinn að láni. Sparnaður er hér ónógur og þjóðin safnar stöðugt skuldum erlendis. Sumar þeirra eru að sönnu vegna arðbærra fjárfestinga en einkaneysla er hér langtímum saman umfram tekjur. Það eykur að vísu hagvöxt til skamms tíma að eyða um efni fram en það er ekki sjálfbær hagvöxtur til lengri tíma litið.

Verk- og tæknimenntun

Einn helsti styrkur þjóðarinnar hefur alla tíð verið vel menntað, til- tölulega ódýrt og sveigjanlegt vinnu- afl. Þetta er mjög að breytast. Kaupmáttur launa hefur vaxið mjög hin síðari ár og samræming Evrópu- reglna á vinnumarkaði dregur úr þessu forskoti. Menntun vinnuafslins hefur ekki fylgt hinni öru þróun í at- vinnulífinu. Sérstaklega er fyrirsjá- anlegur skortur á verk- og tækni- menntuðu fólki í framtíðinni nema stórátak verði gert í þeim efnunum fyrir en seinna.

Lífið er ekki lengur saltfiskur

Nálægð landsins við náttúruauð- lindir hefur alla tíð verið okkar helsti styrkur en það er að breytast með breyttum atvinnuháttum. Aðeins 3,7% vinnandi manna störfuðu við landbúnað árið 2003. Við veiðar og fiskvinnslu störfuðu 6,7%. Hlutur sjávarútvegs í landsframleiðslu var um 12,4% árið 2002 en landbúnaðar 1,5%. Hins vegar var hlutur iðnaðar 20,8% í þessum samanburði. Samt halda flestir að lífið á Íslandi sé salt- fiskur.

Háir vextir og ónýtt mynt

Fjarlægð frá öðrum löndum skiptir að sönnu miklu máli en með þróaðri og verðmætari framleiðslu og bættri fjarskiptatækni skiptir vegalengd æ minna máli. Hinn vandinn er meiri sem kalla mætti heimatilbúnað við- skiptahindranir sem bitna á okkur sjálfum. Þar er efst á blaði hin óstöðuga, örsmáa og ónýta mynt. Henni fylgja endalausar sveiflur og sviptingar sem skaða íslensk fyrir- tæki og heimili sem greiða árlega tugum milljarða króna hærri vexti en vera þyrfti vegna þessa. Fyrirtæki og heimili freistast því til að sneiða hjá þessu vaxtaokri í vaxandi mæli og taka erlend lán en búa þá við stöð- uga óvissu og áhættu vegna sveiflna í gengi íslensku krónunnar. Þróunin virðist hins vegar beinast í þessa átt, sbr. tilboð um húsnæðislán í evrum. Þar með hverfa þau einu rök fyrir tilvist krónunnar að hér verði að reka sjálfstæða peningastefnu.

Eina svarið við fækkun og stækkun íslenskra fyrirtækja er sú að sam- keppnin verður að koma að utan. Sérstaklega er knýjandi þörf fyrir aukna samkeppni í bankakerfinu. Bankarnir skila svimandi hagnaði en skammta sér meiri vaxtamun en þekkist í nokkru þróuðu ríki og skáka í því skjóli að samkeppni kemur ekki að utan meðan við höldum í þessa einkennilegu mynt sem hvergi annars staðar er nothæfur gjald- miðill.

Þurfum skjól fyrir vaxta- okri og gengissveiflum

Alþjóðavæðing, einkavæðing og samkeppnisvæðing Íslands byrjaði allt of seint og hefur gengið allt of hægt. Það er tvímælalaust okkar efnahagslegi Akkilesarhæll. Það mun ráða úrslitum um hagvöxt framtíð- arinnar að ná tókum á þessum þáttum. Það verður best gert með því að Ísland fylki sér með öðrum Evrópu- þjóðum í skjól fyrir vaxtaokri, gengissveiflum og öðrum heimatil- búnum efnahagshörmungum.



NÝIR TÍMAR

EES-SAMNINGURINN 10 ÁRA

Samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið (EES) hefur verið í gildi frá 1. janúar 1994, samtals í tíu ár. Hann er án nokkurs vafa sá langmikilvægasti og víðtækasti sem Íslendingar hafa gert frá því að þeir tóku við stjórn eigin mála úr höndum Dana. Samningurinn felur í sér að Ísland fékk aðgang að sameiginlegum innri markaði Evrópusambandsins fyrir vörur, þjónustu, fjármagn og vinnuafli. Íslenskum lögum og reglum þurfti að breyta í mikilvægum atriðum og hafa þær breytingar staðið síðan því að segja má með nokkrum sanni að stór hluti lagasetningarvaldsins á Íslandi sé nú í höndum ESB en ekki Alþingis.

Fríverslun dugar ekki til

EFTA og ESB áttu í upphafi með sér samstarf sem fólst fyrst og fremst í gerð allvíðtækra fríverslunarsamninga milli EFTA-ríkjanna og ESB. Ísland gerði einn slíkan 1972. Í upphafi níunda áratugarins var að mestu búið að fella niður tolla í viðskiptum með iðnaðarvöru samkvæmt þessum samningum. Þá fór að koma æ betur í ljós að ekki dugði að fella niður tolla til þess að greiða fyrir viðskiptum. Alls konar hindranir, sem stöfuðu af mismunandi reglum, kröfum og skilyrðum fyrir markaðssetningu í hverju landi, reyndust jafnvel meiri tálmi fyrir viðskiptum en tollarnir.

Tilraun til smáskammtalækninga

ESB og EFTA komu sér því saman um, í Lúxemborg árið 1984, að hefja vinnu sem hefði það að markmiði að greiða úr slíkum flækjum og skapa sín í milli sérstakt viðskiptasvæði



Jón Steindór Valdimarsson

(dynamic economic space). Þær viðræður leiddu ekki til umtalsverðs árangurs þrátt fyrir viðræður á mörgum sviðum, einkum varðandi gagnkvæmar viðurkenningar á stöðlum, vottunum og prófunum á sviði vöruviðskipta.

Á sama tíma eru að verða miklar hræringar innan ESB. Þar markar tímamót svokölluð Hvítbók framkvæmdastjórnar ESB um innri markaðinn sem var lögð fram í Milánó um mitt ár 1985. Þar var sett fram áætlun til að hrinda í framkvæmd fyrir árið 1992 mikilvægum umbótum innan ESB til þess að gera að veruleika raunverulegan innri markað, byggðan á hinu fjórþætta frelsi viðskipta með þjónustu, fjármagn, vörur og frjálsa för launþega.

Vítamínsprauta frá ESB

Óhætt er að fullyrða Jacques Delors, forseti framkvæmdastjórnar ESB, hafi í frægri ræðu sinni í Evrópu-þinginu í upphafi árs 1989 hleypt nýju blóði í samskipti ESB og EFTA. Delors lagði til „nýtt og skipulagðara samstarf þar sem sameiginlegar stofnanir færu með ákvörðunar- og stjórnunarvald.“ Tilgangur Delors var að auka skilvirkni samstarfsins. Ekki má gleyma því að þegar Delors flutti ræðu sína var

hann að biðla til EFTA sem þá voru öflug samtök ríkja sem voru efnahagslega mjög mikilvæg fyrir ESB og meðal stærstu viðskiptalanda ESB. Erfitt var að hugsa sér almennilegan innri markað í Evrópu án þeirra. Það var erfið tilhugsun bæði fyrir ESB og EFTA-ríkin. Sá hængur var þó á að flest þeirra, Austurríki, Finnland, Sviss og Svíþjóð voru hlutlaus. Á þessum tíma töldu þau pólitískt óhugsandi að gefa upp hlutleysi sitt og ganga í ESB. Við þessum vanda var Delors að bregðast. Ef staða Íslands er skoðuð í þessu ljósi er auðvelt að átta sig á því að hér naut Ísland þess að vera í hópi ríkja sem ESB vildi leggja mikið á sig til að ná náninni samvinnu við. Tengslin við Ísland voru varla eftirsóknarverð nema í þessu samhengi. Síðar skipuðust veður þannig í lofti í heimsálfunum að Austurríki, Finnland og Svíþjóð gengu í ESB árið 1995.

Einstakt tækifæri fyrir Ísland

Skemmst er frá því að segja að EFTA-ríkin gripu hugmyndir Delors á lofti. Samningaviðræður hófust um mitt ár 1989, samningar voru undirritaðir í maí 1992 og EES-samningurinn tók gildi 1. janúar 1994. Færa má sterk rök fyrir því að EES-samningurinn eða hliðstæða hans hefði ekki getað orðið til fyrr en raun ber vitni og sömuleiðis að sambærilegur samningur verði aldrei gerður aftur. Með EES-samningnum fóru EFTA-ríkin þrjú eins nálægt því að verða aðilar að ESB og hugsast gat. Hér má með sanni segja að Ísland naut þess að vera í réttum félagsskap á réttum tíma.

Markmið EES-samningsins

Samningurinn hefur að markmiði „... að stuðla að stöðugri og jafnri eflingu viðskipta- og efnahagstengsla samningsaðila við sömu samkeppnisskilyrði og eftir sömu reglum með það fyrir augum að mynda einsleitt Evrópskt efnahagssvæði ...” Samningurinn tekur til

svokallaðs fjórfrælsis. Í því felast frjáls vöruviðskipti, frjáls för vinnuafis, frjálsir fjármagnsflutningar og frjáls þjónustuviðskipti. Í reynd þýðir þetta að vettvangur atvinnustarfseminnar er ekki lengur bundinn við staðbundna heimamarkaði heldur er allur EES markaðurinn undir og þar eiga allir að sitja við sama borð hvað leikreglur snertir. Frá þessu eru þó tvær veigamiklar undantekningar sem eru landbúnaður og sjávarútvegur.


Tvær stoðir EES

EES samningurinn er tveggja stoða. Annars vegar eru EFTA ríkin þrjú og hins vegar ESB ríkin 15 (25. frá 1. maí 2004). Samningurinn gerir ráð fyrir að á samningsviðinu sé einsleitni, þ.e. að ekki skipti máli í hvaða landi tiltekin atvik verða, um þau gildi sömu reglur og þeim verði framfylgt með sama hætti. Til þess að reyna að tryggja þetta hafa EFTA ríkin sett upp eigin stofnanir sem er ætlað að endurspeglar hliðstætt kerfi ESB megin, a.m.k. að hluta, sem eru ráðherraráðið, Evrópudómstóllinn og framkvæmdastjórnin. Samsvarandi EFTA-stofnanir eru fastanefnd EFTA, EFTA-dómstóllinn og eftirlitsstofnun EFTA.

Umgjörð atvinnulífs gjörbreytt

Sökum þess hve víðtækur EES samningurinn er hefur þurft að leiða í íslensk lög fjölda nýrra ákvæða og breyta öðrum. Þá er samningurinn þeirrar náttúru að breyti ESB sínum

Skipan 29 Evrópuríkja í viðskiptasvæði 1. maí 2004



reglun á samningsviðinu leiðir það til þess að EFTA ríkin í EES stoð samningsins verða að breyta sínum eigin til samræmis. Þetta er skýringin á því að stöðugt er verið að taka upp reglur með vísan til EES-samningsins. Við gerð samningsins fól hann í sér um 500 svokallaðar gerðir sem eru tilskipanir og reglugerðir. Gerðirnar, sem samningurinn tekur til, eru orðnar vel yfir 4.000 og þeim mun halda áfram að fjölga.

Evrópureglur verða að íslenskum

Það er óhætt að segja að íslenska laga- og reglugerðarsafnið hafi verið umskrifað á síðustu 10 árum. Oftar en ekki getur að líta klausur á borð við þessa í greinargerðum með lögum sem eru til meðferðar á Alþingi Íslendinga:

„Með frumvarpi þessu eru innleidd ákvæði nokkurra tilskipana á sviði fjármálaþjónustu að hluta eða öllu leyti. Flest ákvæða þessara tilskipana hafa þó verið lögfest áður. Einnig hefur verið höfð hliðsjón af þeim tillögum sem liggja nú fyrir á þessu sviði á vettvangi Evrópusambandsins. Þær tilskipanir sem innleiddar eru að hluta eða öllu leyti með ákvæðum frumvarpsins eru: ...”

Smátt og smátt hafa heimatilbúnar reglur og geðþóttaákvæðanir stjórnmalamanna vikið fyrir þessum reglum. Það hefur leitt til betri starfskilyrða og meiri stöðugleika. Þar með hefur starfsumhverfi íslensks atvinnulífs orðið líkara því sem helstu keppinautar okkar búa við.

Ísland stendur sig vel



Það er sama hvert titið er. Allar meginreglurnar sem skapa rekstrarumgjörð atvinnulífsins, eiga ættir sínar að rekja til EES-samningsins beint eða óbeint. Þar má nefna samkeppnislög, lög um opinber innkaup, um

gjalddeyrsviðskipti, starfsumhverfi fjármálastofnana, umhverfismál, skipan raforkumála og öryggi og hollustuhætti. Svona mætti lengi telja. Nær undantekningarlaust hafa þessar lagabreytingar leitt til bóta og framfara. Þessi tíu ára reynsla sýnir að íslensku atvinnulífi hentar bráðvel það sem hentar almennt öðru evrópsku atvinnulífi.

Áhrifin á stjórnvæðinguna og framkvæmdavaldið eru greinileg. Þar ríkir meiri agi og pólitískur geðþótti fær æ minna svigrúm. EES-samningurinn leggur okkur skyldur á herðar og fylgst er með því að Ísland standi við skuldbindingar sínar. Eftirlitsstofnun EFTA hefur margsinnis vandað um við stjórnvöld fyrir að hafa ekki tekið upp reglur, ekki fylgt þeim rétt eftir eða hafa sett reglur sem stangast á við ákvæði EES-samningsins. Nú er svo komið að Ísland stendur sig betur en flest ESB-ríkin við að innleiða ESB-reglur og má það heita merkilegt þegar horft er til þess að Ísland á engan þátt í búa þær til.

Alþingi í vafa

Það var alls ekki sjálfgefið eða sátt um að stíga þetta skref á sínum tíma. Rétt er að rifja upp að sitt sýndist hverjum um ágæti samningsins og sumir spáðu miklum hrakförum og neikvæðum afleiðingum fyrir íslenskt atvinnu- og mannlíf ef af honum yrði. Afstaða stjórnmalaflokka og einstakra stjórnmalamanna til samningsins var alls ekki á einn veg. Eftir á að hyggja er ótrúlegt til þess að hugsa að ekki mátti tæpara standa að frumvarpið um Evrópska efna-



hagssvæðið yrði að lögum þegar það var til lokaafgreiðslu í Alþingi þann 12. janúar 1993. Já sögðu 33, nei sögðu 23 og 7 sátu hjá.

Iðnaðurinn studdi EES-samninginn

Samtök iðnaðarins börðust fyrir aðild Íslands að ESS-samningnum sem þau töldu eðlilegt og rökrétt framhald af aðildinni að EFTA og nauðsynlegt skref í frekari þátttöku Íslands í samstarfi Evrópuríkja. Með aðild að EES myndi samkeppnisstaða íslensks iðnaðar batna, sambærilegar leikreglur gilda hér og hjá keppinautum og fleiri greinar atvinnulífs lúta lögmálum samkeppinnar á opnum sameiginlegum markaði. Allt hefur þetta gengið eftir.

Flestir sannfærðir um ágæti EES

Það var gott að Alþingi samþykkti EES-samninginn. Það vitum við eftir tíu ára reynslu. Þetta staðfestir viðhorfskönnun Gallups sem var gerð í upphafi árs 2004 fyrir Samtök iðnaðarins.

Almenningur var spurður tveggja spurninga. Hvorki meira né minna en 72% telja að áhrif samningsins á íslenskt samfélag hafi verið jákvæð og rúm 65% að áhrifin hafi verið jákvæð á eigin lífskjör. Þeir sem töldu að áhrifin á samfélagið og eigin lífskjör væru neikvæð voru einungis 11%.

Félagsmenn Samtaka iðnaðarins voru sömuleiðis spurðir tveggja spurninga. Við spurningunni um áhrif

samningsins á íslenskt samfélag sögðu 82% þau vera jákvæð og 56% að áhrifin hafi verið jákvæð á rekstrarmhverfi eigin fyrirtækis. Þeir sem töldu áhrifin á samfélagið neikvæð voru tæp 7% en 14% töldu áhrifin neikvæð á eigið fyrirtæki.

EES er ótraust fley

Þótt að EES-samningurinn hafi ótvírætt verið til góðs fyrir íslenskt atvinnulíf og samfélagið í heild sannfærast fleiri og fleiri um að hann fullnægi ekki lengur kröfum og þörfum Íslands og Noregs. Betra sé að halda lengra á braut samvinnu Íslands við önnur Evrópuríki á vettvangi ESB. Margir eru reyndar þeirrar skoðunar að í ljósi þess að EES-samningurinn hefur verið til góðs sé engin ástæða til þess að gera breytingar. Þeir spyrja réttmætrar spurningar: Hvað er að?

Til þess liggja margar ástæður en hér verða nefndar þær veigamestu:

einhlíða vilji Íslands til að halda lífi í

EES skiptir engu

einsleitni milli EES og ESB er ekki

lengur tryggð vegna örra breytinga á

viðfangsefnum ESB

lítið má út af bregða til þess að

samningurinn sé í uppnámi

ekki er unnt að gæta íslenskra

hagsmuna

Ísland er áhrifalaust við undirbúning og

setningu reglna

nauðsynlegt er að taka upp evru í stað

krónu

nær öll Evrópuríki hafa valið ESB sem

samstarfsvettvang sinn

tillit og þolinmæði gagnvart þeim, sem standa utan ESB, fara þværandi

Til langs tíma lítið leiða þessir gallar til þess að efnahagsskilyrði verða óstöðugri, samkeppnisstaðan sveiflukenndari, erlend fjárfesting minni og lífskjör lakari en ella. Útilokað er að bæta úr þessum göllum með því að endurskoða EES samninginn. Til þess er enginn pólitískur vilji af hálfu ESB eins og berlega kom í ljós í samningaviðræðunum um stækkun EES. Lending náðist ekki fyrr en Norðmenn greiddu fyrir samningum með því að reiða fram fúlgur fjár og borga aðgöngumiðann fyrir sig og Ísland í leiðinni. Lærdómurinn, sem Norðmenn virðast draga af þessum viðræðum, stækkunarferlinum og stöðu sinni í Evrópusamstarfinu, er að aðild að ESB sé óhjákvæmileg. Áhugi á aðild fer hraðvaxandi í Noregi.

Það er óviðunandi fyrir Ísland að eiga framtíð sína undir ákvörðunum Norðmanna eða þolinmæði ESB. Það eru draumórar einir að Ísland eitt og sér geti náð viðunandi tvíhliða samningum við ESB. Þeir tímar eru liðnir þegar Ísland gat náð sínu fram með tilstyrk bandamanna innan EFTA og NATO.

Íslendingar verða að horfast í augu við þá staðreynd að eina leiðin, sem er fær til þess að Íslendingar og íslenskt atvinnulíf njóti jafnstöðu í samfélagi Evrópuþjóða, er að ganga í ESB. Þessi leið er ekki eingöngu sú eina færa. Hún er einnig sú skynsamlegasta.

ÁHRIF EES SAMNINGINS Á ÍSLENSKT EFNAHAGSLÍF

Íslenska hagkerfið hefur tekið ör- um breytingum á þeim tíu árum frá því að samningurinn um Evrópska Efnahagssvæðið tók gildi hér og í sextán öðrum ríkjum Evrópu. Á þessum tímamótum er þarft að staldra við og skoða breytingar á framleiðslu, störfum, útflutnings- tekjum og viðskiptum við einstök svæði. Um leið má draga athygli að mikilvægi iðnaðar fyrir þjóðarbúið. Þá má velta fyrir sér hvaða breytinga er að vænta á næstu tíu árum en sameiginlegur markaður Evrópu stækkar talsvert við inngöngu tíu nýrra ríkja í ESB 1. maí 2004.

Örar breytingar á hagkerfinu

Í margra hugum byggja Íslendingar afkomu sína að langmestu leyti á sjávarútvegi. Þær raddir heyrast oft að á Íslandi séu aðeins þrjár greinar sem skipta einhverju máli vegna vægis þeirra í öflun útflutningstekna, þ.e. sjávarútvegur, orku- frekur iðnaður og ferðaþjónusta. Þetta viðhorf endurspeglar þrálátan misskilning um mikilvægi einstakra greina fyrir verðmætasköpunina, bæði vegna örra breytinga á hagkerfinu en ekki síst vegna þess að efnahagsstarfsemi á Íslandi fer nú að miklu leyti fram á alþjóðlegum markaði.

Fjölbreyttari atvinnustarfsemi

Þegar nýleg gögn eru skoðuð fer ekki á milli mála að íslenska hagkerfið hefur tekið stakkaskiptum undanfarin tíu ár. Hagvöxtur hefur aukist og uppsprettu hans er að finna í fjölbreyttari atvinnustarfsemi en áður.



Þorsteinn Þorgeirsson

Ástæðurnar fyrir þessari umbyltingu eru margþættar en tengjast fyrst og fremst breyttu starfsumhverfi fyrir- tækja og vinnandi fólks.

Þátttaka í samrunaþróun Evrópu til góðs

Þátttaka Íslands í Fríverslunar- samningnum árið 1970 hafði mikil áhrif á efnahagsstarfsemina í landinu en ætla má að samningurinn um Evrópska efnahagssvæðið, sem jók frjálsræði í flæði vöru, þjónustu, vinnuafis og fjármagns á svæðinu, hafi haft enn meiri áhrif.

Markaðsstarfsemi héraendis varð virkari og fyrirtæki, sem brugðust rétt við aukinni samkeppni, styrktust í kjölfarið. Einkavæðing ríkisstofnana og lagfæringar á skattkerfinu styrktu einnig stoðir fyrirtækjarekstrar á Íslandi. Síðast en ekki síst hafa stóridjuframkvæmdir sett svip á uppbyggingu efnahagslífsins undanfarin ár og munu gera það í auknum mæli á komandi árum.

Hátæknigreinar í sókn

Í iðnaði hafa áhrifin komið fram í velgengni stórfyrirtækja á borð við Pharmaco, Össur, Marel og Íslenska erfðagreiningu á sviði lyfja, lækn- ingatækja, tölvustýrðra framleiðslu- tækja, líftækni og upplýsingatækni.

Hátæknigreinar iðnaðar hafa verið í mikilli sókn og hlutdeild þeirra í framlagi iðnaðar til verðmætasköpunar hefur aukist úr um 3% fyrir aðild að EES samningnum í 16% tíu árum eftir aðild. Þessi þróun er jákvæð þar sem mörg vel launuð störf verða til í þeirri starfsemi. Þá hefur þjónustustarfsemi ýmiss konar einnig verið í mikilli sókn. Íslenska hagkerfið er nú orðið mun áþekkara því sem þekkist í nágrannalöndun- um.


Lífið er fleira en fiskur

Þrátt fyrir þessa umbyltingu hagkerfisins aðhyllast sumir Íslendingar enn þá skoðun að það sé aðallega fiskurinn úr hafinu sem skapi hin raunverulegu verðmæti fyrir þjóðar- búið. Fyrir þessum misskilningi virðast vera tvær meginástæður.


Fiskauðgistefnan

Sumir trúa að verðmæti myndist aðeins af náttúrunnar hendi og að verk manna sé að sækja og vinna þau verðmæti, t.d. með fisk- veiðum, gullgreftri, kornrækt, smöl- un fjár til slátrunar, beislun vatns- afisorku til málmbræðslu eða flutningi erlendra ferðamanna til að njóta landsins. Þótt verðmæti verði vissu- lega til við þessar athafnir er rangt að nota það til að útskýra hagvöxt- inn. Slíkar ranghugmyndir má rekja aftur til 18. aldar í Frakklandi og nefndust „búauðgistefna.“ Land- búnaður var talinn hin raunverulega uppsprettu auðæfa. Aðrar greinar mannlegrar starfsemi voru ekki taldar skapa raunveruleg verðmæti, þær væru nokkurs konar afætur þeirra verðmæta sem sköpuðust í land-

Skipting verðmætasköpunar 1993



Skipting verðmætasköpunar 2002



búnaði. Enn eru ýmsir hérlendis sem aðhyllast það sem kalla má „fisk-auðgistingu“ og álykta að ekki þurfi að huga sérstaklega að starfsskilyrðum iðn- eða þjónustufyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni.

Hvað er verðmætasköpun?

Sem betur fer eru slíkar ranghugmyndir á undanhaldi. Nú skilja sífellt fleiri að verðmæti myndast í efnahagsstarfsemi hvaða nafni sem hún kann að nefnast. Eina skilyrðið fyrir verðmætasköpun er að starfsemi einstaklinga eða fyrirtækja nýti vinnukraft, þekkingu, hráefni eða tæki til að framleiða vöru eða þjónustu sem hægt er að selja með hagnaði. Þá gildir einu hvort hráefnið er fiskur, hveiti, sement, olía eða rafmagn, hvort vinnukrafturinn er vel eða lítið menntaður og framleiðslutækið veiðiskip, ofn, steypubíll eða tölvustýrð vél. Afurðin þarf aðeins að vera vara, þjónusta eða verðmæti sem aðrir eru reiðubúnir að borga fyrir á verði sem gerir betur en að borga fyrir framleiðslukostnaðinn. Munurinn á kostnaði og söluverði framleiðslunnar er þá verðmætið sem starfsemin skilar. Mikil verðmætasköpun eða hagvöxtur á Írlandi undanfarið ár hefur byggst á því að flytja inn hráefni og fjárfestingarvöru til að framleiða fullunnar vöru til útflutnings.

Eftirspurn mætt

Jafnvel enn mikilvægara er að

átta sig á að þau fyrirtæki, sem mynda verðmæti með því að mæta eftirspurn á markaði, eru að byggja upp framleiðslu-, markaðs- og viðskiptaþekkingu sem er forsenda aukinnar þátttöku á alþjóðamarkaði. Þekkingin, sem þar verður til, er grundvöllur aukinnar verðmætasköpunar með mannviti og tækninýjungum þar og í öðrum fyrirtækjum í sama geira og jafnvel í fyrirtækjum í öðrum geirum en starfsmenn færast gjarnan milli fyrirtækja. Þjóðhagslegt verðmæti markaðsfyrirtækja er því oft meira en verðmætasköpunin ein og sér sem fer fram innan veggja þeirra vegna þess að þau hafa jákvæð áhrif á árangur efnahagsstarfsemi þjóðfélagsins. Það getur því verið eðlismunur á starfsemi fyrirtækja sem stjórnast af eftirspurn og þeirra sem stjórnast af veðurfari og aflabrögðum í verðmætasköpun þjóðfélagsins. Um þessar mundir eru fyrirtæki í sjávarútvegi, sem hafa háþróaða framleiðslutækni, að verða meðvitaðari um þörfina á að láta eftirspurn á markaði stýra vöruþróuninni í ríkari mæli en aflabrögð. Það er afar jákvæð þróun.

Skipting verðmætasköpunar

Á eftirfarandi myndum er hlutdeild einstakra atvinnugreina í verðmætasköpun þjóðarbúsins sýnd árið 1993, fyrir aðild landsins að EES og tíu árum síðar. Fyrst ber að merkja að iðnaður gegnir lykilhlutverki í verð-

mætasköpun þjóðarinnar sem mörgum yfirsést. Um fimmtungur landsframleiðslunnar og starfa verður til í iðnaði. Á þeim tíu árum, sem liðin eru frá aðild að samningnum, hefur hlutur iðnaðar vaxið um tvö prósentustig en hlutur sjávarútvegs dróst saman annað eins.


Nýjar iðngreinar

Það er jafnframt eftirtektarvert að samsetning iðngreina hefur breyst mikið á þessum tíma. Tvöföldun hlutdeildar stóriðju má rekja til mikillar fjárfestingar árin 1996 til 1998 eftir að landið var orðið hluti af hinum sameiginlega markaði. Þá hefur há-tækniiðnaður eflst mikið á þessum árum. Hlutdeild upplýsingatækniiðnaðar og lyfja- og lækningatækjaframleiðslu í verðmætasköpuninni stökk úr 0,6% í 3,4%. Það að Íslendingar eru í auknum mæli að beisla tækniframfarir og skapa ný verðmæti byggð á þeim er mjög jákvætt. Eflaust hefur EES samningurinn haft áhrif á þessa þróun.

Hefðbundinn iðnaður á í vök að verjast

Mannvirkjagerð hefur vaxið eftir lægðina sem hún var í við lok síðustu niðursveiflu. Sú grein mótast af innlendri eftirspurn. Þótt alþjóðleg samkeppni hafi ekki verið eins mikil þar og í öðrum greinum iðnaðar, hafa tækniframfarir í þeirri grein verið umtalsverðar. Samdráttur í efná, málm- og skipasmíðaiðnaði má hins

Skipting útlutningstekna 1993
% hlutfati af gjaldeyriskjörum



Skipting útlutningstekna 2003*
% hlutfati af gjaldeyriskjörum



vegar rekja til erfiðrar alþjóðlegrar samkeppnisstöðu tengdri háum launakostnaði hérlendis. Fyrir vikið hefur innflutningur aukist á kostnað innlendrar framleiðslu.

Hlutur sjávarútvegs í gjaldeyrissöflun minnkar

Önnur og betur grunduð ástæða fyrir ofurtrú sumra á fiskveiðum og -vinnslu er sögulega stór hlutur sjávarafurða í öflun útlutningstekna. Við þurfum útlutningstekjur til að greiða fyrir innflutta neysluvöru og þjónustu. Vissulega er þetta rétt en aðeins svo langt og það nær. Það sem margir átta sig ekki á er að hlutur sjávarútvegs í öflun útlutningstekna fer minnkandi. Sú þróun hefur verið nær óslitin undanfarna áratugi. Hlutur sjávarútvegs var kominn niður í 37% af gjaldeyriskjörum þjóðarbúsins árið 2003 en var á bilinu 38-40% um aldamótin en um 53% árið 1993. Ástæðan er annars vegar velgengi annarra greina en hins vegar að fiskveiðar hafa dregist saman og verð sjávarafurða, sem var orðið hátt, hefur lækkaði aftur og er nú nálægt meðaltali undanfarinna ára.

Útlutningstekjur iðnaðar hafa aukist mikið

Hins vegar hefur hlutdeild iðnaðar í heild aukist úr 12% í 21% af gjaldeyriskjörum á sama tíma. Iðnaður aflar nú einnar af hverjum fimm krónum af útlutningstekjum þjóðarinnar. Hlutdeild iðnaðar hefur farið

„Það sem margir átta sig ekki á er að hlutur sjávarútvegs í öflun útlutningstekna fer minnkandi. Sú þróun hefur verið nær óslitin undanfarna áratugi. Hlutur sjávarútvegs var kominn niður í 37% af gjaldeyriskjörum þjóðarbúsins árið 2003“

vaxandi með auknum stóriðjuútlutningi. Hlutur stóriðju hefur aukist úr 8 í 13%.

Stóriðja og hátæknigreinar í sókn

Önnur iðnfyrirtæki hafa einnig verið í mikilli sókn á alþjóðlegum mörkuðum undanfarin ár. Þannig hefur útlutningur lyfja og lækningatækja aukist úr nær engu árið 1993 í 3% af gjaldeyriskjörum árið 2003 og UT - iðnaður bætir við rúmu 1%. Aðrar greinar iðnaðar skýra um 4% af útlutningstekjunum.

Þjónustutekjur hafa aukist minna

Þá hafa tekjur af þjónustugreinum aukist lítið eitt. Ferðalög skila nú um 7% af útlutningstekjum sem er aukning um eitt prósentustig en samgöngur hafa staðið í stað með um 16%. Tekjur af annarri þjónustu og launa- og fjármagnstekjum erlendis frá hafa hins vegar aukist úr 12 í 16% á síðastliðnum tíu árum.


Þrjár stoðir útlutningstekna

Þegar stóriðjuframkvæmdum verður lokið í kringum 2008 má gera ráð fyrir að iðnaður í heild muni afla einnar af hverjum þrem krónum af útlutningstekjum þjóðarinnar, til jafns við sjávarútveg og ferðaþjónustu og samgöngur.


Hátæknigreinar ný og mikilvæg tekjulind

Þótt stóriðja sé vaxandi grein má ekki líta fram hjá því að um 40% af útlutningstekjum iðngreina koma úr greinum öðrum en stóriðju. Helmingur teknanna kemur úr hinum nýju hátæknigreinum. Vöxtur útlutningstekna hátæknifyrirtækja var mestur allra greina frá gildistöku EES samningsins. Ef þessar greinar fá rétt starfsskilyrði á komandi árum, með samkeppnisfæru gengi og vaxtastigi og nægu framboði tæknimenntaðs vinnuafis, heldur vöxtur þeirra eflaust áfram. Sem slík geta þessi fyrirtæki orðið lykillinn að því að eyða stöðug-

Skipting vöruútflutnings eftir svæðum 1993
% Hlutf. af vöruútflutningi



Skipting vöruútflutnings eftir svæðum 2002
% Hlutf. af vöruútflutningi



um viðskiptahalla við útlönd. Fiskurinn, álið og ferðþjónustan hafa hingað til ekki verið þess megnug að greiða fyrir allan okkar innflutning. Meira þarf til ef við eigum að geta átt afgang af erlendum viðskiptum og lækkað erlendar skuldir þjóðarbúsins. Geri þessar nýju greinar okkur kleift að brúa bilið getur það skipt sköpum fyrir stöðugleika efnahagslífsins í framtíðinni.

Meiri viðskipti við Evrópuþjóðir

Frá gildistöku EES samningsins hafa viðskipti við aðrar þjóðir Evrópu aukist áberandi mikið. Árið 1993 fóru tæp 70% vöruútflutnings okkar til Evrópu. Þá þegar var Evrópa mikilvægasta markaðssvæði okkar vegna Fríverslunarsamningsins, sögu- og menningalegra tengsla og landfræðilegrar nándar. Þrátt fyrir það var svigrúm til að auka viðskiptin frekar og árið 2003 fóru rúm 80% af vöruútflutningi okkar þangað. Fjórar af hverjum fimm krónum í tekjur af vöruútflutningi okkar koma nú frá Evrópu. Til samanburðar koma um 11% frá Bandaríkjunum, 3% frá Japan og um 6% frá öðrum ríkjum heims. Hlutfall útflutnings til Bandaríkjanna hefur dregist mikið saman undanfarin ár. Þá má benda á að um 47% af útfluttum vörum landsmanna fara til Evru-svæðisins. Það er því ljóst að Evrópa er lang mikilvægasta markaðssvæði okkar.

Dollarinn er alþjóðamynt

Af öllum útflutningsviðskiptum okkar fara rúm 73% fram í myntum Evrópuríkja, rúm 23% fram með dollurum og 3% í jenum. Af viðskiptum með myntir Evrópuríkja voru 42% í evrum, 16% í myntum annarra Norðurlanda, 14% í breskum pundum og 1% í myntum annarra Evrópuríkja. Það að meiri milliríkja viðskipti eiga sér stað með dollara en vegna viðskipta við Bandaríkin helgast af sögulegu hlutverki hans sem alþjóðamyntar. Dollarinn hefur frá lokum seinna stríðs verið mikið notaður í milliríkja viðskiptum utan Bandaríkjanna og er notaður til að verðleggja hráefni, eins og olíu og gull, á alþjóðamörkuðum.

Evrar sækir á

Evrar er þó í auknum mæli að ryðja sér til rúms sem alþjóðamynt, t.d. í fyrrum austantjaldslöndum, við Miðjarðarhaf og í Austur-Asíu. Á næstu árum er líklegt að hlutfell evru í gjaldeyrisviðskiptum okkar fari upp fyrir 50%. Margir hagfræðingar telja það forsendu þess að geta tekið upp sameiginlega mynt að hún standi undir helmingi utanríkisviðskipta.

73% gjaldeyristekna koma frá Evrópu

Ekki eru til gögn um skiptingu gjaldeyristekna okkar eftir landsvæðum. Þó má áætla hana út frá gögnum um vöruútflutning og hlut-

deild gjaldmiðla í utanríkisviðskiptum. Þjónustuútflutningur er nú um þriðjungur útflutningstekna en tekjur af launum og fjármagni erlendis um 7%. Þar sem dollari er með hærra hlutfall í gjaldeyrisviðskiptum en vöruviðskiptin við Bandaríkin gefur það til kynna stærra hlutfall þjónustuútflutnings og annarra tekna þar. Þó þarf að draga frá hlutfell útflutnings sem fer til annarra ríkja og greiðist með dollurum. Ætla má að það skýri um 7% af hlutfell dollara í gjaldeyrisviðskiptum. Hlutfall Bandaríkjanna í þjónustuútflutningi er líklega um 20% sem er hærra en hlutfall vöruútflutnings þangað og skýrist af fjölda bandarískra ferðmanna sem koma til landsins. Þá fá Íslendingar launatekjur frá varnarlíðinu en þær eru skráðar sem laun erlendis. Líklega verður meirihluti fjármagnstekna okkar erlendis til í Bandaríkjunum. Þó má gera ráð fyrir að tekjur af samgöngum og annarri þjónustu séu að stærstum hluta til komnar í Evrópu í samræmi við yfirgnæfandi hluta vöruviðskipta okkar þar. Samanlagður hlutur tekna af útflutningi vöru og þjónustu til Bandaríkjanna og af launum og fjármagni er líklega um 17%. Niðurstaðan er samt sú að yfirgnæfandi hluti gjaldeyristekna okkar er vegna viðskipta okkar við Evrópu, eða um 73%.

Alþjóðleg samkeppni á heimamarkaði

Oft gleymist að mörg iðn- og

Þjónustufyrirtæki eru í alþjóðlegri samkeppni á heimamarkaði. Innlendur markaður er hluti af hinum alþjóðlega markaði. Þessi fyrirtæki keppa við innflutninginn. Því betur sem þeim verður ágengt, því minni verður innflutningurinn, viðskipta-hallinn og skuldasöfnun þjóðarinnar erlendis. Jafnvel þótt mörg þessara fyrirtækja noti innflutt hráefni, skapar starfsemi þeirra mikilvæg verðmæti með starfsmönnum og fastafjármunum fyrirtækisins. Slík fyrirtæki eru jafn mikilvæg fyrir þjóðarbúið og þau sem selja afurðir erlendis. Þau fyrrnefndu spara gjald-eyri en hin síðarnefndu afla gjald-eyristekna. Innlendur markaður er hluti af hinum alþjóðlega markaði.

Erfið samkeppnisstaða

Þótt samkeppnisgreinar skapi aukinn hluta af gjald-eyristekjum þjóðarinnar hefur gengi íslensku krónunnar haft mikil og neikvæð áhrif á þróun þeirra. Sjávarútvegur er ekki undanþeginn þeim áhrifum frekar en iðnaður eða ferðaþjónusta. Miklar sveiflur í raungengi krónunnar hafa haft slæm áhrif á þróun alþjóðlegra viðskipta fyrirtækja okkar. Háu raungengi, eins og núna, fylgir minni útflutningur og aukinn innflutningur og halli á erlendum viðskiptum. Að meðaltali hefur raungengið verið of hátt en það skýrir af hverju þjóðarbúið er oftast með töluverðan viðskiptahalla. Það sést best á því að jafnvel þegar raungengið lækkar mikið verður afgangurinn ekki samsvarandi mikill.

Þörf að minnka vaxtamuninn

Nú stefnir í að hágengi verði varanlegt næstu missíri. Bæði verður mikið innflæði erlends fjármagns vegna stóriðjuframkvæmda og vaxtamunur við útlönd er enn mjög mikill. Hvort tveggja hefur áhrif til að styrkja gengið. Mikilvægt er að skapa svigrúm fyrir sem lægsta vexti á komandi árum og jafnvel frekari lækkun vaxta með því að beita að-

„Á næstu árum er mikilvægt að þjóðin auki gagnsemina af EES samningnum enn frekar með auknu framboði af verk- og tæknimenntuðu starfsfólki. Öflugur iðnaður, sem byggist á hátækni og mannauði, er mikilvægur hluti af því þekkingarsamfélagi sem er að verða til hér á landi. Til að næsta kynslóð Íslendinga geti skapað ný hátekjustörf og þjóðarbúinu meiri verðmæti er nauðsynlegt að við setjum okkur skýr markmið um frekari árangur á því sviði. Á því getur oltið hvort við lítum jafn ánægð um öxl að öðrum tíu árum liðnum.“

haldi í opinberum fjármálum og nýta erlent vinnuafli til að draga úr umframeftirspurn á vinnumarkaði. Nauðsynlegt er að minnka vaxtamuninn við útlönd til að draga úr styrk krónunnar en hið háa gengi er Akkilesarhæll atvinnulífsins.

Hið nýja hagkerfi

Af ofanskráðu má draga þá ályktun að í hinu nýja hagkerfi, sem EES samningurinn hefur átt sinn þátt í að skapa, er það liðin tíð að hægt sé að

treysta á að fiskurinn í hafinu færi okkur björgina meðan verðbólga, hátt vaxtastig og gengissveiflur þjarma að samkeppnisgreinunum. Ef stjórnámálamenn vilja stuðla að fjölbreyttu atvinnulífi og háu atvinnustigi á komandi árum mega þeir ekki skorast undan þeirri ábyrgð að tryggja vaxtarsprotum framtíðarinnar viðunandi starfsskilyrði með ábyrgri stjórn opinberra fjármála meðan á stóriðjuframkvæmdum stendur.

Sameiginlegur markaður Evrópu stækkar

EES samningurinn rúmar brátt tuttugu og sjö þjóðir Evrópu. Það mun auka áhrif hans enn frekar. Tíu ný ríki ESB bæta um 5% við heildarframleiðslu sambandsins. Þá eru tekjur íbúa þessara landa aðeins um 40% af meðaltekjum sambandsins. Því er fyrirséð að meira af hefðbundinni framleiðslu mun færast til þeirra landa og kaupmáttur á svæðinu aukast með meira framboði af ódýrari vörum. Smám saman munu laun í þessum ríkjum hækka og sá þrýstingur réna. Um leið knýr þessi breyting hátekjubjóðir eins og Ísland til að sérhæfa sig enn frekar í tæknivæddri framleiðslu. Þar er samkeppnisforskot okkar mest.

Þekkingarsamfélagið er framtíðin

Á næstu árum er mikilvægt að þjóðin auki gagnsemina af EES samningnum enn frekar með auknu framboði af verk- og tæknimenntuðu starfsfólki. Öflugur iðnaður, sem byggist á hátækni og mannauði, er mikilvægur hluti af því þekkingarsamfélagi sem er að verða til hér á landi. Til að næsta kynslóð Íslendinga geti skapað ný hátekjustörf og þjóðarbúinu meiri verðmæti er nauðsynlegt að við setjum okkur skýr markmið um frekari árangur á því sviði. Á því getur oltið hvort við lítum jafn ánægð um öxl að öðrum tíu árum liðnum.

ÞAÐ ER EKKI LENGRA SÍÐAN!

Íslendingar eru vanir því að miklar breytingar gangi yfir á skömmum tíma. Þannig breyttist íslenskt samfélag úr fábrotnu bændasamfélagi í próað nútímapjódþfélag á mun skemmri tíma en gerðist hjá öðrum þjóðum. Það er þjóðareinkenni Íslendinga að ganga snöfurmannalega til verks þá loksins þeir hefjast handa.

Ómarkviss hagstjórn

Lengst af var þjóðarbúskapur Íslendinga einhæfur og sveiflukenndur. Þrátt fyrir mörg framfaraspör má segja að tímabilið frá 1961 og fram á síðasta áratug 20. aldar hafi einkennt af verðbólgu og misvægi. Ekki er lengra síðan en árið 1983 að verðbólga mældist 84% milli ára og á níunda áratugnum var verðbólga yfir 30% að meðaltali á ári. Hagstjórn var ómarkviss, yfirsýn takmörkuð og framtíðarsýn óljós.

Breyttar áherslur

Þáttaskil urðu í hagsögunni árið 1991. Þá eru stigin fyrstu skrefin í áttina að þeim stöðugleika og því frjósama rekstrarumhverfi sem við þekkjum nú og þykir sjálfsagt. Ný ríkisstjórn boðaði gjörbreyttar áherslur í stjórn efnahagsmála. Horfið var frá sértækum aðgerðum í hagstjórn og teknar upp almennar ráðstafanir. Sértækar aðgerðir voru talsvert algengar fyrir þann tíma. Þær einkenndust af beinum inngrípum opinberra aðila í rekstur einstakra fyrirtækja og byggðarlaga með tilheyrandi skuldasöfnun og óráðssíu. Í eðli sínu hafa sértækar aðgerðir í för með sér lakari nýtingu framleiðsluþátta og minni hagvöxt. Almennar



Þorsteinn M. Jónsson,
forstjóri Vífilfells hf.

aðgerðir aftur á móti mismuna ekki aðilum efnahagslífsins og skila meiri velferð. Þær fela í sér meiri aga og betri yfirsýn, markmiðin eru skýrari og leikreglurnar jafnari.

Þáttaskil

Á síðasta áratug 20. aldar var líka gripið til margvíslegra annarra ráðstafana til að efla atvinnulífið og auka samkeppnishæfni. Skattaumhverfi lagaðist til muna og verulega dró úr aðstöðumun atvinnugreina. Gildistaka EES samningsins árið 1994 markaði önnur þáttaskil í hagsögu Íslands. Gildi hans fyrir efnahagslífið verður seint ofmetið.

Árangur áherslubreytinga og markvissra vinnubragða í hagstjórn lét ekki á sér standa. Eftir stöðnun- og samdráttartímabil frá 1988 – 1993 tók við öflugt hagvaxtarskeið sem á sér vart hliðstæðu í Íslandsögunni. Aukning kaupmáttar hefur aldrei verið meiri og almenn hagsæld varð með því besta sem þekktist í heiminum. Á tíunda áratugnum var verðbólga undir 4% að meðaltali. Hann er lengsta tímabil stöðugleika frá stofnun lýðveldisins.

Styrkari stoðir

Hlutfallslegt vægi atvinnugreina

hefur breyst verulega til jöfnunar í landsframleiðslu og útflutningi. Það hefur treyst efnahagsstarfsemina til muna og dregið úr sveiflum. Nú heyrir það sögunni til að hagstjórn miðist við árferði í einni atvinnugrein eins og hún gerði jafnan. Þannig hefur stefnubreyting í hagstjórn og stöðugleikinn, sem henni fylgdi, skotið styrkari stoðum undir efnahagslífið og gert það fjölbreyttara.

Mikilvægar stjórnkerfisbreytingar á fyrsta árum þessarar aldar efldu enn forsendur fyrir farsælu efnahagslífi. Aukið sjálfstæði Seðlabankans með nýjum lögum frá 2001 gerðu honum kleift að einbeita sér að því höfuðmarkmiði að halda aftur af verðbólgu. Gengi krónunnar var jafnframt sett á flot en þó þannig að Seðlabankinn getur gripið inn í með viðskiptum á gjaldeyrismarkaði ef nauðsyn krefur. Það reyndi fyrst á agann og skýrari áherslur strax á árinu 2001. Þá kom þensluskot sem einhvern tímann hefði orðið að þrálátri verðbólgu en var nú kveðið niður með kröftugri hagstjórn. Vissulega fylgdu aukaverkanir sem reyndust mörgum þungar í skauti en stöðugleikinn hélt velli.

Ríkulegur ávöxtur

Einkavæðing hefur einnig verið mikilvægur þáttur í eflingu efnahagsstarfseminnar. Ávextir hennar eiga eftir að koma enn betur í ljós á næstu árum. Aukin samkeppni fjármálastofnana hefur t.d. þegar leitt til betri viðskiptakjara en áður hafa þekkt og leyst úr læðingi mikla endurskipulagningu og athafnaþrá.

Glæsilegur árangur íslenskra fyrirtækja á erlendri grund er einn af

EES OG ÍSLENSKUR FJÁRMAGNSMARKAÐUR

Aðild Íslands að EES-samningnum hefur haft viðtæk áhrif á íslenskt efnahagslíf. Meginmarkmið samningsins um að koma á frelsi í flutningum fjármagns, vinnuafis, vöru og þjónustu hefur fært íslenskt hagkerfi nær því að vera alþjóðavætt markaðshagkerfi en áður. Það eru ekki síst frjálsir og óhindraðir fjármagnsflutningar milli landa sem kallað hafa fram þessar breytingar. Umskiptin eru því ekki síst sýnileg á innlendum fjármálamarkaði sem hefur tekið stakkaskiptum á undanföllum áratugum.

Höftin afnumin

Afnám haft á fjármagnsflutningum á milli Íslands og umheimsins hófst í aðdraganda aðildar að EES-samningnum. Höft þessi voru að mestu afnumin í ríkjum ESB í upphafi tíunda áratugarins og fylgdu EFTA ríkin – þar með talið Ísland – með í þeirri þróun. EFTA ríkin vildu með þessu tryggja þegnum sínum jafn góðan aðgang að erlendum fjár-



Ingólfur Bender, forstöðumaður Greininger Íslandsbanka

málamörkuðum og ríki ESB. Þannig var hér á landi undir mitt ár 1990 ákveðið að afnema í áföngum flestöll höft á fjármagnsflutninga. Afnám þeirra tók nokkurn tíma en segja má að árið 1995 hafi verið búið að afnema höftin að fullu.

Með frjálsum fjármagnsflutningum fékkst ekki einvörðungu frelsi til gjaldeyrisviðskipta vegna inn- og útflutnings vöru og þjónustu, heldur einnig frelsi til fjárfestinga í atvinnurekstri, fjármagnsflutninga vegna fasteignaviðskipta, verðbréfavíðskipta, lántöku og –veitinga svo að nokkuð sé nefnt. Með frelsinu varð

því innlendir fjármálamarkaður færður í alþjóðlegt samkeppnisumhverfi eða því sem næst. Eftir stendur ótímabundið bann við fjárfestingum erlendra aðila á sviði fiskveiða og frumvinnslu sjávarafurða.

Aðlögun laga-, reglugerðar- og stofnanaumhverfis

Þetta nýja viðskiptaumhverfi kallaði á samræmingu innlendar og alþjóðlegrar löggjafar um fjármálamarkað. Þar skilaði aðildin að EES-samningnum miklu. Aðildinni fylgdi krafa um að löggjöf ESB yrði höfð til fyrirmyndar við lagasetningu á fjármálamarkaði. Í því sambandi voru t.d. sett lög um verðbréfavíðskipti, verðbréfasjóði, kauphallarstarfsemi, váttryggingarstarfsemi, viðskiptabanka og sparisjóði og aðrar lána- stofnanir.

Frjálst flæði fjármagns veitti íslenskum fyrirtækjum og athafnamönnum fjölmörg ný tækifæri til útrásar og skapaði skilyrði fyrir að-

frh. bls. 16

ÞAÐ ER EKKI LENGRA SÍÐAN! FRH

ávöxtum heilbrigðara efnahagslífs. Í lyfjaframleiðslu, smásölu, matvælaframleiðslu og í bankastarfsemi, svo að nokkuð sé nefnt, hafa orðið til stórfyrirtæki sem eiga eftir að láta enn meira að sér kveða á næstu árum. Áhugi erlendra aðila á Íslandi er annar ávinningur, bæði þeirra sem stunda hér atvinnustarfsemi og hinna sem kaupa íslensk verðbréf.

Sú mikla gróska, sem einkennt hefur efnahagslífið að undanföllum og þau óþrjótandi tækifæri sem blasa

hvarvetna við, væru varla veruleiki ef ekki hefði verið tekin upp ný stefna í hagstjórn í upphafi síðasta áratugar. Það er í raun ótrúlegt til þess að hugsa að aðeins eru þrettán ár síðan Ísland var bundið á klafa óstjórnar í efnahagsmálum og þröngrar sérhagsmunagæslu.

Viðspyrnu þarf

En verkinu er ekki lokið. Það vekur ugg að samneysla, sem hlutfall af landsframleiðslunni, skuli nú

vera mest á Íslandi í hópi OECD ríkjanna. Starfsemi hins opinbera hefur vaxið meira en góðu hófi gegnir og þar er brýnt að spyrna við fótum. Ef þessi þróun heldur áfram mun skattbyrðin aukast verulega á komandi árum þvert á boðaða stefnu í skattamálum.

Það er mjög ósennilegt að Íslendingar eigi eftir að upplifa óða- verðbólgu aftur með þeirri ringulreið sem henni fylgir. Öflug stjórnþæki og skýr hagstjórnarmarkmið gefa það fyrirheit. Því er ástæða til að líta björtum augum fram á veginn.



komu erlendra aðila að íslenskum fjármálamarkaði. Aðildin að EES-samningnum lagaði ennfremur laga-, reglugerða- og stofnanaumhverfi að þessum nýja veruleika.

Betri hagstjórn

Hið alþjóðavædda og opna umhverfi kallaði á breytingar í hagstjórn, Skapa þurfti umhverfi sem styddi innlendt efnahagslíf í hinni erlendu samkeppni. Ekki dugði lengur að fela misgerðir á bak við höft og hömlur. Opnað hafði verið fyrir dóm hins virka markaðar og ekki annað að gera en að takast á við þá samkeppni sem hann færði.

Í ríkisrekstrinum merkti þetta að hið opinbera hagræddi í rekstri sínum og beitti sér fyrir lækkun skulda samhliða því að það stuðlaði að stöðugleika í efnahagslífinu. Hið opinbera þurfti ennfremur að draga sig út úr samkeppnisrekstri með útboðum og einkavæðingu. Hér á landi var af nógu að taka í þeim efnum, ekki síst á fjármálmarkaði þar sem nokkur stærstu fyrirtækin voru í ríkiseigu. Tækifærin til að bæta stöðuna voru næg og þó að það tæki tíma þá tókst að lokum að einkavæða bankana. Með einkavæðingunni fæddist aukin samkeppni sem þegar hefur skilað sér í bættum kjörum til viðskiptavina fjármála-fyrirtækja. Eftir stendur að ríkið er enn stór aðili á lánamarkaði bæði gegnum Íbúðalánasjóð og Lánasjóð íslenskra námsmanna.

Hið nýja umhverfi kallaði einnig á breytingar í stjórn peningamála

Ljóst var að það kerfi fastgengis, sem hafði verið við lýði um hríð, fór ekki saman við frjálsa fjármagnsflutninga. Huga þurfti að öðrum leiðum og eftir nokkra umhugsun ráðamanna þjóðarinnar varð ofan á að taka upp flotgengiskerfi og setja Seðlabankanum tölusett verðbólgu-markmið. Miðað við þá kosti, sem í boði voru á þeim tíma, var án efa stigið rétt skref með þessu. Aðlög-

„Frjálst flæði fjármagns veitti íslenskum fyrirtækjum og athafnamönnum fjölmörg ný tækifæri til útrásar og skapaði skilyrði fyrir aðkomu erlendra aðila að íslenskum fjármálamarkaði. Aðildin að EES-samningnum lagaði ennfremur laga-, reglugerða- og stofnanaumhverfi að þessum nýja veruleika.“

unarhæfni efnahagslífsins var þar með aukin. Breytingunum hafa hins vegar fylgt talsverðar sveiflur í gengi krónunnar og þar með umhverfi efnahagslífsins alls og þær hafa vakið upp spurningar um hvort hér sé um fyrirkomulag að ræða sem megi búa við til lengdar. Tímunn mun einn leiða það í ljós og þá í leiðinni hvort annað betra fyrirkomulag finnst.

Innrás og útrás fjármagns og fjárfesta

Innlendir aðilar hafa nýtt sér hið alþjóðavædda umhverfi til sóknar inn á erlenda markaði. Bæði hefur þar verið um fjárfestingar að ræða og einnig sókn í erlent lánsfé. Bein fjárfesting í erlendum fyrirtækjum hefur skilað mikilli reynslu sem síðan hefur nýst í rekstri fyrirtækja hér á landi. Þá hefur eignarhald innlendra fjárfesta fengið auka áhættudreifingu með auknu vægi erlendra fjárfestinga. Á það ekki síst við um kaup innlendra lífeyrissjóða á afurðum á erlendum fjármálamörkuðum. Einkum hefur þar verið um að ræða kaup á hlutdeildarskírteinum í erlendum verðbréfasjóðum. Af þessum viðskiptum ætti að hljóta stöðugri ávöxtun á sparnaði landsmanna. Síðast en

ekki síst hefur frjálst flæði fjármagns veitt innlendum aðilum tækifæri til að afla sér lánsfjár á lægri vöxtum en bjóðast hér á landi og með breyttu umhverfi hafa lánskjörin erlendis batnað. Þetta hefur þannig bætt samkeppnisstöðu margra fyrirtækja svo að nokkuð sé nefnt.

Í kjölfar frelsis í fjármagnsflutningum og alþjóðlegs laga-, reglugerða- og stofnanaumhverfis hér á landi hafa erlendir aðilar sótt í auknum mæli inn á innlendan fjármálamarkað. Bæði hefur verið um að ræða beina fjárfestingu í innlendum fyrirtækjum og óbeina fjárfestingu í gegnum afurðir á fjármálamarkaði. Svo að dæmi sé tekið hafa erlendir aðilar keypt mikið af innlendum skuldabréfum og það hefur skilað sér í lægri innlendum langtímavöxtum en ella. Þetta hefur gagnast þeim sem hafa þurft að sækja sér langtímalánsfé inn á innlendan fjármálamarkað. Í þeirra hópi eru m.a. íbúðakaupendur.

Áhrifin seint hægt að meta til fulls

Hér hafa einungis verið rædd þau áhrif sem aðild Íslands að EES-samningnum hefur haft á innlendan fjármálamarkað og þar með hagkerfið í heild. Áhrif samningsins á innlent efnahagslíf hafa þó orðið mun víðtækari. Má þar nefna breytingar sem orðið hafa á vinnumarkaðinum, í umhverfismálum og í samkeppnimálum. Áhrif þessara breytinga á hagvöxt og hagsæld hér á landi hafa ekki verið að fullu metin m.t.t. hagvaxtar og hagsældar Sennilega verður aldrei hægt að vinna slíka greiningu með nákvæmum hætti. Engu að síður er hægt að fullyrða að aðild að EES, sem eitt sinn var mjög umdeild, hefur skilað íslensku þjóðarbúi og þjóðinni í heild miklum umbótum sem aukið hafa velmegun hér á landi. Aðildin hefur einig kennt okkur, þessari litlu þjóð, hvers virði það er að fá að búa við frjáls og óheft viðskipti við umheiminn.

STEFNUMÓTUN OG ÁHERSLU- VERKEFNI SI Á 10 ÁRA TÍMABILI

Samtök iðnaðarins tóku formlega til starfa undir nýjum merkjum 1. janúar 1994.

Á þessu ári eru því liðin 10 ár frá stofnun Samtakanna. Á slíkum tímamótum er því er ekki úr vegi að rifja upp stefnumótun og áhersluverkefni Samtakanna og skoða hvað hefur áunnist á tímabilinu.

Eitt af aðalsmerkjum stjórnar SI á hverjum tíma hefur verið að stefnumótun og forgangsröðun verkefna séu skýr. Þetta hefur veitt starfsmönnum SI ómetanlegan stuðning í daglegu starfi og er reyndar ein megin forsenda árangurs af starfsemi þeirra frá upphafi.

Víðtækt samráð

Fyrsta stefnumótun nýstofnaðra Samtaka iðnaðarins fór fram í beinu framhaldi af Iðnþingi SI 1994. Um 30 manns úr stjórn, ráðgjafaráði auk stjórnenda nokkurra lykilfyrirtækja innan SI tóku þátt í þessari vinnu. Meginvinnan fór fram á fundi í Hótel Keflavík í desember árið 1994 en unnið var úr niðurstöðum og nánari útfærslu áhersluverkefna á nokkrum fundum í kjölfarið.

Þetta var í fyrsta skipti sem formleg stefnumótunarvinna fór fram í röðum iðnaðarins með nýjum hóp- vinnuaðferðum og aðferðafræði sem fylgt hefur stefnumótunarstarfi Samtakanna upp frá því. Fjöldi starfsgreinahópa og aðila, sem tengjast Samtökum iðnaðarins, hefur einnig notið leiðsagnar Samtakanna við að nýta þessa sömu aðferðafræði en megin kostir hennar eru hversu hratt og örugglega hún skilar niðurstöðum sem góð samstaða ríkir um. Eftirfylgnin, sem fylgir í kjölfarið verður því mun hraðvirkari og markvissari



Davíð Lúðvíksson

en ella þar sem megináherslan er lögð á að þau áhersluverkefni, sem efst standa í forgangsröð, nái fram að ganga.

Skýr framtíðarsýn og forsendur

Meginniðurstöður stefnumótunarvinnunnar árið 1994 voru settar fram í framtíðarsýn, forsendum og verkefnum sem starfshópurinn raðaði í forgangsröð. Helstu þættir í framtíðarsýninni og forsendur hennar koma fram í eftirfarandi yfirliti.

Í stefnumótuninni komu fram rúmlega 100 hugmyndir að verkefnum. Þeim var svo raðað í forgangsröð að teknu tilliti til frjálsrar forgangsröðunar þátttakenda auk þess sem tengsl verkefnanna við framtíðarsýn og forsendur voru metnar. Meðal helstu áhersluverkefna, sem

Helstu fyrirsagnir í framtíðarsýninni voru:

Öflugur útflutningsiðnaður með sterk tengsl og samninga við helstu viðskiptablokkir heims
Sterk og sérhæfð fyrirtæki með trausta eiginfjárstöðu og breiða eignaraðild
Arðsöm fyrirtæki og samkeppnishæf varðandi verð, gæði, þjónustu og greidd laun
Sterk markaðsstaða og markaðshlutdeild íslensk iðnaðar á innlendum markaði
Hátt tæknistig iðnaðar og öflugur þekkingar- og tækniiðnaður
Ábyrg umhverfisstefna iðnaðar og iðnaður byggður á umhverfisvernd

Helstu forsendur þess að ná árangri voru skilgreindar á eftirfarandi hátt:

Stöðugleiki og jöfnun starfsskilyrða
Jákvætt hugarfar þjóðarinnar gagnvart iðnaði
Góð starfsskilyrði, jafnræði atvinnugreina og jákvæð pólitísk viðhorf
Sams konar skattkerfi og í ESB, svartri atvinnustarfsemi útrým
Samkeppnishæfur fjármagnsmarkaður
Fullt frelsi til fjárfestinga milli landa
Ódýr orka og hagkvæmni í samgöngum og fjarskiptum
Sveigjanlegur vinnumarkaður
Öflug vörubrúunar- og markaðsstarfsemi
Virkt mennta- og starfsfræðslakerfi
Gæði og samkeppnishæfni með aðferðum og hugmyndafræði gæðastjórnunar
SI, öflug heildarsamtök í iðnaði

Myndir úr auglýsingaherferð Samtaka iðnaðarins í framhaldi af stefnumótun 1997



Samtök iðnaðarins vilja bætt siðferði í viðskiptum



Samtök iðnaðarins vilja breyta banka- og sjóðakerfinu



Samtök iðnaðarins vilja betra skattkerfi



Samtök iðnaðarins vilja aðild að Evrópusambandinu



Samtök iðnaðarins vilja jafna sveiflur í þjóðarþúskapnum



Samtök iðnaðarins vilja meira til skiptanna

fram komu, voru veiðileyfagjald, lækkun raungengis og virðisauka-skatts, aðild að ESB, hallalaus opinber rekstur, herferð gegn svartri atvinnustarfsemi, skattahvati til fjárfestinga í atvinnulífi, bætt framkvæmd opinberra útboða, aukin gæðastjórnun hjá fyrirtækjum og hinu opinbera, öflugur þróunarsjóður iðnaðar, menntastefna m.t.t þarfa iðnaðarins og lækkun raforkuverðs til iðnaðar.

Vel skilgreind áhersluverkefni frá 1997

Í endurtekinni stefnumótunavinnu 1997 var farið yfir framtíðarsýnina og forsendurnar frá 1994 yfirfarnar án þess að gerðar væru neinar breytingar á meginmarkmiðum.

Þá var verkefnalistinn einnig endurskoðaður, staða mála endurmetin og nýjum verkefnum bætt á listann. Alls tóku um 80 manns að þessari vinnu. Niðurstöðurnar voru kynntar sérstaklega og samþykktar á Iðnþingi árið 1998. Þær voru kynntar ýmsum samstarfsaðilum SI og birtar á vef SI þar sem þær hafa verið aðgengilegar síðan ásamt öðru stefnumótunarstarfi SI.

Frá árinu 1998 hafa stjórn og ráðgjafaráð SI árlega farið yfir stöðu áhersluverkefna, bætt við nýjum og endurnýjað þau á hverju ári.

Áhersluverkefni SI hafa jafnan verið útfærð nánar og síðan hefur verið unnið ötullaga að því að koma þeim í framkvæmd.

Hver er árangurinn ?

Þegar litið er yfir verkefnalista stefnumótunar SI í ljósi sögunnar sést að mörg verkefni hafa komist í höfn og sum fyrir löngu skilað markmiðum sínum þótt önnur hafi ekki náð fram að ganga. Framgangur margra þessara verkefna er háður samstarfi við utanaðkomandi aðila og því ekki á færi Samtaka iðnaðarins einna að koma þeim í framkvæmd. Sum þeirra eru fyrst og fremst verkefni stjórnvalda og hlutverk SI þá frekar að hvetja stjórnvöld til dáða og veita aðhald og stuðning.

Meðal verkefna, sem náð hafa fram að ganga, má nefna sameiningu VSÍ og VMS í Samtök atvinnulífsins. Þá var tilkoma Nýsköpunar-

sjóðs atvinnulífsins beint svar við þeirri þörf að skapa iðnaðinum öflugan þróunarsjóð.

Aukin gæðastjórnun í fyrirtækjum og hjá hinu opinbera hefur lengi verið áhersluverkefni hjá SI. Þar hefur náðst mikill árangur og einnig hefur verið unnið að umbótum í framkvæmd opinberra útboða með allgóðum árangri þótt enn sé nokkuð í land í þeim efnunum. Þá hefur verið unnið að framleiðnimálum með margvíslegum hætti svo sem stöðugreiningu og samanburðarviðmiðum við þau fyrirtæki sem nú standa fremst í heiminum. Þá hefur verið staðið fyrir margs konar þekkingaruppbyggingu og aðgerðum sem miða að því að styrkja innviði íslenskra fyrirtækja og umhverfi þeirra til að auka samkeppnishæfni þeirra.

Í framhaldi af stefnumótunarvinnunni árið 1994 stóðu Samtök iðnaðarins fyrir mikilli auglýsingaherferð gegn svartri atvinnustarfsemi og kennitöluhoppi. Á hverju ári hafa Samtökin kynnt íslenskar framleiðslu- og þjónustuvörur, m.a. í formi sýninga, kynninga, íslenskra daga auk starfsgreinabundinna átaks- og kynningarverkefna.

Menntamálin hafa ótvírætt verið í brennidepli hjá SI bæði á starfsmenntasviði fyrir faglærða sem ófaglærða auk tæknimenntunar á háskólastigi. Hér reynir hins vegar mikið á samstarfið við stjórnvöld sem því miður hefur gengið misvel.

Verkefni í samstarfi við stjórnvöld ganga misvel

Af þeim verkefnum á listanum, sem snúa að stjórnvöldum, má nefna að nokkur breyting hefur orðið á þeim langvarandi fjárlagahalla sem einkenndi nokkuð fjármál ríkisins á árunum fyrir 1994 þótt enn skorti nokkuð á að fjármál sveitarfélaga séu í nógu góðu jafnvægi. Þá gerðu stjórnálflokkarnir umræðuna um veiðileyfagjald að sinni í aðdraganda tvennra kosninga sem endaði með tiltekinni breytingu þótt ekki hafi hún verið með þeim hætti sem Samtök iðnaðarins lögðu til á sínum tíma.

Nokkuð hefur einnig miðað í rétta átt varðandi vörugjöld og kostnaðar tengda skattheimtu. Á tímabili skiluðu skattalegir hvatar til fjárfestinga auknu fjármagni til fyrirtækja, en því miður hefur sú hvatning verið fjarlægð aftur með tilheyrandi minnkandi áhuga á skráningu iðnfyrirtækja á hlutabréfamarkaði. Jákvæð breyting hefur þó átt sér stað varðandi aukinn hvata til lífeyrissparnaðar í tengslum við skattkerfið. Einkavæðingin hefur vissulega dregið nokkuð úr einokunarstöðu ríkisins á tilteknum sviðum þótt enn sé verk að vinna á því sviði. Þá virðast raforkumálin vera í þröngum farvegi hvað varðar lækkun kostnaðar ef marka má þá umræðu sem fram fer um þessar mundir. Ekkert hefur hins vegar þokast í umræðunni um Evrópumálin og eins

og staðan er nú virðist fátt framundan sem bendir til að málin séu að þokast í þann farveg sem SI hafa lagt til um árábil, þ.e. að Íslendingar skilgreini samningsmarkmið sín í samningaviðræðum við ESB og sækji um aðild á grundvelli þeirra markmiða. Þá hefur frekar miðað í öfuga átt varðandi einföldun laga og reglugerða. Eins og fram kemur í þeim verkefnalistum, sem Samtök iðnaðarins hafa unnið að á undanförunum árum og þeim árangri sem náðst hefur, er mikilvægt fyrir iðnfyrirtæki í landinu að eiga öflugt samstarf sín á milli og kröftuga starfsemi til að koma hagsmunum og umbótamálum sínum í framkvæmd. Stjórnvöld hafa mismikinn áhuga á þeim málum sem iðnaðinum eru hugleikin og oft þarf mikið úthald og þrautseigju til að þoka málum áfram. Þótt góðir áfangasigrar vinnist bætast stöðugt ný verkefni á listann því

Eftirfarandi áhersluverkefni voru sett á verkefnalistann árið 1997:

- Sveiflujöfnun og auðlindaleiga
- Einföldun laga og reglugerða
- Aðhald í opinberum rekstri
- Skipulag og verkaskipting heildarsamtaka atvinnurekenda
- Iðnaðurinn og aðild að Evrópusambandinu
- Arðsemi ráði uppbyggingu samgöngu-, raf- og fjarskiptakerfis
- Efla samkeppni
- Skattalegir hvatar til sparnaðar og fjárfestinga
- Einfalt, hagkvæmt og skilvirkt kerfi neysluskatta
- Fleiri iðnfyrirtæki á hlutabréfamarkaði
- Agi og ábyrgð í viðskiptalífi
- Sameining og samstarf
- Aukin markaðshlutdeild íslenskrar vöru og þjónustu
- Framkvæmd opinberra útboða
- Efla rannsóknarstofnanir atvinnuveganna og laga að þörfum iðnfyrirtækja
- Samstarfsvettvangur um þróunar- og markaðsmál
- Sköpun nýrra tækifæra í iðnaði
- Menntastefna með tilliti til þarfa iðnaðarins
- Sí- og endurmenntun
- Aukin gæðastjórnun hjá fyrirtækjum
- Aukin skilvirkni og hagræðing í allri eftirlitsstarfsemi
- Lækkun raforkuverðs til iðnaðar
- Átak til framleiðni
- Umhverfismál

að umhverfi og aðstæður iðnaðarins breytast hratt bæði vegna eigin þróunar og breytinga í starfsumhverfi á innlendum og alþjóðlegum vettvangi.

Hver er framtíðin?

Miklar breytingar hafa átt sér stað í samsetningu og þróun iðnaðarins á undanförunum 10 árum og ljóst er að þær verða engu minni á næstu 10 árum. Því er orðið tímabært að móta nýja framtíðarsýn og skilgreina á ný forsendur árangurs fyrir iðnaðinn til næstu 10 ára. Stjórn Samtaka iðnaðarins hefur ákveðið að hefja þá vinnu í framhaldi af Iðnþingi 2004. Það verður bæði forvitnilegt og spennandi að sjá hvaða framtíðarmynd verður dregin upp af stöðu iðnaðarins á komandi árum og hvaða nýjar forsendur og áhersluverkefni verða í brennidepli í þeirri mynd.



MIKILVÆG STEFNUMÁL SAMTAKA IÐNAÐARINS

ÁHERSLUR STJÓRNAR OG RÁÐGJAFARAÐS

Að venju tók ný stjórn stefnumál og verkefni SI til endurskoðunar skömmu eftir Iðnhþing 2003. Tilgangurinn er að hafa ávallt skýrar línur í starfinu til þess að vinna félagsmönnum og iðnaðinum í landinu sem mest og best gagn. Hér verður stíkl- að á þeim málefnum sem mikilvæg- ust þóttu:

Samræmd efnahagsstjórn næstu fjögur ár

Koma þarf í veg fyrir að fyrirsjá- anleg þensla næstu ára vegna stóriðju- og virkjanaframkvæmda ryðji samkeppnisfyrirtækjum út af markaði. Stefna verður að því að vextir á Íslandi verði sambærilegir vöxtum í nágrannalöndunum og að gengi íslensku krónunnar tryggi raunhæfan rekstrargrundvöll útflutn- ings- og samkeppnisgreina.

SI öflugur þrýstihópur um góð starfsskilyrði

Vinna þarf að því að koma sjón- armiðum SI á framfæri og hafa áhrif á almenn viðhorf í þjóðfélaginu og stefnu stjórnvalda. Fræða þarf al- menning, stjórnámálmenn og fréttá- menn betur um hvernig íslenskt at- vinnulíf er samsett. Taka verður saman upplýsingar til að sýna rétta mynd af stöðu Íslands í samfélagi þjóðanna, t.d. varðandi vexti, gengi og útflutning.

Efling verkmenntunar - Menntamál í framhalds- skólum

Efla þarf verkmenntun og aðra menntun í framhaldsskólum. Brottfall



Sveinn Hannesson

„Samtök iðnaðarins hafa margoft bent á nauðsyn þess að hverfa frá tvöföldu kerfi neysluskatta með því að leggja af hið séríslenska kerfi umfangsmikilla vöru- gjalda á daglegar neyslu- vörur meginþorra lands- manna.“

úr framhaldsskólum er sérstakt áhyggjuefni. Athuga verður hvort nýta megi árangursmælingar svip- aðar þeim sem notaðar eru í iðn- fyrirtækjum í framhaldsskólum - s.s. ánægjuvög og hagnýt viðmið. Efla verður skilning stjórnvalda og al- mennings á gildi iðn-, verk- og tæknimenntunar.

Aðildarviðræður við ESB - Upptaka evru

Vinna þarf markvisst að því að kanna forsendur og skilyrði þess að Ísland gangi í ESB. Evra verði fram-

tíðargjaldmiðill á Íslandi. Ná þarf samstöðu meðal ríkisvaldsins, hags- munaaðila og almennings um að ræða framtíðartengsl Íslands og ESB. Samtök iðnaðarins eiga að halda áfram að stuðla að upplýstri umræðu um ESB aðild.

Öflugur tækniþróunar- sjóður - Öflugur Nýsköpunarsjóður

Efla verður nýsköpunar- og frum- kvöðlastarf sem býr því miður við fjársvelt. Tryggja þarf tilurð og tilvist öflugss tækniþróunarsjóðs með árlegu tveggja milljarða króna framlagi til að styðja við nýsköpun og þróun í íslenskum iðnaði og nýsköpunarfyrir- tækjum. Nýsköpunarsjóður þarf aukið fjármagn og traustari starfs- grundvöll en nú er til að dreifa til að geta áfram sinnt því hlutverki sem honum er ætlað.

MIKILVÆG MÁL

Margt í starfi Samtaka iðnaðarins hefur almenna skírskotun og varðar alls ekki iðnaðinn einan. Iðnaðurinn skípar mikilvægan sess í atvinnulífi þjóðarinnar og flest bendir til þess að hann muni í vaxandi mæli standa undir velferð Íslendinga í framtíðinni. Hér verður drepíð á þrjú mál af þessu tagi.

Skattamál

Samtök iðnaðarins hafa margoft bent á nauðsyn þess að hverfa frá tvöföldu kerfi neysluskatta með því að leggja af hið séríslenska kerfi um- fangsmikilla vörugjalda á daglegar neysluvörur meginþorra lands- manna. Vörugjöld eru enn lögð á byggingarefni á borð við lagnaefni,

gólfefni og hreinlætistæki. Það er með öðrum orðum talin sérstök ástæða til að skattleggja munaðarvörur á borð við baðker, klósett og gólfduka. Eftir því sem næst verður komist er Ísland einasta ríki OECD sem skattleggur byggingarefni með þessum hætti.

Í útgjöldum íslenskra heimila vega vörugjöld af matvælum þungt. Mikið hafa menn velt því fyrir sér hvers vegna matvælaferð hér á landi er svo miklu hærra en í nágrannalöndunum en afar sjaldan er rætt um vörugjöld í því sambandi. Lausleg athugun, byggð á neyslukönnun Hagstofunnar sýnir að nálægt 17% af útgjöldum vísitöluþjónskyldunnar mátti rekja til kaupa á matvælum. Þar af eru vöruflokkar sem bera vörugjöld um 6% eða um 35%. Þar með er því miður ekki öll sagan sögð.

Þegar matarskatturinn svokallaði (14% virðisaukaskattþrep) var tekinn upp, var illu heilli ákveðið að sælgæti, sykur, kakó og flestar drykkjarvörur skyldu áfram bera 24,5% virðisaukaskatt sem að sjálf-sögðu reiknast ofan á verð vörunnar með vörugjaldi. Þessi skipting í æðri og óæðri matvæli hefur auðvitað alls konar einkennilegar afleiðingar eins og til dæmis að íslenskt vatn án sykurs, sem sett er á flösku, er skattlagt með 8 kr. vörugjaldi á lítra og síðan með 24,5% virðisaukaskatti.

Nú er til umræðu að lækka virðisaukaskatt af matvælum. Fyrsta skrefið í þeirri breytingu ætti að vera að feta í fótspor Svía sem lagt hafa af sérstaka vörugjaldtöku á óáfenga drykki og sætindi. Svíar og aðrar Norðurlandþjóðir skattleggja einnig allt sem ætt er í einu og sama virðisaukaskattþrepi. Það er einföld og framkvæmanleg regla. Það er gersamleg úr takt við tímenn að skattfyrirvöld á Íslandi stjórni því með skattlagningu hvað landsmenn borða.

„Stefna ber að því að Nýsköpunarsjóður verði hreinræktaður áhættufjárfestir sem fjárfestir í vænlegum nýsköpunarfyrirtækjum framarlega á fjármögnunarferlinum en hætti styrkja- og lánastarfsemi.“

Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins

Samtök iðnaðarins bera hag Nýsköpunarsjóðs atvinnulífsins fyrir brjósti enda varð hann til með samkomulagi ríkisins, iðnaðar og sjávarútvegs þegar fjárfestingarlánasjóðir þeirra atvinnugreina voru lagðir niður. Þeir sjóðir höfðu orðið til með áratuga sérstakri skattlagningu á þær atvinnugreinar. Ríkið fékk í sinn hlut Fjárfestingarbanka atvinnulífsins sem það einkavæddi með ágætum hagnaði en atvinnulífið fékk, ef svo má segja, Nýsköpunarsjóð í sinn hlut því að svo var búið um hnúta að fulltrúar atvinnulífsins fara þar með meirihluta í stjórn. Með þeim hætti hefur ríkisvaldið viðurkennt í verki að hagsmunir sjóðsins og atvinnulífsins séu tengdir órjúfanlegum böndum.

Nýsköpunarsjóður hefur staðið frammi fyrir verulegum erfiðleikum vegna fjárskorts því að reynslan hefur leitt í ljós að fjárfestingar í nýsköpunarfyrirtækjum eru 8 til 12 ár að skila sér ef fyrirtækjunum tekst á annað borð að ná verulegum árangri. Nýsköpunarsjóður hóf hins vegar starfsemi árið 1998 og á því enn langt í land með að sjá árangur síns erfiðis. Þá er að koma í ljós að það er óheppilegt að sjóður á borð við Nýsköpunarsjóð eigi jöfnum höndum að vera áhættufjárfestir, styrk-, lán- og ábyrgðarveitandi á sama tíma og honum er gert að varðveita eigið fé sitt og nota ávöxt-

un þess og langtíma áhættufjárfestinga til þess að standa undir starfsemi sinni og fjárfestingum. Það er tímabært að taka stefnu sjóðsins til rækilegrar endurskoðunar og jafnframt að stjórnvöld horfist í augu við það að nýsköpun krefst fjármagns og þolinmæði. Stefna ber að því að Nýsköpunarsjóður verði hreinræktaður áhættufjárfestir sem fjárfestir í vænlegum nýsköpunarfyrirtækjum framarlega á fjármögnunarferlinum en hætti styrkja- og lánastarfsemi. Þar eiga aðrir aðilar að hafa hlutverki að gegna.

Menntamáli

Kröfur til menntunar og hæfni þeirra, sem starfa í iðnaði, fara vaxandi og helst sú þróun í hendur við þær breytingar sem eiga sér stað í iðnaðinum. Þar hafa verið að ryðja sér til rúms greinar sem framleiða vörur sem byggjast á hátækni og hugviti vel menntaðs starfsfólks. Flest bendir til þess að iðnaður af þessu tagi muni standa undir æ stærrri hluta velferðarinnar. Samtímis á mannaflsrekur lágtækniiðnaður í vök að verjast og störfum fyrir lítt eða ómenntað starfsfólk fækkar að sama skapi.

Þessi þróun endurspeglast í starfi Samtaka iðnaðarins sem hefur í vaxandi mæli snúist um það að efla iðntækni- og verkfræðimenntun í landinu. Þar þarf að lyfta Grettistaki til þess að iðnaðurinn fái það starfsfólk sem hann þarfnast til þess að geta eflst og dafnað héraendis og íslenskt vinnuafli standist erlendu snúning. Yfirvöld menntamála hafa haft takmarkaðan skilning á þessu og það hefur leitt til þess að slíkt nám hefur að mörgu leyti orðið hornreka. Vísbendingar eru um að hér sé að verða breyting á og Samtök iðnaðarins telja sig eiga talsverðan þátt í því. Við verðum með öllum ráðum að koma í veg fyrir að skortur á verk- og tæknimenntuðu fólki hamli vexti og viðgangi iðnaðarins á næstu árum.

SAMKEPPNISSTAÐAN Í BRENNIDEPLI

EFNAHAGSLEG STARFSSKILYRÐI IÐNAÐARINS

Árið 2003 beittu Samtök iðnaðarins sér fyrir umræðu um erfiða stöðu íslenskra iðnfyrirtækja í alþjóðlegri samkeppni og mikilvægi þess fyrir þjóðarbúið að þeim séu sköpuð viðunandi starfsskilyrði.



Þorsteinn Þorgeirsson

Slæm samkeppnisstaða

Í janúar var fjallað um áhrif hás raungengis krónunnar á erlend viðskipti en það hefur áhrif til að draga úr útflutningi og auka innflutning. Þegar flestir spáðu litlum viðskiptahalla var varað við því að með vaxandi innlendri eftirspurn á árinu gæti viðskiptahallinn orðið 4% af landsframléiðslu. Nýjar tölur benda til að viðskiptahallinn hafi orðið rúm 4% árið 2003. Þetta staðfestir að samkeppnisstaðan er aftur orðin slæm.

Of mikið aðhald í peningamálum

Fjallað var um mikið aðhald í peningamálum í forsiðufrétt í janúarhefti Íslensks iðnaðar. Áhrif hárra innlendra vaxta á gengið, aðhaldsáhrif hins háa gengis og þörf á frekari vaxtalækkun voru gerð að umtalsefni. Samtök atvinnulífsins og önnur aðildarfélag þess tóku undir áhyggjur af þróun peningamála viku síðar og Morgunblaðið sló því upp á forsiðu.

Ekki nægileg lækkun vaxta

Seðlabankinn lækkaði vexti í byrjun febrúar í 5,3%. Skoðun SI var að miðað við hátt gengi krónunnar og slaka í efnahagslífinu þyrftu vextir að lækka í 4-4,5%. Sú skoðun var áréttuð í ágúst. Erlendir vextir héldu áfram að lækka og vaxtamunur við

„Há laun og hátt gengi gera samkeppnisstöðuna afar slæma. Nýfstaðin lækkun tekjuskatta á fyrirtæki og lágir erlendir vextir laga stöðuna eitthvað á mót. Ekki er borð fyrir báru ef vextir erlendis hækka á komandi árum og gengið lækkar. Það mun þrengja að skuldsettum fyrirtækjum. Því er lítið svigrúm til launahækkana á komandi missirum.“

útlönd jókst. Þá höfðu væntingar um aukið innstreymi fjármagns tengt stóriðjufjárfestingum einnig áhrif á að gengið hélt hátt - þrátt fyrir mikil gjaldeyriskaup Seðlabankans. Samkeppnisstaðan hélt því erfið. Innlend eftirspurn, sem var ekki mikil framan af, tók kipp á síðari hluta ársins þegar áhrifa virkjanaframkvæmda fór að gæta í auknum mæli.

Þörf á samræmdri hagsstjórn

Samtök iðnaðarins héldu opinn fund um hátt gengi krónunnar í júní. Niðurstaða frummælenda var að meira aðhald þyrfti í opinberum fjármálum til að skapa svigrúm þannig að vextir og gengi krónunnar gætu orðið með lægsta móti. Í ágúst lét Geir Haarde sömu skoðun í ljós á fundi með samtökum atvinnulífsins og iðnaðar á Norðurlöndunum. Í fjárlagafrumvarpi fyrir árið 2004 komu fram áform um hóflegt aðhald í ríkisútgjöldum. Samtök iðnaðarins bentu á tilhneigingu til þenslu útgjalda í meðförum þingsins, í svokölluðum fjárukalegum. Slík þróun væri ógn við stöðugleikanum á komandi árum með því að þrýsta upp vöxtum Seðlabankans og gengi krónunnar. Varað var við hættunni af langvarandi háu vaxtastigi sem gæti leitt til gengiskollsteypu síðar. Það sem af er fjárlagaári hefur ríkisstjórnin haldið útgjöldum innan þeirra marka sem ráð var fyrir gert í frumvarpinu.

Nýja hagkerfið - Fjölbreyttur og umfangsmikill iðnaður

Á haustmánuðum var lögð áhersla á öflun nýlegra gagna um framlag iðnaðar til íslensks efnahagslífs. Leitað var til Hagstofunnar, sem tók við gagnavinnslu Þjóðhagsstofnunar, með framreikning til ársins 2002 á hlutfalli einstakra greina í verðmætusköpun atvinnulífsins. Gögnin voru afhent í febrúar 2004. Í millitíðinni voru niðurstöður rannsókna SI kynntar í grein um „Nýja hagkerfið“ í nóvember 2003. Þar var bent á aukna fjölbreytni í starfsemi iðn-



Tafla: Þjáðhagsvirkni*

M.kr.	Hagvöxtun frá fyrra ári, %			Íbúðir af launþrættastöðu			
	2002	2003	2004	2002	2003	2004	
Írlandseyða	418,3	5,0	2,6	3,5	35,0	35,3	35,3
Serveya	199,8	4,0	3,0	2,0	26,4	26,2	25,9
Þýðungarmyndun	146,8	10,5	10,7	7,3	20,7	21,9	22,5
Stærðjafningur	13,2	10,5	22,0	10,8	3,5	5,2	5,9
Atvinnuvegfi, ónær	86,4	5,7	7,5	6,0	6,3	6,7	6,9
Fjárfest. í iðnaðarinn	37,4	3	4,2	2,7	4,7	4,8	4,8
Fjárfest. í hús og öðrum	20,7	10,5	10,0	3,5	4,2	3,2	3,5
Þjáðhagsvirkni, all	763,6	6,7	3,5	4,3	102,5	103,1	103,7
Útlitun, vörur og þjón.	309,0	-0,5	5,5	1,5	35,4	36,2	35,8
Ínfektun, vörur og þjón.	293,7	10,8	6,7	3,2	37,8	39,3	39,5
Vörur launþrættastöðu	778,0	2,5	3,0	3,5	100,0	105,0	105,0
Vörur og þjónustugjafir	15,3	-2,5	-1,1	-3,7
Ínfektun þjónustugjafir	-10,9	-1,7	-2,0	-2,5
Vörur og þjónustugjafir	-0,4	-1,2	-1,2	-0,3
Þjáðhagsvirkni	762,1	3,0	2,5	3,0	98,3	98,0	97,5

fyrirtækja með vaxandi hlutdeild þeirra í öflun útflutningstekna og verðmætasköpunar í kjölfar EES samningsins. Áhersla var lögð á mikilvægi þess að tryggja iðnaðinum, ekki síst sprotafyrirtækjum, viðunandi starfsskilyrði á komandi árum.

STAÐA OG HORFUR Í EFNAHAGSMÁLUM

Uppsveifla varð í efnahagslífinu á Íslandi og víða um heim árið 2003. Stór hluti iðnaðar naut góðs af aukinni innlendra eftirspurn en samdráttar varð enn vart í öðrum greinum. Úrbætur voru gerðar í efnahagsstjórninni með boðuðu auknu aðhaldi í ríkisfjármálum til að skapa Seðlabankanum svigrúm til að halda vöxtum eins lágun og mögulegt er. Vegna áhrifa vaxtastigsins á gengið eiga iðnaðurinn og aðrar samkeppnisgreinar mikið undir að stjórnvöld fylgi þeirri stefnu á komandi árum.

Alþjóðleg niðursveifla að baki

Uppsveiflan fyrir síðustu aldamót einkenndist af offjárfestingu, sérstaklega í hátæknigreinum. Á vor mánuðum 2000 urðu fjárfestar svartstýnni og hlutabréf tóku að falla hratt í verði. Í kjölfarið tók hagvöxtur í stærstu hagkerfum heims að dragast saman.

Óvissu eytt

Hryðjuverkaárásirnar á haustmánuðum 2001 juku óvissu í hinum

alþjóðlega markaðsbúskap. Framtíð alþjóðavæðingar var ógnað, einnig með stríðsátökum í Afganistan og Írak. Eftir fall ógnarstjórna Talibana og Saddams Hussein má þó segja að öldurnar hafi tekið að lægja. Hluta-bréfaferð víða um heim hækkaði í kjölfarið með auknum væntingum um arðsemi í fyrirtækjarekstri.

Bandaríkin í fararbroddi

Eftir tímabil óstöðugleika byrjaði viðsnúningur í alþjóðlegu efnahagslífi árið 2003. Hagvöxtur í Bandaríkjunum tók kröftuglega við sér þegar líða tók á árið og er áætlaður að verða 3% fyrir árið í heild. Það hjálpaði að stýrivextir í Bandaríkjunum voru 1% og að afkoma ríkissjóðs Bandaríkjanna snerist í mikinn halla.

Skipulagsvandamál hrjá stór ríki Evrópu

Þrátt fyrir 2% stýrivexti Evrópska seðlabankans varð hagvöxtur á Evru-svæðinu aðeins 0,5% árið 2003. Í Þýskalandi drógu úreltar vinnu- og launreglur og há laun- tengd gjöld kraftinn úr atvinnusköpun og hagvexti. Frakkland hefur átt við svipuð vandamál að etja. Hátt gengi evrunnar dró einnig úr hagvextinum. Hægur vöxtur leiddi til þess að mörg ríki áttu erfitt með að uppfylla skilyrði Stöðugleika- og hagvaxtarsáttmálans um að halda fjármálahláða innan við 3% af landsframleiðslu. Á Ítalíu var gengi lírunar endurtekið fellt til að viðhalda samkeppnisstöðunni. Með evrunni

hvarf möguleikinn fyrir slíkar verðbólguhvetjandi skammtímaaðgerðir. Þar er nú þörf á að takast á við kerfisbreytingar.

Norðurlöndin og Bretland betur sett

Annars staðar á Norðurlöndum hefur efnahagsástandið verið ívið skár. Hagvöxtur varð um 1% í Danmörku, Finnlandi, Noregi og Svíþjóð. Vextir hafa lækkað mikið í Noregi vegna hins háa gengis norsku krónunnar og lítillar verðbólgu. Í Bretlandi varð hagvöxtur 3% þrátt fyrir hátt vaxta- og gengisstig. Ástandið þar segir sitt um kraftana sem frjáls markaðsbúskapar leysir úr læðingi.

Japanska hagkerfið að rétta úr kútnum

Efnahagslífið í Japan hefur smám saman rétt úr kútnum eftir langvarandi bankakreppu og varð hagvöxtur þar um 2,5% árið 2003. Stýrivextir japanska seðlabankans hafa um langt árablið verið þeir lægstu í heimi eða 0% og fjárlagahallinn þar hefur verið mikill í mörg ár.

Hagvexti spáð að aukast alþjóðlega

Útlit er fyrir 2% hagvöxt á Evru-svæðinu og í Japan árið 2004. Hagvexti í Bretlandi og á Norðurlöndum er spáð að verða ívið meiri eða um 3%. Þá er gert ráð fyrir 4% hagvexti í Bandaríkjunum. Alþjóðaverslun er talin aukast enn hraðar.

Mikil sveifla í innlandri eftirspurn og erlendri skuldaföfnun



Hæg uppsveifla hérlendis

Horfur í íslensku efnahagslífi tóku að glæðast árið 2003 eftir djúpan samdrátt í innlandri eftirspurn. Viðsnúningurinn í innlandri eftirspurn varð mikill þegar líða tók á árið. Þjódarútgjöld fyrir árið í heild jukust nær 7% vegna aukinna atvinnuvega-fjárfestinga og meiri einka- og samneyslu. Aukinn halli á vöru- og þjónustujöfnuði varð hins vegar til þess að landsframleiðslan jókst mun hægar eða 2,5%. Samdráttur varð í sjávarafli og afurðaverð lækkaði á erlendum mörkuðum. Einnig dró hátt gengi krónunnar úr útflutningi og veltu samkeppnisgreina. Á hinn bóginn leiddi aukinn kaupmáttur landsmanna erlendis til meiri innflutnings. Spáð er vaxandi hagvexti næstu árin en að misvægi í erlendum viðskiptum aukist.

Aukin fjárfesting en vaxandi misvægi

Hlutfall fjárfestinga af landsframleiðslunni mun hækka talsvert vegna stóriðjufjárfestinga á komandi árum. Það er jákvætt og mun skila landsmönnum auknum útflutningstekjum þegar fram í sækir. Um leið er fyrir séð að skuldir þjódarbúsins aukast meðan þjódarútgjöld eru meiri en þjódartekjur. Slíkt misvægi kallar á rétt viðbrögð í efnahagsstjórninni á komandi árum til að forðast sveiflur í efnahagslífinu, sérstaklega þegar sér fyrir endann á stóriðjuframkvæmdunum.


Aukið atvinnuleysi og minni verðbólga

Atvinnuleysi var 3,5% af vinnuafinu árið 2003 og slaki myndaðist í hagkerfinu. Samningsbundin laun héldu áfram að hækka en dró úr launaskriði. Vísitala neysluverðs hækkaði um 2,1% samanborið við 5,3% árið áður. Hátt gengi krónunnar hjálpaði einnig við að halda aftur af verðhækkunum. Verðbólgan varð því undir verðbólguþröskulmiði Seðlabanka Íslands. Horfur eru á vaxandi verðbólgu næstu árin í takt við minnkandi slaka og síðan aukna spennu í efnahagslífinu þegar stóriðjufjárfesting kemst á fulla ferð.

Óhófleg kaupmáttaraukning

Laun hækkuðu miklu meira en verðbólga í síðustu uppsveiflu, sérstaklega hjá opinberum starfsmönnum og bankamönnum. Árin 1995 til 2003 jókst kaupmáttur þeirra um 63% en um 30% á almennum markaði. Í alþjóðlegu samhengi er 39% kaupmáttaraukning á Íslandi margföld í samanburði við 8% kaupmáttaraukningu á OECD svæðinu í heild og langt umfram mikla kaupmáttaraukningu í Noregi. Launahlutfallið á Íslandi, sem er með því hæsta í heiminum, þrengir að arðsemi fyrirtækja. Há laun og hátt gengi gera samkeppnisstöðu þeirra afar slæma. Nýafstaðin lækkun tekjuskatta á fyrirtæki og lágir erlendir vextir laga stöðuna eitthvað á

Kaupmáttarþróun 1995 til 2003: alþjóðlegur samanburður




móti. Ekki er borð fyrir báru ef vextir erlendis hækka á komandi árum og gengið lækkar. Það mun þrengja að skuldsettum fyrirtækjum. Því er lítið svigrúm til launahækkana á komandi missirum.

Vextir og gengi enn of há

Stjórn peningamála hefur verið aðhaldssöm undanfarin ár. Að hluta til helgast það af því að virkni vaxtastigsins hefur minnkað með greiðari aðgangi landsmanna að erlendu fjármagni og misvægi í erlendum viðskiptum vegna mikilla launahækkana og fastgengisstefunnar. Þá bitnar vaxtataekið mest á heimilum og fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni. Heimilin finna fyrir háum vöxtum í afborgun lána og fyrirtækin eiga erfitt uppdráttar vegna hárs raungengis. Þótt vextir hafi verið lækkaðir undanfarin missiri hafa erlendir vextir lækkað meira og vaxtamanurinn haldist mikill. Þá eru væntingar um að gengi krónunnar haldist hátt á komandi missirum vegna innflæðis fjármagns vegna stóriðju og virkjanafarmkvæmda. Það ástand laðar að ódýrt lánsfjármagn erlendis sem ýtir undir þenslu og spennir upp gengið frekar sem eykur ytra misvægi. Besta leiðin til að koma í veg fyrir kollsteypu er aukið aðhald í opinberum fjármálum.

Hóflegt aðhald í ríkisfjármálum

Gangi áform fjárlagafrumvarps fyrir 2004 eftir mun aukinn afkomu-



bati í ríkisfjármálum draga úr innlendri eftirspurn. Það styður við peningastefnuna með því að auka svigrúm Seðlabankans til að halda vöxtum eins lágum og mögulegt er. Lágir vextir draga úr þrýstingi á gengi krónunnar. Þar sem reynsla undanfarinna ára hefur verið sú að afkoma ríkissjóðs versnar þegar líður á fjárlagaárið liggur mikið við að halda aftur af aukningu opinberra útgjalda til að hóflegur afkomubati, sem lagt var upp með í fjárlagafrumvarpinu, skili sér. Að öðrum kosti þarf Seðlabankinn að halda vöxtum hærrí en ella.



Raunvöxtur veltu í iðnaði er áætlaður að hafa verið um 8% árið 2003. Ástandið í einstökum iðngreinum hefur þó verið misjafnt. Velta í jarðefna- og byggingariðnaði, sem dróst saman um 17% árið 2002, tók myndarlega við sér árið 2003 og jókst um 15%, m.a. vegna þess að stóriðju- og virkjanaframkvæmdir jukust þegar líða tók á árið. Eftir stöðnun í veltu matvælaíðnaðar árið 2002 varð 4% raunvöxtur árið 2003. Mikil aukning einkaneyslu skýrir það. Velta í hefðbundnum framleiðslu- iðnaði, eins og efnaiðnaði, veiðarfæra-gerð, prentiðnaði, pappírsgerð og málm- og skipasmíðiðnaði, var óbreytt á milli ára eftir að hafa dregist saman um 6% árið áður. Hátt gengi krónunnar heldur þannig áfram að gera mörgum fyrirtækjum í alþjóðlegri samkeppni á heima- markaði erfitt fyrir. Ástandið í hátækni- og þjónustuiðnaði var ágætt og þar jókst veltan um 10% frá fyrra ári, aðallega vegna aukinnar veltu í lyfjaframleiðslu til útflutnings.

Utanríkisviðskipti

Raungengi krónunnar - sem er samanburður á launakostnaði hér og erlendis í sameiginlegri mynt - hélt hátt árið 2003 og afgangur í erlendum viðskiptum snerist í halla. Hallinn varð meiri en flestir bjuggust við. Innflutningur varð meiri vegna vaxandi innlestrar eftirspurnar. Þá varð hátt raungengi til að draga úr útflutningi samkeppnisgreina og fiskafinn varð minni en búist var við.

Nýtt tímabil hágengis frá miðju ári 2002 hefur haft áhrif til að draga úr útflutningi á iðnaðarvörum. Þetta sést á meðfylgjandi mynd. Útflutningur á föstu gengi - án áhrifa gengisbreytinga á útflutningsverðmætið - hefur dregist saman í öllum greinum iðnaðar hvort heldur er ál-, hátækni eða annar iðnaður. Fyrirtæki eru í auknum mæli að færa framleiðsluna úr landi. Aðallega er um að ræða störf sem krefjast ekki mikillar menntunar.

Iðnaður á undir högg að sækja

Iðnaðurinn hefur lengi átt undir högg að sækja sem samkeppnisgrein vegna hás raungengis krónunnar.

Uppsveifla hafin í sumum greinum iðnaðar

Þrátt fyrir erfiða samkeppnisstöðu tók innlend velta iðnaðar að taka við sér eftir um 7% samdrátt árið 2002.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUNARMÁL

Í umræðunni um starfsskilyrði nýsköpunar og þróunarstarfsemi í atvinnulífinu hafa ný lagfrumvörp, sem urðu að lögum á síðasta ári um Vísinda- og tækniráð, Rannsóknasjóð og Tækniþróunarsjóð, verið ofarlega á baugi. Markmið lagaþrennunnar „um opinberan stuðning við vísindarannsóknir,“ „um Vísinda- og tækniráð“ og „opinberan stuðning við tækniþróun og nýsköpun í þágu atvinnulífsins“ er að efla vísindarannsóknir, vísindamenntun og tækniþróun í landinu í því skyni að styrkja stoðir íslenskrar menningar og auka samkeppnishæfni atvinnulífsins. Lög in kveða m.a. á um starfsemi Rannsóknasjóðs og Tækjasjóðs annars vegar og Tækniþróunarsjóðs hins vegar. Þá er í þeim frumvörpum komið inn á skipulag þjónustumiðstöðva fyrir vísindarannsóknir og nýsköpun.

Alvarlegt ástand í fjármögnun sprotafyrirtækja

Á sama tíma hefur fjármögnun sprotafyrirtækja verið í mikilli óvissu. Samtök iðnaðarins stóðu fyrir fundi um málefni sprotafyrirtækja í október á sl. ári. Þar var m.a. samþykkt eftirfarandi ályktun:

„Alvarlegt ástand ríkir um þessar mundir á Íslandi í fjármögnun sprotafyrirtækja. Á stuttum tíma hafa einkaaðilar, lífeyrissjóðir og fjárfestingarfélög stærrí fyrirtækja dregið sig út úr fjárfestingu í sprotafyrirtækjum. Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins hefur einnig þurft að draga verulega úr áhættufjárfestingu sinni vegna fjárskortis. Á sama tíma hafa sjóðir Rannís stadið í stað þrátt fyrir verulega fjölgun einstaklinga og



Davíð Lúðvíksson

„Alvarlegt ástand ríkir í fjármögnun sprotafyrirtækja. Vonir stóðu til að tilkoma nýs Tækniþróunarsjóðs myndi bæta nokkuð úr þessu. Nú er hins vegar ljóst að framlög til hans mæta aðeins að litlum hluta þeirrar þarfar sem við blasir og fyrirheit um framtíðaraukningu koma að litlu gagni fyrir þau sprotafyrirtæki sem nú berjast fyrir lífi sínu.“

fyrirtækja með vænleg rannsóknar- og þróunarverkefni. Það má því segja að farvegur áhættufjármögnunar á Íslandi hafi þornað upp. Starfsskilyrði lítilla sprotafyrirtækja, sem byggjast á rannsóknar- og þróunarstarfi, hafa því snarversnað.

Afleiðingin getur orðið sú að mörg

álitleg sprotafyrirtæki, sem annars eiga góða möguleika á að verða blómleg og arðsöm framtíðarfyrirtæki á Íslandi, lognist út af og deyi. Enn alvarlegra er að við núverandi skilyrði er stór hættu á að þekkingin, sem þessi fyrirtæki búa yfir, gangi ekki til næstu kynslóðar fyrirtækja og leiða því ekki til sköpunar verðmæta. Þannig gætu miklir fjármunir, sem þegar hafa verið lagðir í þessi fyrirtæki, farið í súginn án þess að skila eigendum sínum og íslensku samfélagi arði.

Málþing um starfsskilyrði sprotafyrirtækja skorar á ríkisstjórn, banka og aðrar fjármálastofnanir, lífeyrissjóði, fjársterka einstaklinga og öflug fyrirtæki að kynna sér vel þau tækifæri sem felast í fjárfestingu og stuðningi við sprotafyrirtæki og starfi frumkvöðla. Skorað er á þessa aðila að taka höndum saman og gera öflugt átak til að efla á ný fjármögnun og fjárfestingar í rannsóknar- og þróunarstarfi sprotafyrirtækja og starfi frumkvöðla.

Þá leggur málþingið til við stjórnvöld að skilgreina vel og kynna með hvaða hætti hið opinbera komi að ólíkum þáttum í starfi sprotafyrirtækja, þ.e. rannsóknnum, vöruþróun og erlendri markaðssetningu.“

Stuðningur opinberra aðila við rannsóknir og vöruþróun er stuðningur við þekkingarsköpun og er því samfélagsleg fjárfesting líkt og menntun. Það er án efa ein besta fjárfestingin sem ríkið gæti lagt í við núverandi aðstæður að leggja einn milljarð króna til árlegrar ráðstöfunar í hinn nýja Tækniþróunarsjóð strax á næsta ári og styrkja eigið fé Nýsköp-

unarsjóðs þannig að árlegt ráðstöfunarfé hans verði a.m.k. einn milljarður króna."

Vonbrigði með framlög til Tækniþróunarsjóðs

Þrátt fyrir skýra ályktun þar sem vakin var athygli á því alvarlega ástandi, sem ríkt hefur um allan skeið í málefnum sprotafyrirtækja, hefur lítið þokast í rétta átt til að bæta starfsskilyrði slíkra fyrirtækja.

Í fjárlögum ríkisstjórnarinnar fyrir árið 2004 eru framlög til Tækniþróunarsjóðs ákveðin 200 milljónir króna. Þetta er nánast sama fjárhæð og var í tækniþróun Rannís áður en lagabrennan um Vísinda- og tækniráð tók gildi á síðasta þingi. Forráðamenn sprotafyrirtækja og fyrirtækja í iðnaði, sem byggjast á rannsóknastarfi og tækniþróun, hafa orðið fyrir miklum vonbrigðum með hversu lágt þetta framlag er, ekki síst í ljósi þeirrar þurrðar sem nú ríkir í áhættufjármögnun sprotafyrirtækja.

Væntingar miklar en stefnumótun vantaði

Miklar væntingar voru bundnar við að lagabrennan hleypti nýju lífi í rannsókn- og þróunarstarf á Íslandi. Sprotafyrirtæki og önnur fyrirtæki, sem byggjast á öflugun rannsókn- og þróunarstarfi, horfðu sérstaklega til Tækniþróunarsjóðs í þessu sambandi. Með þær væntingar að leiðarljósi og í trausti þess að hið nýja Vísinda- og tækniráð kæmi til móts við þær af myndugleika, lýstu Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins yfir stuðningi við frumvörp þessara laga.

Samtökin gagnrýndu í umsögn sinni um lagabrennuna að mjög takmörkuð stefnumótun lá fyrir og lítið samráð var haft við hagsmunaaðila í tengslum við mótun laganna. Lagahöfundar og ríkisstjórn bentu hins vegar á að þessi vinna yrði í höndum hins nýja Vísinda- og tækniráðs. SA og SI lýstu einnig áhyggjum af of litlu vægi sjónarmiða fyrirtækja og atvinnulífs í fyrirhuguðu 18 manna

Vísinda- og tækniráði og lögðu til að fulltrúum SA yrði fjölgað úr tveimur í fjóra. Ekki var tekið tillit til þeirra athugasemda.

Megingallinn takmarkað umfang Tækniþróunarsjóðs

Megingallinn á lagasmíðinni töldu samtökin þó vera að ekkert var gefið upp um stærð og umfang Tækniþróunarsjóðs. SA og SI tóku það skýrt fram að stærð og umfang sjóðsins og stjórnskipulag réðu miklu um afstöðu sína til þeirra breytinga sem fyrirhugaðar voru. Samtökin töldu að árlegt ráðstöfunarfé Tækniþróunarsjóðs þyrfti að vera a.m.k. 800-1000 milljónir kr. til að byrja með til að mæta þeirri brýnu þörf sem blasti við í nýsköpunarumhverfinu.

Í umsögn sinni lögðu SA og SI sérstaka áherslu á að hraða innkomu Tækniþróunarsjóðs með myndarlegu byrjunarframlagi í ljósi þeirrar þurrðar sem ríkt hefði um nokkurt skeið á fjármagnsmarkaði nýsköpunar. Til langs tíma lítið gæti sjóðurinn ýmist dregið úr eða aukið árlegt framlag sitt til mótvægis við sveiflukennt framboð annarra fjármögnunaraðila nýsköpunar á Íslandi.

Í trausti þess að tekið yrði tillit til þeirra athugasemda, sem gerðar voru, studdu Samtök atvinnulífsins og Samtök iðnaðarins framgang laganna.

Öllum má ljóst vera að 200 m.kr. framlag til Tækniþróunarsjóðs, sem nú liggur fyrir í fjárlögum ríkisstjórnarinnar, stendur engan veginn undir þeim væntingum sem til hans eru gerðar. Sjónarmið SA og SI hafa í öllum megindráttum verið að engu höfð í framkvæmd laganna. Fyrirheit um framtíðaraukningu í 500 m.kr. breyta þar litlu því að nú er þörfin mest en ekki endilega í framtíðinni þegar þensluáhrif stóriðjuframkvæmda verða í hámarki og þau sprotafyrirtæki, sem núna berjast fyrir lífi sínu, hafa orðið gjaldþrota.

Því er varla nema von að stjórnendur sprotafyrirtækja spyrji: Fyrir hvern og til hvers voru gerðar allar

þessar breytingar á skipulagi Rannís um ekki meiri fjármuni en nú virðast eiga að skila sér í þennan farveg?

Vissulega felst í fjárlagafrumvarpinu 200 m.kr. aukning til Rannsóknarsjóðs sem snýr augljóslega meira að háskólum og rannsóknastofnunum en fyrirtækjum. Þess var vissulega þörf en sú undarlega tilhöggun að leggja niður fyrrverandi Tækniþróunarsjóð til að fjármagna þá aukningu og búa síðan til nýjan Tækniþróunarsjóð með jafnlitlu fjármagni og áður var í Tækniþróunarsjóði minnir meira á sjónhverfingar en metnaðarfulla stefnumótun.

Framlög ríkisins til nýsköpunar er arðvænleg fjárfesting

Fátt bendir til að stjórnvöld líti á framlög ríkisins til nýsköpunar og þróunarstarfsemi sem arðvænlega fjárfestingu sem muni auka tekjur ríkissjóðs þegar fram líða stundir heldur líti á þau sem útgjöld sem þurfi að halda í lágmarki eins og öðrum ríkisútgjöldum. Hins vegar skiptir máli hvernig þeir fjármunir eru nýttir.

Menn ættu ekki að þurfa að velkjast í vafa um að fjárfesting í rannsóknnum og þróun er arðvænleg forsenda framfara og aukinna lífsgæða. Verðmætin í þessu ferli verða helst til í höndum einstaklinga og fyrirtækja og skila sér í formi söluvöru, lausna og þekkingar sem aftur nýtist til að auka verðmæti, finna betri lausnir og auka lífsgæði. Skynsamleg fjárfesting í þessum efnunum skilar sér þannig inn í þjóðarþróun með margföldunaráhrifum. Það er því engin tilviljun að þær þjóðir, sem náð hafa lengst í lífsgæðum og verðmætasköpun, standa efst á þeim kvarða sem mælir útgjöld til rannsókna og þróunarstarfs sem hlutfall af þjóðarframleiðslu.

ÍSLAND, EVRÓPU-SAMBANDIÐ OG EES

ESB að breytast

Evrópusambandið tekur nú mikilvægum breytingum sem snerta Ísland og framtíðartengsl þess við ESB með beinum og óbeinum hætti. Annars vegar er stækkun þess til austurs og hins vegar vinna að nýrri stjórnarskrá eða grunnsáttmála um hvað felst í samstarfinu innan ESB, valdsvið dreifingar valdsins og meðferð. Stækkun ESB er frágengin og tekur gildi 1. maí 2004 en ekki tókst að ljúka stjórnarskrárgerðinni fyrir árslok 2003 eins og til stóð. Bæði þessi verkefni eru viðamikil og flókin og sætta þarf mörg sjónarmið enda stór hópur sjálfstæðra og fullvalda ríkja sem eru að ná saman um samstarf og samvinnu sem ekki á sér neina hliðstæðu í veraldarsögunni.

Verk að vinna

Stækkunin mun reyna verulega á ESB vegna þess að ríkin, sem eru að ganga í sambandið, eru í mörgum atriðum verulega frábrugðin þeim sem fyrir eru og gildir þá einu hvort litið er til stærðar, stöðu efnahags-, atvinnu-, félags- eða stjórn mála. Þá eru nýju aðildarríkin mjög ólík innbyrðis. Í meðfylgjandi töflu er byggt á nýjustu hagtolum sem hægt er að fá fyrir núverandi ESB ríki, nýju aðildarríkin og Ísland. Þær eru á margan hátt fróðlegar og sýna glögg að langt



Jón Steindór Valdimarsson

er í land með að ríkin 25, sem brátt mynda ESB, standi jafnfætis á mörgum mikilvægum sviðum.

EES stækkar

Náðst hefur samkomulag um stækkun EES samhliða stækkun ESB og geta Íslendingar vel unað við þá niðurstöðu sem fékkst eftir erfiða samninga. Stækkunin felur í sér tækifæri fyrir Ísland til að ná árangri

á nýjum mörkuðum. Okkur er nauðsynlegt að auka útflutning vöru og þjónustu en þar stöndum við þjóðum eins og Írum, Lúxemborgurum, Hollendingum og Belgum langt að baki. Ísland, eins og flest EES ríkin, hefur ákveðið að leggja hömlur á frjálsa för vinnuafls frá nýju aðildarríkjunum. Þær hömlur eru tímabundnar og því nauðsynlegt að nota tímann vel til þess að búa íslenskt vinnuafl, sérstaklega ófaglært, að mæta vaxandi samkeppni. Nauðsynlegt er að efla menntakerfið til þess að fleiri brautskráist með iðn-, tækni- og verkfræðimenntun af öllu tagi.

Kannanir Gallup fyrir SI

Í febrúar 2003 gerði Gallup könnun fyrir Samtök iðnaðarins um viðhorf til Evrópumála en kannanir af þessu tagi eru gerðar reglulega fyrir SI. Könnunin leiddi í ljós að frá könnun, sem var gerð um mitt ár 2002 og sýndi hnífjafnar fylkingar, hefur andstæðingum aðildar vaxið ásmegin og eru þeir orðnir fleiri en fylgjendur meðal félagsmanna SI. Það er í fyrsta skipti frá því að SI hóf að kanna viðhorf félagsmanna sinna til aðildar árið 1995. Ekki er gott að segja hvað veldur þessari breytingu en niðurstaðan varð sú að meðal félagsmanna voru 46% andvígir aðild, 35% hlyntir og 19% hvorki né. Þessi niðurstaða er hins vegar í nokkru mismæmi við svör við öðrum

	Atvinnuleysi 2002 %	Verðbólga 2002 %	Landsframleiðsla 2002 ** % ESB=100	Útflutningur* 2001 % af VLF	Hagvöxtur 2002 %
Austurríki	4,1	1,7	111	52	1,4
Belgía	7,3	1,6	107	85	0,7
Bretland	5,1	1,3	107	27	1,7
Danmörk	4,5	2,4	113	45	1,0
Finnland	9,1	2,0	102	40	2,3
Frakkland	8,7	1,9	105	28	1,2
Grikkland	10,3	3,9	71	23	3,8
Holland	2,6	3,9	111	65	0,2
Írland	4,4	4,7	125	98	6,9
Ítalía	9,1	2,6	98	28	0,4
Lúxemborg	2,4	2,1	189	152	1,3
Portúgal	5,0	3,7	71	31	0,4
Spánn	11,4	3,6	86	30	2,0
Svíþjóð	4,9	2,0	105	45	1,9
Þýskaland	8,2	1,3	100	35	0,2
ESB-ríkin 15	7,5	2,1	100	36	1,0
Eistland	9,1	3,6	40	91	6,0
Kýpur	5,3	2,8	76	47	2,0
Lettland	12,9	2,0	35	45	6,1
Litáen	13,1	0,4	39	50	6,8
Malta	7,5	2,2	69	88	1,7
Pólland	20,0	1,9	41	28	1,4
Slóvakía	19,4	3,3	47	73	3,0
Slóvenía	6,0	7,5	69	60	2,9
Tékkland	7,3	1,4	62	71	2,0
Ungverjaland	5,6	5,2	53	61	3,5
Nýju ESB-ríkin 10	15,1	-	47	47	2,4
Ísland	2,5	5,3	109	40	-0,6

* Útflutningur vöru og þjónustu
** Landsframleiðsla er áætluð fyrir árið 2002
Heimild: EUROSTAT, Hagstofan

spurningum könnunarinnar. Þetta sést glöggst á meðfylgjandi mynd.

Almenningur var einnig spurður um afstöðu til aðildar. Um 48% sögðust andvíg aðild, 36% hlynt en 16% hvorki né. Þetta er mjög svipað og hjá félagsmönnum SI.


Gallup gerði síðan könnun á eigin vegum í ágúst á viðhorfi almennings til aðildar og þá hafði orðið marktæk breyting á afstöðunni þannig að 42% sögðust hlynt aðild, 40% andvíg og 19% hvorki né.

Ráðstefnur um Evrópumál

Sem fyrr leggja Samtök iðnaðarins áherslu á að hvetja til og stuðla að upplýstri umræðu um Evrópumál. Tvær ráðstefnur voru á árinu sem Samtök iðnaðarins styrktu ásamt fleirum.

Sú fyrri kallaðast Ísland og stækkun ESB - stefnt á ný mið og var haldin á Hótel Loftleiðum 3. mars á vegum EUphoria í Brussel. Dagskrá ráðstefnunnar tók mið af viðræðum sem þá stóðu um stækkun EES og stöðu Íslands gagnvart ESB. Margt góðra fyrirlesara, innlendra og erlendra, fjallaði um viðfangsefnið frá mismunandi sjónarhorni.

Síðari ráðstefnan var á vegum Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík og Evrópuréttarstofnunarinnar ERA í Trier í Þýskalandi. Ráðstefnan var í Háskólanum í Reykjavík dagana 18. og 19. september. Fjallað var um breytingar á Evrópusambandinu og áhrif þeirra á Evrópska efnahagssvæðið og EFTA ríkin en ekki síst Schengen samstarfið. Fjöldi erlendra fyrirlesara úr hópi fræðimanna, diplómata og starfsmanna Evrópusambandsins og EFTA flutti erindi auk íslenskra fyrirlesara. Meðal þeirra voru Árni Magnússon, félagsmálaráðherra og Einar Páll Tamimi, forstöðumaður Evrópuréttarstofnunar Háskólans í Reykjavík.



„Stækkunin felur í sér tækifæri fyrir Ísland til að ná árangri á nýjum mörkuðum. Okkur er nauðsynlegt að auka útflutning vöru og þjónustu en þar stöndum við þjóðum eins og Írum, Lúxemborgurum, Hollendingum og Belgum langt að baki.“

Evrópuskrifstofa atvinnulífsins í Brussel

Á síðasta ári voru tíu ár liðin frá því að Evrópuskrifstofan fékk fast aðsetur í Brussel en rekstur hennar er nú að fullu í höndum Samtaka atvinnulífsins. Starfsemin var í sambygli með finnsku samtökunum frá 1. september 1993. Sambúðin við Finnana var gagnleg og gekk vel en reynslan leiddi hins vegar í ljós að nýting á aðstöðunni var takmörkuð og sameiginlegir hagsmunir samtakanna með finnsku samtökunum fóru minnkandi með árunum eftir því sem Finnar staðfestust í samstarfinu innan ESB. Það er mikill munur á eðli þess erindreksturs, sem snýst

um að ná áheyrn hjá stofnunum ESB fyrir þá sem utan standa, eins og Ísland, og þeirra sem eiga fulla aðild að ESB og eru þar með fullgildir aðilar og þátttakendur í öllu starfi. Frá 1. desember hafa SA leigt skrifstofuhúsnæði í samvinnu við svissnesku samtökin í nýrri byggingu UNICE í Brussel.

Alþjóðamálastofnun Háskóla Íslands

Samtök iðnaðarins taka þátt í stjórn og starfsemi stofnunarinnar sem hefur það hlutverk að vera vettvangur þverfaglegs samstarfs á sviði alþjóðamála og smárikjarannsóknna.

Í upphafi árs hófst samstarf sérfræðinga á vegum Alþjóðamálastofnunar Háskóla Íslands og norsku alþjóðamálastofnunarinnar NUPI. Fyrsta verkefnið snerist um mögulegar umbætur á sjávarútvegsstefnu Evrópusambandsins sem kæmu til móts við grundvallarhagsmunir Íslands og Noregs. Niðurstaða sérfræðihópsins var gefin út undir yfirskriftinni: Iceland, Norway and the EC Common Fisheries Policy. Ritið Ísland og Evrópusambandið: EES, ESB-aðild eða „svissnesk lausn“? var einnig gefið út af stofnuninni. Það byggðist á norsku útgáfunni en Auðunn Arnórsson, stjórnmaláfræðingur og blaðamaður, sem tók að sér íslenska hlutann, frumvann verulegan hluta hennar.

Rannsóknasetur um smárika var formlega opnað við fjölmenna athöfn í Hátíðarsal Háskóla Íslands þann 3. júlí 2003 en setrið starfar innan Alþjóðamálastofnunar.

Fyrsta námskeið sumarskóla Rannsóknaseturs um smárika var haldið í sumar frá 29. júní til 12. júlí þar sem áhersla var lögð á að ræða stöðu smárra ríkja í Evrópusamrunum. Tæplega þrjátíu nemendur sóttu skólann og komu þeir frá Bretlandi, Eistlandi, Hollandi, Möltu, Noregi, Slóveníu, Svíþjóð og Íslandi.

ÖFLUG STARFSEMI SAMTAKA IÐNAÐARINS



EFNAIÐNAÐUR

Sameining á sápumarkaði

Fyrirtækin Mjöll hf. og Frigg hf. voru sameinuð á árinu undir nafninu Mjögg-Frigg hf. og hið nýja fyrirtæki hóf starfsemi sína undir því nafni 1. júní. Starfsstöðvar fyrirtækisins eru bæði á Akureyri og höfuðborgarsvæðinu. Eftir þessa sameiningu er aðeins eitt fyrirtæki í sápu- og þvottaefnaíðnaði innan Samtaka iðnaðarins og hið langstærsta sinner tegundar á landinu.

Markmið sameiningarinnar er m.a. að byggja upp stærsta og öflugasta þjónustufyrirtæki á Íslandi í hreinlætisiðnaði og sækja út á nýja markaði. Lögð verður áhersla á að auka og bæta þjónustu við viðskiptavinum, m.a. með víðtækri, faglegri ráðgjöf sérfræðinga varðandi notkun fjölbreyttra vara sem Mjöll-Frigg hefur á boðstólum. Fyrirtækið fram-



Ragnheiður Héðinsdóttir

leiðir 6 þúsund tonn af hreinlætisvörum á ári og ársveltan verður um 700 milljónir króna.

Málningarfyrirtæki fá viðurkenningu

Fyrirtæki í efnaíðnaði búa við mjög strangar reglur um merkingu eiturefna og hættulegra efna og öryggisleiðbeiningar með framleiðsluvörum sínum. Allar merkingar,

sem fjalla um eiturefni og hættuleg efni, eiga að vera á íslensku og oft hefur innlendum framleiðendum þótt brenna við að ekki væru gerðar jafnstrangar kröfur til innfluttra og innlendra vara. Það var því mjög ánægjuleg viðurkenning fyrir íslenska framleiðendur að Vinnueftirlitið veitti þremur félagsmönnum SI í málningarframleiðslu viðurkenningu á ársfundi sínum í október. Fyrirtækin eru Harpa-Sjöfn hf., Málning ehf. og Slippfélagið í Reykjavík hf. og hlutu þau viðurkenninguna fyrir að standa vel að öryggismálum með því að gefa út réttar og góðar leiðbeiningar með varasömum efnum sem þau framleiða. Leiðbeiningarnar stuðla að auknu öryggi á vinnustöðum.

LYFJAIÐNAÐUR

Íslenskum lyfjaiðnaði hefur vaxið mjög fiskur um hrygg á síðustu árum og er hann orðinn að mikilvægri atvinnugrein. Fyrirtækin í þeirri grein eru ekki mjög mörg en þrjú þeirra eiga aðild að SI. Fyrst má nefna Delta ehf. og Omega Farma ehf. sem eru innan samsteypunnar Pharmaco hf. og síðan Lyfjaþróun ehf.

Í þessum fyrirtækjum eru um 350 starfsmenn. Sá hópur skapar þjóðarþúinu mikil verðmæti því að auk sölu á innanlandsmarkaði hefur útflutningur á lyfjum og lyfjatengdu hugviti skilað verulegum gjaldeyristekjum undanfarin ár. Útflutningsverðmæti lyfja árið 2002 nam 5,1 milljarði króna en 4,4 milljörð-




Jón Steindór Valdimarsson

um króna árið 2002 og hækkaði því um tæp 16% milli ára.

Íslenskur lyfjaiðnaður byggist helst á þróun, framleiðslu og markaðssetningu á samheitalyfjum og skráningargögnum þeirra. Lyfjahugvit er orðið snar þáttur í starfsemi fyrirtækjanna og bæði lyfin og hugvitið eru orðin mikilvæg útflutningsvara.

Helstu verkefni, sem unnið er að hjá SI varðandi hagsmuni lyfjaiðnaðarins um þessar mundir, lúta annars vegar að breytingum og lækkan á lyfjaeftirlitsgjaldi en hins vegar að breytingum á lögum um einkaleyfi sem snerta framleiðendur samheitalyfja.

Hlutfall verðmætis útfluttra lyfja af innflutningi
2003 - íb. verð



MANNVIRKJAGERÐ OG BYGGINGARIÐNAÐUR

Útboðsþing

Útboðsþing, sem haldið var í byrjun þorra, þykir hafa tekist vel og hefur aldrei verið fjölmennara. Um 130 manns skráðu sig á lista. Efnisleg samantekt og glærur voru birtar á vefsetri SI.

Útboðsmál

Sá málaflokkur hefur mikið vægi fyrir félagsmenn SI. Töluverðar breytingar urðu á síðasta ári og eru þessar markverðastar:

Nýjar innkaupareglur Reykjavíkurborgar

Fyrst sveitarfélaga hefur Reykjavíkurborg sett sér skýrar reglur um innkaup. Þar er kveðið á um útboðskyldu, val viðsemjenda og málskotsrétt. Í reglunum er m.a. gerð krafa um jákvæða eiginfjárstöðu bjóðenda í verk eða innkaup sem nema hærrí fjárhæð en 20 milljónum króna. Reglurnar voru samdar í samstarfi við SI og eru til mikilla bóta.

Auknar kröfur Framkvæmdasýslu ríkisins (FSR) til verktaka

Að áeggjan SI gerir FSR kröfur um að verktakar leggi fram með tilboði yfirlýsingu um jákvæða eiginfjárstöðu frá endurskoðanda og viljayfirlýsingu frá tryggingafyrirtæki eða fjármálastofnun um verktryggingar.

Umfang framkvæmda birt í auglýsingum FSR

FSR hefur ákveðið að birta lauslega áætlað umfang framkvæmda. Eftir sem áður verður kostnaðaráætlun lesin upp við opnun tilboða. Sú veigamikla nýbreytni leiðir vonandi til þess að óraunhæfum tilboðum fækki. Tilboð fyrir 50 til 60% af kostnaðaráætlun munu vonandi heyra sögunni til.



Árni Jóhannsson



Eyjólfur Bjarnason

Lengri verksamningar Vegagerðar(Vg) verðtryggðir

Í kjölfar viðræðna við SI hefur Vg ákveðið að verðtryggja verksamninga sem gerðir eru til lengri tíma en eins árs. Tryggð eru frávik umfram fyrirfram tilgreinda verðlagsþróun frá upphafi verksamnings.

Vegagerð breytir tíma funda

Um margra ára skeið hafa opnunarfundir Vg verið haldnir á mánuðögum. Að ósk félagsmanna SI verður þeirri reglu nú breytt og verða opnunarfundir haldnir einhvern annan vikudag að tillögu SI í samráði við verktaka.

Ný útgáfa af ÍST 30

Staðlaráð gaf út nýja endurbætta útgáfu ÍST 30 staðals sl. sumar og tók hún formlega gildi 1. september. Nær allar tillögur, sem SI lögðu til fyrir hönd félagsmanna, fengu hljómgrunn við endurskoðunina og voru teknar upp í nýju útgáfunni. Markverðasta breytingin er sú að nú hafa sérskilmálar einstakra stofnana verið felldar úr gildi. Þeir voru félagsmönnum SI mikill þyrnir í augum.

Gæðakerfi verði forsenda fyrir þátttöku í opinberum útboðum

Að tillögu SI hyggst FSR krefja bjóðendur í verklagar framkvæmdir um gæðakerfi frá næstu áramótum. Að öllum líkindum fer Vg að dæmi FSR og krefst gæðakerfa af hálfu þeirra sem bjóða í verk.

Útboðsvefur SI

Hafin er vinna við gerð sérstaks vefseturs fyrir félagsmenn SI þar sem aðgengilegar verða á einum stað útboðsreglur, lög, áhugaverðir dómar, upplýsingaefni verkaupa, uppkast að verksamningum og eyðublöðum og fleira sem tengist útboðsmálum. Ráðgert er að þessi upplýsingabanki verði tekinn í gagnið vorið 2004 og verði einungis aðgengilegur félagsmönnum SI.

Útboð Akureyrarbæjar

Að tillögu SI krefst Akureyrarbær gæðakerfis af verktökum sem bjóða í verk á vegum bæjarfélagsins. Ennfremur hefur bærinn tekið upp gæðakerfi SI við að skipuleggja innri vinnu varðandi umsýslu leiguíbúða. – Útboðslýsingar bæjarins hafa tekið miklum framförum í kjölfar ábendinga SI.

Kynning fyrir sveitarfélög

Í maílok var haldinn fundur um innkaupa- og útboðsmál sveitarfélaga á vegum Aflvaka. SI, FSR og Innkaupastofnun Reykjavíkur var boðið að kynna mikilvægi þess að önnur sveitarfélög setji sér samræmdar innkaupareglur. Að auki var sagt frá þeim betrubótum sem fram hafa komið hér að framan.

Bætt útboðsgögn

SI hafa unnið með opinberum stofnunum að bættum útboðsgögnum. Góð og skýr útboðsgögn eru undirstaða og í raun forsenda góðra og ígrundaðra tilboða og þar með verksamnings að loknu útboði. Unnið hefur verið með FSR og Gatnamálastofu Reykjavíkurborgar að bættum verklysingum og aukinni samræmingu.

framhald bls. 34

MATVÆLAIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur í matvælaiðnaði

Starfsgreinahópur í matvælaiðnaði kemur saman á almennum fundum nokkrum sinnum á ári. Fundarfeini eru ýmist málefni sem eru ofarlega á baugi og snerta matvælaiðnaðinn eða heimsóknir í fyrirtæki innan hópsins. Öllum matvælafyrirtækjum í Samtökunum eru send boð bæði um heimsóknir í fyrirtæki og almenna fundi og öllum eru sendar fundargerðir. Þess utan eru haldnir fundir með undirgreinum matvælaiðnaðarins eftir því sem tilefni gefast. Í stjórn hópsins sitja fulltrúar u.þ.b. 10 fyrirtækja sem taka þátt í að móta starfið og ákveða fundarfeini fyrir reglulega fundi. Fulltrúum í stjórn er fjölgað eða fækkað eftir því hve margir sýna starfinu áhuga. Almennir fundir voru óvenju fáir árið 2003 eða aðeins tveir um sameiginleg markaðsmál matvælaiðnaðarins og samskipti birgja og matvöruverslana.

Reglur um samskipti birgja og matvöruverslana

Í lok síðasta árs 2002 gaf Sam-



Ragnheiður Héðinsdóttir

keppnisstofnun út leiðbeinandi reglur um viðskipti birgja og matvöruverslana. Steingrímur Ægisson, starfsmaður Samkeppnisstofnunar, kynnti félagsmönnum SI reglurnar á fundi. Þær byggjast á ákvæðum samkeppnislaga en tilgangurinn með þeim er m.a. sá að skapa friðsamlegt ástand á markaði en þeim er einnig ætlað að leiðbeina aðilum á þessum markaði um hvernig hegðun, athafnir og ákvæði í samningum þeirra í milli samræmast ákvæðum samkeppnislaga.

Samkeppnisstofnun leggur áherslu á að gerðir séu skriflegir samningar. Þeir eru grundvöllur góðra viðskiptahátta. Margir félagsmenn sakna þess að fjallað sé um

skilarétt verslana í leiðbeiningunum. Mikil vöruskil eru vandamál í öllum flokkum matvöru en þau koma sérstaklega illa niður á ferskvörum með takmarkað geymsluþol. Samtök iðnaðarins sendu Samkeppnisstofnun erindi þar sem þess er óskað að kannað verði hvort þörf sé á að setja reglur um skilarétt. Ekki er vitað hvert framhald þess máls verður.

Hertar reglur um innflutning matvæla til Bandaríkjanna

Eftir atburðina 11. september 2001 setti Bandaríkjaþing lög sem ætlað er að styrkja varnir Bandaríkjanna gegn hryðjuverkum af líffræðilegum toga. Lögin fela í sér ýmsar kvaðir á hendur þeim sem flytja matvæli til Bandaríkjanna. M.a. þurfa öll fyrirtæki, sem framleiða, vinna, pakka eða geyma matvæli og fóður til neyslu í Bandaríkjunum, að vera skráð hjá Matvæla- og lyfjastofnun Bandaríkjanna. Tilkynna þarf um allar sendingar með tilteknum fyrirvara. Í tilkynningunni þarf að koma fram lýsing á vörunni, framleiðandi, flutningafyrirtæki, upprunaland, land

MANNVIRKJAGERÐ OG BYGGINGARÍÐNAÐUR FRH.

Tillögur um hæfi verktaka

Í ljósi mikilla framkvæmda, sem framundan eru, hafa menn haft af því nokkrar áhyggjur að nýir aðilar, sem ekki eru til þess bærir, bjóði í framkvæmdir með fyrirsjáanlegum afleiðingum fyrir greinina. Vegna þessa var skipaður vinnuhópur starfsmanna SI til að gera tillögur að kröfum verkkaupa til verktaka. Í nefndinni sátu Jón Steindór Valdimarsson, Krístrún Heimisdóttir, Árni Jóhannsson og Eyjólfur Bjarna-

son. Nefndin fór yfir málið á fundi með verktökum og þar urðu menn sammála um þrjú efnisatriði sem æskilegt sé að setja á oddinn:

- Opinberir verkkaupar fari fram á að verktakar starfi skv. gæðakerfi
- Opinberir verkkaupar krefjist þess að þeir hafi eigið fé
- Tryggingafélög séu reiðubúin að veita verktökum ábyrgð
- Tillögurnar hafa verið sendar verkkaupum og kynntar í stjórn Samtaka iðnaðarins

Starfshópur Rvk. borgar vegna byggingarleyfa

Reykjavíkurborg hefur sett á fót

starfshóp um verklag við útgáfu byggingarleyfa. Hlutverk nefndarinnar er að skýra samskipti skipulags- og byggingasviðs við hagsmunaaðila vegna útgáfu byggingarleyfa. Meðal nefndarmanna eru Helga Jónsdóttir, borgarritari og Magnús Sædal byggingafulltrúi. Eyjólfur Bjarnason var fulltrúi SI í nefndinni.

Lagnadeild Samtaka iðnaðarins

Lagnadeild iðnaðarins var stofnuð á liðnu starfsári. Félagið er opið öðrum lagnamönnum þótt þeir séu félagar í öðrum félögum.

sem varan kemur frá og innflutningshöfn. Ennfremur þurfa öll fyrirtæki að halda skrár yfir og tilgreina hvaðan hráefni koma og hver er næsti viðtakandi vöru frá þeim. Utanríkisráðuneytið hefur gert sitt besta til að kynna framleiðendum þessar nýju reglur en þær auka mjög skrifinnsku og gera útflutning á matvælum til Bandaríkjanna mun flóknari og erfiðari en áður hefur verið. Reglurnar gilda um öll matvæli nema kjöt og unnar vörur úr eggjum.

Matartími – Vörumappa matvælaíðnaðarins

Sýningin Matartími-Kaupstefna 2003 var haldin í Perlunni í september. Sýningin var hin glæsilegasta og sýnendur mjög ánægðir. Gestir voru heldur færri en árið áður en sýnendur voru sammála um að markhópurinn hefði verið markvissari en oft áður, þ.e.a.s ekki mikið af fólki sem ekki átti raunverulegt erindi við sýnendur og gestastraumurinn jafn og góður þannig að hægt var að sinna öllum vel.

Á fundi með matvælaframleiðendum í apríl var ákveðið að ráðast í að gefa út Vörumöppu matvælaíðnaðarins, lausblaða möppu þar sem öll fyrirtæki, sem þess óska, geta kynnt framleiðsluvörur sínar sem ætlaðar eru stórnotendum. Fyrstu útgáfu vörumöppunnar var dreift á sýningunni og voru menn almennt mjög ánægðir með hana. Vörumöppunni hefur líka verið dreift í pósti til hátt í 1000 fyrirtækja. Draumurinn er sá að í framtíðinni verði möppunni haldið við á Netinu þannig að hún verði í sífelldri endurskoðun en úreldist ekki.

Endurskoðun kjötreglugerðar

Umhverfisráðuneytið skipaði á árinu starfshóp til að endurskoða reglugerð nr. 302 frá 1998 um kjöt og kjötvörur. Í honum áttu m.a. sæti þrjú fulltrúar matvælaíðnaðarins. Til efni endurskoðunarinnar var samræmd skilgreining Evrópusambandsins á kjöti sem var tekin inn í ís-

lenskar reglur á árinu og fór ekki saman við skilgreiningu kjötreglugerðarinnar. Starfshópurinn hefur skilað tillögum um nokkuð gagngerar breytingar á reglugerðinni. Sérstaklega er gerð tillaga um mjög mikla einföldun á gæðaflokkun samkvæmt viðauka I með reglugerðinni. Nýju drögin eru nú til meðferðar í umhverfisráðuneytinu og þess vænst að þau verði send út til umsagnar innan tíðar.

Starfsemi LABAK

Samtök iðnaðarins annast allan rekstur á Landssambandi bakarameistara og sjá um framkvæmd verkefna fyrir félagið. Meðal verkefna sem ráðist var í á árinu var þátttaka í Bakararáttíð í Smáralind í maí og þátttaka í framkvæmd Nemakeppni Kornax í brauðbakstri. Dagur iðnaðarins var haldinn með miklum glæsi-brag í júní þar sem lögð var áhersla á brauð á grillið auk fleiri markaðsherferða. LABAK samdi við innlenda framleiðendur um að framleiða sérhannaðar vörur fyrir félagið, Sultu bakarans og Kaffi bakarans og sáu Samtökin um að láta hana kynningarefni og umbúðir fyrir þær vörur. Sala er þegar hafin í aðildarfyrirtækjum LABAK og gengur vel.

Mismunun og ofsköttun matvæla

Samtök iðnaðarins hafa lengi barist fyrir afnámi vörugjalda af matvælum og öðrum vörum. Hér á landi bera um 30 % af matvöru vörugjald en sú vara er jafnframt í herra þrepi virðisaukaskatts. Þetta eru fyrst og fremst matvæli sem innihalda sykurlu í nokkru magni en þó er það fjarri því að vera algilt. Sykurneysla Íslendinga hefur löngum verið Manneldisráði þyrnir í augum og ráðið setti fram hugmyndir um sérstakan gosdrykkjaskatt ofan á þær aukaálögur sem fyrir eru. Samtök iðnaðarins brugðust skjótt við og sendu ráðherrum heilbrigðis-, fjármála og iðnaðar og iðnaðarnefnd Alþingis, efnahags- og viðskiptanefnd og heilbrigðisnefnd

bréf þar sem þessum hugmyndum var mótmælt. Samtökin telja algerlega ótækt að flokka matvæli eftir því hvort þau teljast holl eða óholl og skattleggja eftir því en vilja þvert á móti að öll matvæli séu í sama vskþrepi og án vörugjalda. Ríkisstjórnin hefur boðað endurskoðun á virðisaukaskatti og telja SI eðlilegt að sú endurskoðun feli í sér að virðisaukaskattur á öll matvæli verði samræmdur. Samtökin hafa óskað eftir tímasettri áætlun fjármálaráðuneytis um samræmingu virðisaukaskatts og að vörugjöld af matvælum verði felld niður. Þess má geta að virðisaukaskatti á matvæli í nágrannalöndunum er hvergi skipt í tvö þrep og Svíar hafa nýlega lagt af öll vörugjöld á matvæli.

Evrópusamstarf

Samtök iðnaðarins eru landstengiliður Íslands á sviði matvæla við 6. rannsóknáætlun Evrópusambandsins. Við fyrstu úthlutun styrkja úr áætluninni kom í ljós að þátttaka iðnfyrirtækja í verkefnum er mun minni en vonast hafði verið eftir eða langt frá því markmiði að 15% af fjármunum áætlunarinnar færu til lítilla og meðalstórra fyrirtækja. Því verður reynt að leggja áherslu á svið og viðfangsefni sem höfða meira til fyrirtækja og gera þátttöku fyrir þau aðgengilegri í síðari hluta áætlunarinnar. Það er alveg ljóst að þátttaka fyrirtækja í rannsóknverkefnum verður litin mjög jákvæðum augum í Brussel. Það er tækifæri sem íslensk fyrirtæki ættu að nýta sér. Þetta á jafnt við um fyrirtæki í matvælaframleiðslu og fyrirtæki sem tengjast matvælaíðnaði svo sem framleiðendur tækja og búnaðar. Samtök iðnaðarins eru þátttakendur í verkefni sem miðar að því að auka rannsóknatengsl milli Evrópulanda með sérstakri áherslu á að auka þekkingu á matvælasviði í ríkjum Austur-Evrópu.

MÁLMIÐNAÐUR

Málmiðnaður á Íslandi er víðfeðmur og spannar mörg svið, allt frá fínsmíði til byggingar stærstu mannvirkja, smíði, uppsetningar og viðhalds véla af öllum stærðum og gerðum, málmsteypu, yfirborðsmeðhöndlun og blikksmíði. Málmiðnaðurinn starfar í opinni samkeppni við innflutning og á alþjóðamarkaði þar sem hann hefur aukið hlut sinn verulega undanfarin ár. Greinin leggur áherslu á að standast alþjóðlega samkeppni. Því vinna fyrirtækin og samtök þeirra sífellt skipulega að: a) aukinni hæfni allra starfsmanna, b) nýtingu nýjustu tækni og c) skilvirkri stjórnun. Þetta er gert bæði innan fyrirtækjanna sjálfra og hjá samtökum þeirra með skilgreindum verkefnum sem nauðsynlegt er að vinna að saman ef árangur á að nást þar sem ekki er á færi einstakra fyrirtækja að koma mörgum brýnum hagsmunamálum til framkvæmda nema með sameiginlegu átaki.

Blikkgreinin

Verkefnastaðan í blikkgreininni var alla jafna slök á síðasta ári eins og undanfarin ár. Þegar þannig háttar til eykst hættan á að smíðurnar bjóði það lágt í einstök verk að ekki verði með nokkru móti hægt að ná fyrir kostnaði. Slíkt ástand getur vissulega ekki varað lengi án þess að greinin hljóti skaða af.

Félag blikksmíðjueigenda efndi til kynningardags sl. haust í samvinnu við Samtök iðnaðarins. Nokkrar smíðjur höfðu opið hús og komu fjölmargir til að skoða og fræðast. Þá var vakin athygli á blikkgreininni í fjölmiðlum með ýmsum hætti. Mikil ánægja var með þetta átak innan FBE og stefnt að því að fylgja því eftir.

Mannvirkjagerð

Nokkur lægð hefur verið á þessu



Ingólfur Sverrisson

„Aukin hæfni starfsmanna, nýting nýjustu tækni og skilvirk stjórnun eru sífellt viðfangsefni.“

sviði málmiðnaðarins síðustu ár. Nú eru menn hins vegar að byrja að sjá djarfa fyrir nýjum tímum enda verkefni vegna stóriðjuframkvæmdanna að koma inn. Að vísu fer allt mjög hægt af stað í þeim efnunum en þess að vænta að strax á þessu ári, og enn frekar á því næsta, fjölgi mjög verkefnum sem íslenskar smíðjur geta tekið þátt í. Hver hlutur þeirra verður veltur mjög á því hvernig smíðurnar nýta tímann núna og á næstu mánuðum til að styrkja innra starf sitt og skipulag auk þess að tryggja að starfsmenn hafi tilskilda hæfnisvottun þegar til kastanna kemur.

Skipaðnaðurinn

Á ýmsu hefur gengið í greininni síðustu mánuði. Flotinn minnkar sífellt og viðgerðarverkum hefur stórlega fækkað en nýsmíðin heldur áfram hægri þróun fram á við. Unnið er markvisst innan Málm- og SI í

góðri samvinnu við iðnaðarráðuneytið að þeim verkefnum sem skilgreind voru fyrir rösku ári. Þar er fjallað um fjármögnun og tryggingar, samræmda gæðastjórnun innan skipasmíðastöðvanna, eftirlit með nýsmíði skipa, niðurfellingu íþynggjandi gjalda, sem skekkja samkeppnistöðuna og fleiri málaflokka. Þegar hefur náðst árangur af þessu starfi og enn frekari tíðinda að vænta á næstunni. Allt miðar þetta að því að tryggja jafna stöðu við keppinauta á meginlandinu.

Smíði véla og tækja

Í markmiðssetningu, sem þessi hluti málmiðnaðarins setti sér að ná fyrir árið 2006, var ákveðið að stefna að því að íslensk tækni næðu forystu í hönnun og framleiðslu véla og tækja fyrir sjávarútveg og matvælavinnslu á alþjóðamarkaði. Af sjálfu leiðir að þessi leið er bæði grýtt og erfið en engu að síður hefur ótrúlegur árangur íslensku fyrirtækjanna þegar vakið mikla athygli. Nýjar lausnir frá fyrirtækjum í greininni eru að gjörbreyta fiskiðnaðinum og önnur hafa þegar opnað nýja markaði í vinnslu og meðhöndlun kjúklinga og annarra matvæla. Þá hafa flokkunarvélur og ýmiss konar annar búnaður fyrir fiskvinnsluna þegar tryggt stöðu sína á markaðnum. Allt hefur þetta leitt til arðbærrar framleiðslu véla og vinnslulína sem standast alla samkeppni um verð og gæði á alþjóðamarkaði.

Engin ástæða er því til að ætla annað en að mörkuð framtíðarsýn og stefna framleiðenda véla og tækja fyrir matvælaíðnað gangi eftir. Það er þó háð því að áfram sé haldið að leita lausna fyrir viðskiptavinina og treysta innviði fyrirtækjanna sjálfra og hæfni starfsmanna í tæknivæddum málmiðnaði.

framhald bls. 37

PRENTIÐNAÐUR

Starfsgreinahópur prent- og pappírsiðnaðar hefur fundað að jafnaði tvisvar í mánuði að vetrinum en sjaldnar á sumrin. Líkt og oft áður skipa umræður um útboð og verðlagningu stóran sess svo og menntamál og nýliðun í greininni. Einnig hefur mönnum orðið tíðrætt um kennitölufлак og ábyrgð banka og lánastofnana í þeim efnum en fyrirtæki í prenti tapa háum fjárhæðum á ári hverju vegna fyrirtækja sem lýst eru gjaldþrota en spretta jafnóðum upp aftur, jafnvel með sama nafni, á nýrri kennitölu, oftar en ekki með stuðningi bankakerfisins. Talið er afar brýnt að beina því til löggjafans að grípa til aðgerða til að draga úr slíkum ófögnuði.

Stefnumótun og framtíðarsýn

Áfram hefur verið unnið að þeim verkefnum sem sett voru fram í umfangsmikilli stefnumótunarvinnu í prenti og framkvæmdaáætlun um verkefnin.

Gengissveiflur erfiðar

Niðurstöður könnunar SI í júní sýndu örlítinn samdrátt í veltu og starfsmannahaldi í greininni. Hátt gengi krónunnar virtist frekar hafa jákvæð áhrif en neikvæð þótt það sé misjafnt eftir fyrirtækjum. Hins vegar eru flestir sammála um að gengissveiflur geri öllum erfitt fyrir. Fjárfestingar hafa aukist nokkuð en mikil fjárfesting eins fyrirtækis á stærstan þátt í heildarniðurstöðunni.



Haraldur D. Nelson

Umhverfismál

Íslensk prentfyrirtæki þykja til fyrirmyndar í umhverfismálum og í ár hlaut Umslag ehf. umhverfisviðurkenningu Reykjavíkurborgar. Þetta var í sjöunda sinn sem viðurkenningin er veitt og athygli vekur að meðal þeirra sjö fyrirtækja, sem nú hafa hlotið viðurkenninguna, eru fjögur prentfyrirtæki en þau eru auk Umslags, Prentsmiðjan Oddi, Árvakur – Útgáfufélag Morgunblaðsins og Hjú Guðjóni Ó prentsmiðja. Einnig hefur fjöldi þeirra verið tilnefndur, m.a. Gutenberg ehf. í ár. Þá stóðu Samtök iðnaðarins og Umhverfisstofnun að fjölsótttri ráðstefnu um prentiðnaðinn og umhverfið.

Launakönnun

Samkvæmt kjarasamningum Samtaka iðnaðarins við Félag bóka-gerðarmanna (FBM) skal gera launakannanir með reglubundnum hætti og það hefur verið gert um langt árabil. IBM Consulting sér um framkvæmd verksins.

einkum lögð áhersla á að bjóða fram fræðslu fyrir alla starfsmenn málm-iðnaðarfyrirtækja, hvort sem þeir eru faglærðir, ófaglærðir eða stjórnendur. Allir mynda eina heild og allir verða að búa yfir þeirri þekkingu og færni sem krafist er í nútíma samkeppni. Hlutverk FM er að tryggja gott náms-

Tölfræði

Niðurstöður úr sérstakri úttekt á sviði hagnýtra viðmiða (Microscope) sem gerir fyrirtækjum kleift að bera sig saman við önnur fyrirtæki í heiminum á fljótlegan og áhrifaríkan hátt, sýndu að meginstyrkur íslenskra prentfyrirtækja liggur í framleiðslu- og vörustýringu og flest þeirra vinna eftir heildarstefnu og eru vel samkeppnisfær í samanburði við önnur fyrirtæki í Evrópu. Ítarlegar niðurstöður voru birtar prentfyrirtækjum innan SI.

Rammasamningsútboð Ríkiskaupa

Vinnuhópur hefur á árinu unnið í samvinnu við Ríkiskaup að skilgreina útboðsgögn fyrir rammasamningsútboð Ríkiskaupa á prentverki. Sú vinna er vel á veg komin.

Prentstaður íslenskra bóka

Útgáfutitlum fjölgaði um 11% frá síðasta ári en hlutfall prentunar héraðs dróst hins vegar saman, um 5% en jókst um 5,1% á árið áður.

Erlent samstarf

Fjórtað norskir prentsmiðju-stjórnar og prentsmiðjueigendur heimsóttu SI í apríl. Þeir eru félagsmenn í samtökunum VISKOM ØST sem eru samtök fyrirtækja í grafískum iðnaði og sjónrænni miðlun. Gestunum var m.a. kynnt staða íslensks prentiðnaðar og starfsemi SI

frh. bls 38

MÁLMIÐNAÐUR FRH.

Fræðslumál

Á starfsárinu var Fræðslumiðstöð málm-iðnaðarins gerð að einkahlutfélagi og gengið frá viðamikilli stefnumörkun til næstu ára. Þar verður

efni til símenntunnar, góða kennara og aðstöðu til að koma nýrri þekkingu á framfæri. Það er svo starfsmanna og fyrirtækja að nýta hana öllum til framdráttar.

STÓRIÐJA

Alcan á Íslandi hf. 2003

Framleiðslumet var enn og aftur slegið í álveri Alcan í Straumsvík á árinu 2003 þar sem framleidd 175.803 tonn af áli voru í kerskálum. Því til viðbótar voru flutt inn til umbræðslu og vinnslu í steypuskála 14.515 tonn sem seld voru aftur í formi verðmætari afurðar. Tekjur ársins voru um 305 milljónir dollara en hagnaður fyrir skatta nam 28,7 milljónum dollara.

Í upphafi árs komu upp tæknileg vandamál í kerskálum þar sem frumorsökin var gæðavandamál í skautum. Á örstuttum tíma skapaðist mikið misvægi í kerrekstrinum og þótt starfsmönnum tækist að leysa vandann olli hann röskun á starfsemi kerskálans á fyrri hluta ársins. Spurn eftir börrum sveiflaðist mikið á árinu. Eftir mikla eftirspurn á fyrri hluta ársins dró verulega úr henni en seint á árinu jókst hún snögglega aftur. Þróun álverðs var hins vegar nokkuð stöðug upp á við og var meðalverð ársins nokkru hærra en ráðgert hafði verið. Í apríl varð Alcan í Straumsvík fyrst fyrirtækja á Íslandi til að fá öryggisstjórnunarkerfi sitt vottað skv. staðlinum OHSAS 18001. Samhliða var gæðakerfi fyrirtækisins



Sveinn Hannesson

endurvottað skv. gæðastaðlinum ISO 9001/2000 og umhverfisstjórnarstaðlinum ISO 14001.

Starfsemi Stóriðjuskólans var fram haldið af fullum krafti á árinu og í árslok höfðu 124 starfsmenn lokið prófi frá skólanum. Hann var stofnaður haustið 1998 og hefur reynst fyrirtækinu og starfsmönnum vel og skilað bæði hæfari og ánægðari starfsmönnum.

Kynslóðaskiptum í framkvæmdastjórn lauk um mitt árið en þá létu af störfum tveir framkvæmdastjórar sem báðir höfðu starfað við stjórnunarstörf hjá fyrirtækinu nánast frá stofnun þess.

Íslenska járnblendifélagið hf.

Árið 2003 voru allir ofnar félags-

ins í fullum rekstri. Framleiðslan varð alls um 119.000 tonn af 75 % kísiljárn. Framleiðsla á hreinsuðu kísiljárn var um 26 % af heildarframleiðslunni. Þetta er mesta framleiðsla í sögu félagsins og jafnframt hæsta hlutfall hreinsaðs efnis sem er verðmeira en hefðbundið kísiljárn. Þá var aukin framleiðsla á tandurhreinu kísiljárn en það er kísiljárn með afar lágt innihald frumefnisins titans.

Sala á öllum afurðum var mjög góð en verð á kísiljárn fór hækkandi á árinu.

Áfram var lögð áhersla á aðhald í rekstri og hefur náðst ágætur árangur í þeim efnum. Í upphafi árs voru starfsmenn um 110 en voru 101 í árslok.

Elkem ASA hefur nú eignast 100 % eignarhlut í félaginu og hefur félagið verið afskráð af hlutfjármarkaði.

Kísiliðjan hf.

Vel gekk í rekstri Kísiliðjunnar hf. árið 2003. Alls voru framleidd 27.692 tonn af kísilgúr á árinu sem var nokkuð meiri framleiðsla en árið áður. Útflutningur kísilgúrs nam 27.512 tonnum sem var talsvert umfram áætlun. Afkoma fyrirtækis-

PRENTIÐNAÐUR FRH.

og þágu boð um að heimsækja prentsmiðjuna Odda.

Námsskipulag

Unnið var áfram að nýju námskipulagi upplýsinga- og fjölmiðlagreina en sérstök áhersla var lögð á að skipuleggja vinnustaðanáam. Einnig var unnið að gerð viðamikillar skýrslu um vilja og möguleika fyrirtækja til að taka nema í starfsþjálfun í prentgreinum í samstarfi við Prenttæknistofnun

og menntamálaráðuneytið.

Prenttæknistofnun (PTS)

Haldinn var fjöldi námskeiða og fyrirlestra á árinu. Þátttaka starfsfólks í prentiðnaði var góð. Stofnunin tók þátt í erlendu samstarfi, farið var á Xplor ráðstefnu í Bandaríkjunum og EGIN ráðstefnu í Berlín. Í haust fóru framkvæmdastjóri og tveir stjórnarmenn til Hollands þar sem skoðuð var endurmenntunarmiðstöð í prentiðnaði og skólar sem mennta fagfólk í prentiðngreinum. Heimsóknin reyndist

mjög áhugaverð og veitti nýja sýn á ýmislegt á sviði menntunar og þjálfunar í greininni. Unnið er að því að færa út umsýslusamning í upplýsinga- og fjölmiðlagreinum við menntamálaráðuneytið. Prenttæknistofnun vinnur markvisst með öðrum fræðslumiðstöðvum á Hallveigarstíg 1 að sam-eiginlegum málum og væntir mikils af því samstarfi.

Nokkrar breytingar urðu á stjórn PTS á árinu og m.a. voru skipaðir formaður og varaformaður stjórnar.




ins var góð en fjárfestingar voru litlar og takmörkuðust við nauðsynlega endurnýjun tækja og búnaðar verksmiðjunnar. Í rekstraráætlun fyrir árið 2004 er gert ráð fyrir minni útflutningi en árið áður.

Unnið var að gerð matskýrslu vegna umhverfisáhrifa stækkunar námusvæðis fyrirtækisins í ytri flóa Mývatns til að tryggja nægilegt hráefni til framleiðslunnar þar til kísilgúrvinnslu verður hætt.

Norska fyrirtækið Promeks ASA vinnur enn að undirbúningi nýrrar kísilduftverksmiðju sem fyrirhugað er að reisa á lóð Kísiliðjunnar. Ráðgert var að hefja framkvæmdir á árinu 2003 en verkefninu hefur seinkað nokkuð af ýmsum ástæðum. Allied Efa hf. og tengd fyrirtæki eiga um 54% hlut í Promeks.

Sementsverksmiðjan hf.

Sementsalan varð um 84.900



tonn eða rösklega 3% meiri en árið áður.

Framleiðsla gjalls var verulega minni en undanfarin ár þar sem ráðist var í talsverðar endurbætur á brennsluofni verksmiðjunnar.

Eignarhald á fyrirtækinu breyttist í byrjun október sl. þegar ríkið seldi fjórum aðilum allt hlutféð, þ.e. Framtaki fjárfestingarbanka hf., BM Vallá ehf., Björgun hf. og Norcem A/S. Gert er ráð fyrir að sá fyrstnefndi hverfi fljótlega úr hópi hluthafa.

Mikil hagræðing átti sér stað í fyrirtækinu á síðasta ári og er þess vænst að þær aðgerðir skili jákvæðum rekstri til frambúðar en hann hefur verið mjög erfiður um þriggja ára skeið.

Steinull hf.

Rekstur Steinullar hf. á Sauðárkróki gekk vel á síðasta ári. Heildarsala fyrirtækisins nam rúmlega 179 þúsund rúm-

metrum sem er nánast sama magn og árið áður.

Á innanlandsmarkaði seldust um 115 þúsund rúmmetrar og út voru fluttir um 64 þúsund rúmmetrar. Sem fyrr var mest flutt út til Bretlands og Færeyja.

Heildartekjur námu um 710 milljónum sem er u.þ.b. 3,5 % lægri tekjur en árið á undan. Framleitt er á þrískiptum vöktum frá sunnudegi til föstudags og starfsmenn eru tæplega 40.

UPPLÝSINGATÆKNI

Aðalfundur SÍH

Aðalfundur Samtaka Íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja var haldinn í október. Í skýrslu stjórnar kom m.a. fram að það væri hugbúnaðarfyrirtækjum mikið áhyggjuefni hve hlutabréfasjóðum hefði fækkað undanfarin misseri. Þeir sem eftir stæðu hefðu vart þor til nýrra fjárfestingarverkefna. Bankarnir hefðu sogað til sín fjármagn á sama tíma og þeir boðuðu aukna fjárfestingu erlendis, væntanlega á kostnað innlendrar. Yrði raunin sú væri styttra í að Ísland yrði Þórshöfn Evrópu en margur héldi. Bankarnir voru hvattir til að fjárfesta í spennandi þróunarverkefnum hér á landi þótt ekki væri nema fyrir brot af miklum hagnaði.

Þá kom fram að hagnaður í UT greininni hefði látið á sér standa undanfarin ár en margt benti til þess að það væri að breytast. Tekjur á hvern starfsmann hefðu hækkað til muna undanfarin tvö ár og færu væntanlega yfir 10 milljónir króna á þessu ári. Varað var við því að hinni nýju tækni væru settar skorður með löggjöf á ýmsum sviðum. Erfitt væri t.d. að skilja að Íslendingar skuli ekki vera meðal fyrstu þjóða til að taka upp rafrænar kosningar til þings og sveitarstjórnar. Sóknarfæri íslenskra upplýsingatækniyrirtækja erlendis fælust í íslenska örfélaginu. Þeim hefði tekist að hagnýta framsækni Íslendinga til þess að skapa lausnir fyrr og hraðar en aðrir og nýtt til að markaðssetja hugbúnaðarlausnir erlendis. Þessu forskoti mætti ekki glata. Það yrðu íslensk stjórnvöld og embættismenn og íslenskur fjármálamarkaður að skilja. Mikil tækifæri væru fyrir og þau yrði að nýta.

SÍH verður SUT

Á aðalfundinum var samþykkt að breyta nafni samtakanna í Samtök íslenskra upplýsingatækniyrirtækja



Guðmundur Ásmundsson

„Íslenskum UT fyrirtækjum hefur tekist að hagnýta framsækni Íslendinga til þess að skapa lausnir fyrr og hraðar en aðrir og nýta til að markaðssetja þær. Þessu forskoti má ekki glata. Það verða íslensk stjórnvöld og embættismenn og íslenskur fjármálamarkaður að skilja.“

(SUT). Þau munu starfa áfram innan Samtaka iðnaðarins sem starfsgreinahópur í upplýsingatækni með það að markmiði að vinna að hagsmunamálum íslenskra upplýsingatækniyrirtækja.

Í stjórn SUT voru kosnir: Ingvar Kristinsson, Landsteinum Streng, formaður, Páll Freysteinnsson, Hug, Ágúst Guðmundsson, Tölvumiðlun, Guðni B. Guðnason, ANZA, Guðmar Guðmundsson, TölvuMyndum, Davíð Stefánsson, Vef - samskiptalausnum og Ólafur Daðason, Hugviti. Garðari Jóhannssyni frá Streng, sem verið hefur í stjórn samtakanna mörg undanfarin ár, voru þökkuð vel unnin störf.

Fundir

Á starfsárinu voru haldnir tíu stjórnarfundir og fjórir morgunverðarfundir. Á þeim síðarnefndu var fjallað um tillögur vinnuhóps SÍH og Ríkiskaupa um bætt verkalag við útboð UT-lausna, um verkefna- og gæðastjórnun með PRINCE2, um tillögur vinnuhóps um gerð þekkingarskýrslu fyrir UT-fyrirtæki og um VSK-málið – ákvarðandi bréf ríkisskattstjóra.

Áherslur SUT

Samtökin hafa ávallt skilgreint tiltekin áhersluverkefni og málefni sem byggjast á stefnumótun greinarnnar um sameiginleg hagsmunamál. Skilgreindar eru leiðir til að þoka málum áfram og verkefnum forgangsraað. Starf samtakanna byggist nú meira á hópastarfi þar sem valdir fulltrúar úr fyrirtækjum mynda vinnuhópa sem skilgreina helstu aðgerðir og verkþætti viðkomandi verkefnis. Þau verkefni og málefni sem höfðu forgang á síðasta starfsári og verða það áfram eru eftirfarandi:

Vsk. málið

Mikilvægur árangur náðist í Vsk. málinu á síðasta ári en þá lagði ríkisskattstjóri fram ákvarðandi bréf og breyting var gerð á reglugerðum sem ætlað er að skerpa skilgreiningar, annars vegar á afmörkun sérfræðipjónustu en hins vegar á því hvenær samkeppni telst vera fyrir hendi. Með þessu er nú mun skýrara hvaða innri þjónusta slíkra aðila telst í samkeppni. Samtökin hafa þó gert alvarlegar athugasemdir við þá túlkun RSK að virðisaukaskattur af þjónustu við rekstur stoðkerfa og uppsetningu vélbúnaðar sé ekki endurgreiðsluhæfur. Með því er tölvu- og rekstrarþjónusta undanskilin sem er ófært í þessu samhengi. Mikilvægt er að þau atriði verði leiðrétt.

Ímyndarmál UT-greinarinnar

Settur hefur verið á fót vinnuhópur sem ætlað er að skilgreina sérstakt átak varðandi ímyndarmál UT-iðnaðar. Tillögum, sem þar koma fram, verður hrundið í framkvæmd. Fyrir nokkrum árum stóðu Samtök iðnaðarins fyrir átaki í þeim tilgangi að vekja athygli á miklum vexti greinarinnar og mikilvægi hennar fyrir íslenskt þjóðfélag.

Þekkingarauður UT-fyrirtækja

Á síðasta ári stóðu SUT að gerð fyrirmyndar að svokallaðri þekkingarskýrslu sem er ætlað að vera viðbót við hefðbundin reikningsskil og lýsa þeim verðmætum sem ekki er að finna í venjulegum ársreikningi. Fyrirmyndin lýsir því hvernig gera skuli grein fyrir óáþreifanlegum verðmætum og hvaða mælikvarða eigi að nota til þess. Til að vinna frekar að þessu verkefni var sótt um þriggja ára styrk til Norræna iðnaðarsjóðsins sem ákvað nýlega að styrkja norrænt verkefni um þetta málefni. SUT verða í forsvari fyrir verkefninu sem heitir Putting Intellectual Capital into Practical Implementation og samstarfsaðilar eru samtök UT-fyrirtækja á öllum Norðurlöndum. Gert er ráð fyrir að aðildarfyrirtæki þeirra taki þátt í verkefninu með ýmsu móti. Sum gera sínar eigin þekkingarskýrslur en önnur fá að kynna hvernig að slíkrí úttekt skal standa.

Átak um stuðning við útrás

Stofnaður hefur verið vinnuhópur til að skilgreina sérstakt átak um útrás UT-fyrirtækja. Hópurinn skilar tillögum um hvers konar aðstoð henti best í útrásarverkefnum slíkra fyrirtækja og mun gera tillögu um fjármögnun slíkrar aðstoðar.

Bætt verklag við útboð UT-lausna

Fyrir u.þ.b. tveimur árum skilaði vinnuhópur á vegum SUT og Ríkis-

*„Stefnt er að því að starfs-
hópur á vegum SUT og
Ríkiskaupa skoði ferli ný-
legra útboða og geri grein
fyrir niðurstöðum sem von-
andi skila sér í bættu verk-
ferli við útboð.“*

kaupa tillögum um bætt verklag við opinber útboð UT-lausna til hagsbóta fyrir kaupendur og seljendur. Ýmsar ábendingar, sem starfshópurinn lagði til, hafa verið innleiddar en nú er vilji fyrir því að starfshópurinn verði kallaður saman aftur og fari yfir hvernig til hefur tekist, hvað hefur gefist vel og hvað miður. Stefnt er að því að starfshópurinn skoði ferli nýlegra útboða og geri grein fyrir niðurstöðum sem vonandi skila sér í bættu verkferli við útboð.

Samanburður við Írland

Lagt hefur verið til að starfsskilyrði UT-fyrirtækja á Írlandi og á Íslandi

*„SUT verða í forsvari fyrir
verkefnið Putting
Intellectual Capital into
Practical Implementation
eða gerð fyrirmyndar að
svokallaðri þekkingar-
skýrslu sem er ætlað að
verða viðbót við hefðbundin
reikningsskil og lýsa þeim
verðmætum sem ekki er að
finna í venjulegum árs-
reikningi.“*

verði borin saman. Með því væri hægt að læra af Írum hvernig þeim hefur tekist að byggja upp öflugt tæknisamfélag m.a. með gífurlegum fjárfestingum erlendra stórfyrirtækja á sviði upplýsingatækni. Liður í því verður heimsókn til Írlands þar sem lykilaðilar verða sóttir heim.

Samstarf við tölvunarfræðiskor Háskóla Íslands

Samningur er í gildi við verkfræðideild HÍ sem hefur það að markmiði að efla kennslu og auka gæði náms við tölvunarfræðiskor og að efla tengsl íslenskra hugbúnaðarfyrirtækja og skorarinnar. Undanfarin tvö ár hafa SUT tilnefnt tvo aðjúntka við tölvunarfræðiskor verkfræðideildar sem eiga m.a. hlutdeild í að taka ákvarðanir hvað varðar uppbyggingu og þróun námsins. Ýmsar hugmyndir hafa komið fram um aukið samstarf sem verður reynt að hrinda í framkvæmd á starfsárinu.

Kennistærðir – lykiltölur

Gerðar verða reglubundnar kannanir á tilteknum lykiltölum sem varða rekstur og rekstrarumhverfi UT-fyrirtækja. Einnig verður reynt að afla sambærilegra upplýsinga í helstu samkeppnislöndum. Nú er unnið að gerð tillögu um hvaða kennistærðir verði kannaðar með reglubundnum hætti og hvernig þeirra upplýsinga verði aflað.

Morgunverðarfundir

Reglulega verða haldnir morgunverðarfundir með sama fyrirkomulagi og verið hefur, þ.e. um málefni sem eru ofarlega á baugi í greininni.

Efla tengsl við þjónustudeild SA

Með aðild að Samtökum iðnaðarins gerast fyrirtæki jafnframt aðilar að Samtökum atvinnulífsins. Stefnt verður að því að efla tengsl við þjónustudeild SA með því að veita m.a. þjónustu við gerð og túlkun ráðningarsamninga.

ÞJÓNUSTUIÐNAÐUR

Íslenskur iðnaður er fjölbreytt fyrirbæri. Sumar greinar innan hans eru sýnilegar í fjölmiðlum og í hinni pólitísku umræðu um atvinnuvegi og þjóðarhag. Aðrar eru minna áberandi á þeim vettvangi en samt sannarlega áberandi í daglegu lífi almennings. Í hvert skipti sem fallegur íslenskur skartgripur, fallett úr, faglega tekin ljósmynd, klæðnaður og glæsilega klippt og snyrt fólk ber fyrir augu eru það verk fagmanna í íslenskum iðnaði. Sjö félög í jafnmörgum iðngreinum taka þátt í starfsgreinahópi í þjónustuiðnaði hjá Samtökum iðnaðarins auk nokkurra fyrirtækja sem eiga beina aðild að SI. Í starfsgreinahópnum vinna þau starf sem snýr annars vegar inn á við og varðar fagmennskuna sjálfa, menntun og þróun fyrirtækjanna en hins vegar út á við að markaðsmálum.

Tískudagar iðnaðarins

Eins og lýst var að framan eiga þessar iðngreinar það sameiginlegt að fást við útlit fólks og sú staðreynd var höfð að leiðarljósi í stærsta markaðsátaki hópsins í mörg ár, Tískudögum iðnaðarins. Þeir stóðu í tíu daga frá föstudegi 3. nóvember sl. til mánudagsins 13. nóvember og óhætt er að fullyrða að þeir hafi náð athygli fólks. Könnun Gallups sýndi að meira en sextíu af hundraði þjóðarinnar veittu áttakinu athygli en meðal kvenna var hlutfallið enn hærra.

Markmiðið var að skapa þjónustuiðngreinum nafn sem mikilsverðum hluta af íslenskum tiskuiðnaði og öflugum þátttakanda á markaði. Átakið hófst með opnu húsi hjá sextíu fagmönnum og fyrirtækjum þeirra víða um land og í Reykjavík og lauk með hápunktinum, stórsýningu í Perlunni helgina 15. og 16. nóvember. Á fimmta þúsund manns sóttu sýninguna sem þótti takast vel. Telja



Kristrún Heimisdóttir

„Smæð gerir einstökum greinum erfitt að ná í gegn en með sameiginlegu átaki og skýrri sameinaðri mynd opnast möguleikar.“

má að á tveimur dögum hafi fleiri mögulegir kaupendur kynnt sér þjónustu fyrirtækjanna og félaganna sem þar sýndu en á næstu tveimur árum þar á undan. Tískudagar iðnaðarins hlutu mikla athygli fjölmiðla og nutu þess m.a. að Valgerður Sverrisdóttir, iðnaðarráðherra, lagði áttakinu lið. Fagmenn í tisku bjuggu ráðherrann þannig úr garði að almannathygli vakti.

SI lét gera ýtarlega viðhorfskönnun meðal allra þeirra aðildarfyrirtækja sem þátt tóku í áttakinu. Spurt var í smáatriðum um alla þætti þeirrar þjónustu sem Markaðssvið SI veitti og svör fengust frá öllum þátttakendum. Allar þær upplýsingar voru kynntar og ræddar á opnum fundi þjónustuiðngreina á Grand Hótel Reykjavík 29. janúar með það

fyrir augum að veita nýfenginni markaðspekkingu út til fyrirtækjanna og stjórnenda þeirra. Ljóst er að ýmis sóknarfæri eru í markaðsmálum þessara greina sé vel á málum haldið. Smæð félaganna og fyrirtækjanna gera einstaka greinum erfitt að ná í gegn í harðri samkeppni um athygli neytenda en með sameiginlegu átaki greinanna sjö og skýrri, sameinaðri mynd opnast möguleikar.

Fréttabréfið Fagmennska í tisku

Í framhaldi af Tískudögum iðnaðarins var gefið út sérstakt fréttabréf þjónustuiðnaðar og því dreift með Íslenskum iðnaði. Fréttabréfið bar heitið Fagmennska í tisku og er stefnt að framhaldi á útgáfu þess.

Liðsinni SI við félögin

Félögin hafa haldið áfram starfi á grundvelli gæðahandbóka sem samdar hafa verið með liðsinni SI og birtar eru á vefslóðinni gsi.is. Þá hafa þjónustusamningar verið endurnýjaðir við nokkur félög og unnið er að bættri skilgreiningu þjónustunnar. Nú eiga aðeins tvö félög eftir að koma upp gæðahandbók en það eru hárgreiðslufélögin tvö á landsbyggðinni, Félag hárgreiðslu- og hárskerameistara á Norðurlandi og Félag hársnyrtifólks á Austurlandi.

Starfsgreinahópur í þjónustuiðnaði

Haldnir eru mánaðarlegir fundir að jafnaði yfir vetrartímann og á fundina boðaðir formenn félaganna sjö sem eru landsfélög en taka með sér gesti eftir því sem fundarefni segir til um. Markmið fundanna eru að (1) að taka ákvarðanir um og stýra sameiginlegum átaksverkefnum, t.d. í markaðs- og menntamálum, (2) að vera vettvangur gagn-



legrar umræðu um góðan rekstur iðngreinafélags og (3) marka stefnu um þjónustu SI við aðildarfyrirtækin.

Tannsmiðir sameinaðir

Í maí sameinuðust tvö félög tannsmiða í eitt félag sem jafnframt verður aðili að Samtökum iðnaðarins. Félagið fékk nafnið Tannsmiðafélag Íslands og er talsvert stærra og öflugra félag en hvort hinna eldri var. Soffía D. Halldórsdóttir var kjörin fyrsti formaður félagsins. Eitt meginstefnumála hins nýja félags er að efla nám í tannsmíði á Íslandi. Þá hafa nýlega orðið breytingar á starfsskilyrðum íslenskra tannsmiða með viðurkenningu á rétti klínískra tannsmiða til að selja beint til viðskiptavina en ekki einungis í gegnum tannlækna.

„Í hvert skipti sem falletur íslenskur skartgripur, fallett úr, faglega tekin ljósmynd, klæðnaður og glæsilega klippt og snyrt fólk ber fyrir augu eru það verk fagmanna í íslenskum iðnaði.“

Félag meistara og sveina í fataiðn 60 ára

FMSF fagnaði 60 ára afmæli sínu með sýningu sem sett var upp á Kjarvalsstöðum. Þá tók félagið þátt í Menningarnótt í Reykjavík og myndarlegan þátt í Tískudögum iðnaðarins. Árið var fyrsta starfsár nýs formanns, Berglindar Magnúsdóttur eiganda Organza og snúða við Laugaveg. Dregið hefur úr aðsókn að fatiðnarbraut Iðnskólans í Reykjavík undanfarin ár en starfsemi félagsins er öflug og rík áhersla lögð á að kynna nýútskrifuðum nemum félagskapinn en þeir eru allt að 14 á ári hverju.

VEIÐARFÆRAIÐNAÐUR

Landsamband veiðafæragerða

Á fundi stjórnar LV með Úrvinnslusjóði kom í ljós að í undirbúningi er að setja úrvinnslugjald á veiðarfæri. Búið er að meta hlut sérhvers efnis sem notað er í veiðarfæri. Metinn er líftími þeirra og hugsanleg endurnotkun. Úrvinnslugjald verður lagt á hráefni og veiðar-



Ferdinand Hansen

færi í tolli út frá matinu. Gjaldtakan kemur til framkvæmda 1. janúar 2005 og verður tíminn notaður til að skipuleggja endanlegt fyrirkomulag söfnunar og flokkunar á veiðarfæraúrgangi.

SAMTÖK IÐNÁÐARINS ÖFLUGUR BAKHJARL Í SÍBREYTILEGU UMHVERFI



GÆÐAMÁL OG STJÓRNUN

Tæplega 80 fyrirtæki innan Samtaka iðnaðarins hafa með einum eða öðrum hætti innleitt gæðastjórnun í rekstur sinn í samvinnu við SI á síðastliðnum sex árum. Mörg þeirra hafa á árinu fengið nýja upp færslu á þeim drögum að gæðastjórnunarkerfi sem SI lögðu þeim til á sínum tíma. Ásýnd og notkunargildi kerfisins hafa breyst nokkuð í tímans rás og það er orðið meðfærilegra í notkun en var í upphafi. Aðildarfyrirtækjum SI stendur til boða aðstoð við að meta sjálf stöðu sína við uppbyggingu og virkni gæðastjórnunar og þá gildir einu hvort fyrirtækin hafa átt í samvinnu við SI um slíkt eða innleitt gæðastjórnun alfarið á eigin vegum.

Samstarf við opinbera verkkaupa

Samvinna SI við marga helstu opinberu verkkaupa landsins um virkni gæðastjórnunar við verklegar framkvæmdir hefur haldið áfram og m.a. leitt til samstarfs um útfærslu öryggis- og heilbrigðisáætlana við tímabundna mannvirkjagerð. Námskeiðin „Gæðastjórnun við verklegar framkvæmdir,“ sem þetta samstarf leiddi til á sínum tíma voru haldin átta sinnum víðs vegar um landið á árinu og er líklegt að framhald verði á því.

Kynningar, námskeið og aðstoð

Ýmis önnur námskeið og kynningar tengd góðri stjórnun voru haldin á árinu. Þar má t.d. nefna almenna kynningu á gæðastjórnun, gagnsemi tímaskráninga, IST-30, stefnumótun og þekkingarstjórnun. Námskeiðin voru ýmist haldin fyrir starfsmenn nokkurra fyrirtækja samtímis eða eins fyrirtækis í senn og þá oftast úti í fyrirtækjunum sjálfum. Einnig voru nokkur fyrirtæki



Ferdinand Hansen



Davíð Lúðvíksson

aðstoðuð við umbótastarf á afmörkuðum sviðum. Stutt námskeið og aðstoð, sem hefur farið fram úti í fyrirtækjum, hafa verið þeim að kostnaðarlausu.

Stöðumat á rekstri

Samtök iðnaðarins hafa þjálað nokkra starfsmenn sína til að geta boðið minni fyrirtækjum úttekt eða stöðumat á rekstri sínum (Micro Business Review). Tilgangurinn er að forráðamenn fyrirtækjanna geti haft gott yfirlit yfir stöðu fyrirtækisins á hverjum tíma og geti borið reksturinn saman við rekstur fjölda annarra fyrirtækja af svipaðri stærð. Iðntæknistofnun er frumkvöðull að þessu verkefni en Samtökin hafa fengið leyfi til að gera nokkrar úttektir án endurgjalds meðan aðferðafræðin er að festast í sessi.

Gæðastjórnun SI

Samtök iðnaðarins hafa ekki einvörðungu hvatt félagsmenn sína til dáða í gæðastjórnunarmálum. Á skrifstofu SI hefur ötullega verið unnið að uppbyggingu gæðastjórnunarkerfis á liðnu ári. Gæðakerfið er orðið nokkuð yfirgripsmikið og góð hjálp fyrir starfsmenn að styðjast við í daglegum störfum. Mörg af meistarafélögum innan SI hafa heldur ekki legið á liði sínu við að skilgreina þarfir sínar og skyldur og mörg þeirra eru nú komin með vísi að gæðastjórnunarkerfi eins og sjá má á vefsetri SI.

Íslenska og evrópska ánægjuvogin

Íslenska ánægjuvogin er félag, sem Samtök iðnaðarins, Stjórnvísí og Gallup, standa sameiginlega að um þátttöku í Evrópsku ánægjuvoginni. Markmið verkefnisins er að láta fyrirtækjum í té samræmdar mælingar á ánægju viðskiptavina en einnig nokkrum öðrum þáttum sem hafa áhrif á hana, s.s. ímynd, mat á gæðum og tryggð viðskiptavina. Mæling sem þessi er talin mjög mikilvæg þar sem rannsóknir hafa leitt í ljós að því ánægðari sem viðskiptavinir fyrirtækis eru því betri afkomu getur fyrirtækið gert sér vonir um.

Að loknu þriggja ára uppbyggingarstarfi hefur verið unnið að því að því að festa þessar mælingar enn frekar í sessi. Nokkur ný fyrirtæki bættust í hóp þeirra 25 sem fyrir voru í þessum mælingum á síðasta ári en einnig urðu nokkrar breytingar á hópi. Ölgerðin Egill Skalla-grímsson kom, annað árið í röð, best út úr mælingunni 2002 með 77,3 stig en Ali (Síld og fiskur) og sparisjóðirnir urðu hnífjafnir í öðru og þriðja sæti með 75,4 stig. Þessi þrjú fyrirtæki voru einnig í þremur efstu sætum á árinu 2001.

Í þetta sinn veitti Íslenska ánægjuvogin sérstaka viðurkenningu þeim fyrirtækjum sem komu best út úr mælingum í fjórum ólíkum atvinnugreinum. Í flokki framleiðslufyrirtækja var Ölgerðin Egill Skalla-grímsson í fyrsta sæti og uppskar, eins og áður sagði, mestu ánægju allra fyrirtækja. Í flokki fjármálafyrirtækja, þ.e. banka og tryggingafyrirtækja, urðu Sparisjóðirnir efstir. Í flokki veitufyrirtækja, þ.e. raforkuveitna og símafyrirtækja varð Hita-veita Suðurnesja í efsta sæti með 73,1 og í flokki smásöluvirkis, þ.e. olíufélaga og stórmarkaða, lenti Olís í fyrsta sæti með 71,1 stig.

MARKAÐSMÁL, KYNNINGAR, RÁÐSTEFNUR OG SÝNINGAR

Á markaðssviði Samtaka iðnaðarins (MSI) er unnið að markaðsmálum, kynningum, ráðstefnum og sýningum fyrir SI, aðildarfélög og starfsgreinahópa.

MSI tekur þátt í stefnumótun starfsgreina, fagfélaga og samstarfsvettvanga sem SI tengjast ásamt vinnuhópum og nefndum á sviði markaðsmála. Jafnframt vinnur MSI að því að markaðssetja SI, stofna og þróa nýjar starfsgreinar innan SI og þróa þjónustu og miðla Samtakanna.

MSI veitir starfsgreinahópum og aðildarfélögum innan SI ráðgjöf og þjónustu á sviði markaðsmála bæði inn á við og út á við.

MSI heldur námskeið og sinnir ýmiss konar fræðslu um markaðsmál og kynningar og beitir sér fyrir auknu samstarfi aðildarfyrirtækja í verkefnum innanlands og utan.

Yfirlit ársins 2003

Í starfi markaðssviðs árið 2003 voru hinir ýmsu Dagar iðnaðarins fyrirferðarmestir en alls voru haldnir 16 slíkir á árinu:



DI með Meistarafélagi bólrara 22/3

DI með Landssambandi bakameistara 20/6-21/6

DI og Matartíminn með matvælaíðnaðinum 17/9

DI með Félagi blikksmiðjueigenda 20/9




DI með Meistarafélagi iðnaðarmanna í Hafnarfirði 11/10

TDI - Tískudagar iðnaðarins með sjö fagfélögum í þjónustuiðnaði 7/11-16/11

Samhliða dögnum voru haldnar nokkrar vöru- og sölusýningar, þ.á.m. ein á Ásvöllum í Hafnarfirði og tvær í Perlunni.

SI og Málameistarafélagið efndu til vorátaks undir kjörorðinu „Láttu ekki rúlla yfir þig“ og glæsileg hátíð og keppni bakara var haldin í Smáralind. Gefin var út vegleg vörumappa íslenskra matvæla-



Brynjar Ragnarsson

framleiðenda og fyrsta sérblað þjónustuiðnaðar leit dagsins ljós undir heitinu Fagmennska í tísku. Unnið var að vöruþróun með Landssambandi bakameistara og í kjölfarið var nýtt Kaffi bakarans markaðssett í samstarfi við Kaffítár og Sulta bakarans í samvinnu við Kjarnavörur.

Unnið var að undirbúningi tveggja alþjóðlegra ráðstefna og sýninga sem haldnar verða árið 2005, þ.e. Free Press & Print í maí 2005 og Construct North í október 2005.

Nokkrar viðhorfskannanir voru gerðar á árinu og meðal annars gerð þjóðarkönnun um hug landsmanna til Tískudaga iðnaðarins og hugtaksins tísku í því samhengi.

Átaksverkefnið „Veljum íslenskt – og allir vinna“ hljómaði í eyrum landsmanna seinni hluta árs og var jafnframt áberandi í tengslum við Daga iðnaðarins en unnið er að frekari landvinningum á komandi ári. Á árinu var Meistarinn.is áberandi í auglýsingum SI en að jafnaði heim sóttu um 1.500 manns vefinn í hverjum mánuði.



Ársáætlun

Í lok hvers árs vinnur MSI að ársáætlun næsta árs í samvinnu við umsjónarmenn starfsgreinahópa og fagfélaga innan SI en hún er lögð fyrir stjórn SI til samþykktar fyrir aðalfund hverju sinni.

Ársáætlunin leggur línurnar að markaðsstarfi SI en kynning á íslenskum iðnaði og þjónustu innanlands og erlendis er einn stærsti útgjaldaliðurinn í starfi SI.

Brýnt er að starfsgreinahópar og fagfélög innan SI móti sér stefnu og leggi fram hugmyndir inn í ársáætlun MSI með góðum fyrirvara. Þannig geta þau haft áhrif á og mótað stefnu áætlunar MSI fyrir komandi starfsár.

MSI sér um framkvæmd og rekstur verkefna sem tilgreind eru í áætluninni og ber ábyrgð á að henni sé framfylgt. Ársáætlun MSI er hluti af gæðakerfi SI.

Markaðsstarf inn á við

Markaðssvið SI veitir félögum og starfsgreinahópum ráðgjöf og þjónustu á sviði markaðsmála. Í þeim hluta markaðsstarfsins, sem snýr inn á við, er unnin greining á markaði fyrir tiltekinn hóp fyrirtækja (félög/starfsgreinahópar), gerðar kannanir á stöðu og horfum og veitt ráðgjöf um hugsanlegar aðgerðir.

Í boði er m.a. 100 atriða úttekt þar sem félög og fyrirtæki eru skoðuð og þeim veitt ráðgjöf í trúnaði um framhaldið. Áhersla er lögð á að félagsmenn tileinki sér faglega stefnumótun og áætlanagerð í markaðsmálum sem m.a. er byggjast á niðurstöðum ráðgjafar á greiningumarkaðar, stöðu og horfum ásamt tiltekinni úttekt.

Við gerð áætlunar í markaðsmálum er stuðst við áður nefnda greiningu á markaði, stöðu og horfum og

Heildarvelta bakaríá í LABAK og SI


Frá 1996 til 2003



báttaskil urðu í rekstri bakaríá innan Landssambands bakaríameistara áramótin 1997/1998 þegar SI tók við rekstri félagsins. Starfsemi var endurskipulögð og lagt af stað í viðamikla markaðsstarf. Því var viðhaldið ósitið í 6 ár og er árangurinn ótvívert aðildarfyrirtækjunum í hag.

Aðsókn að Meistarinn.is

Frá 15. feb. 2003 til 22. feb. 2004



Meistarinn.is hóf göngu sína 15. feb. 2003. Fylgst er með heimsóknnum á vefinn en hann hefur verið mikið kynntur í tengslum við hina ýmsu Daga íðnaðarins sem og önnur markaðsverkefni SI. Að meðaltali heimsækja 1.645 manns vefinn í hverjum mánuði.

úttekt á félagi eða fyrirtækjum. Í áætluninni eru m.a. skilgreindir möguleikar á markaðssetningu félagsins/starfsgreinar í heild, fjallað um ímynd þess og mögulega eflingu aðildar, þróun á vöru og þjónustu, innleiðingu gæðastjórnunar og kostnaðarlíkans. Að auki eru lagðar fram hugmyndir um námskeið, kynningar, sýningar o.fl. til að ná markmiðum áætlunarinnar.

Markaðsstarf út á við

Í markaðsstarfi út á við er lögð áhersla á að veita tilteknum hópi fyrirtækja (félögum/starfsgreinahópum) ráðgjöf á sviði markaðssetningar, auglýsinga og almannatengsla. Í því felst ráðgjöf og áætlanagerð um m.a. hvernig staðið er að markaðssetningu, vöruþróun, kynningum, auglýsingum, kaupstefnum, ráðstefnum, sýningum, framkvæmd verkefna úr stefnumótun og ársáætlun.

Þjónusta í markaðsstarfi

Að undangenginni ráðgjöf MSI á sviði markaðsstarfs inn á við og út á við aðstoðar markaðssvið SI félagsmenn við að hrinda í framkvæmd ýmsum þeirra hugmynda og verkefna sem mótaðar voru.

Markviss árangur

Í öllu markaðsstarfi er mikilvægt að markmiðin séu skýr frá upphafi,

að unnt sé að mæla árangur verkefna sem unnið er að og að markvisst sé fylgst með þeim til loka þess tímabils sem um ræðir hverju sinni. Í lok tímabils eru verkefnið metin inn í heildaryfirlit sem sýnir hvort markmið markaðsstarfsins hafa náðst.

Hér má sjá nokkur raundæmi um árangur af markaðsstarfi MSI með félögum og starfsgreinahópum innan SI á undanförunum árum.

Kynningar

Markaðssvið SI (MSI) hefur umsjón með allri kynningu á Samtökunum, aðildarfélögum þeirra og starfsgreinahópum. Hjá MSI er jafnframt veitt ráðgjöf við skipulagningu og framkvæmd einstakra verkefna, s.s. við gerð auglýsinga- og kynningarfernis, hönnun þess, framleiðslu og dreifingu ásamt gerð útboðsgagna og tilboðsöflunar. Á markaðssviði er unnið samkvæmt gæðakerfi SI.

Á hverju ári vinnur markaðssvið SI að fjölda átaksverkefna þar sem félög og fyrirtæki innan SI eru beinir þátttakendur en meðal þeirra má nefna:



Ýmis sérsniðin átaksverkefni Samtök íðnaðarins gefa reglulega út veglegt kynningarrit um SI, starfsemi þeirra og þjónustu en hægt er að

nálgast eintak á skrifstofu SI og á vefsetrinu www.si.is.

Viðburðir

Markaðssvið SI hefur umsjón með skipulagningu innlendra og alþjóðlegra ráðstefna og sýninga sem hafa það að markmiði að kynna starfsemi aðildarfyrirtækja SI á markaði. Jafnframt tekur MSI þátt í skipulagningu og framkvæmd kynningarverkefna sem tengjast SI á erlendum vettvangi, þ.m.t. sýningum, ráðstefnum og fyrirtækjastefnumótum.

Meðal viðburða sem SI standa fyrir má nefna:

Matartíminn - kaupstefna

Íslenskur matvælaíðnaður innan SI

UTS - málþing fyrir stofnanir ríkis- og sveitarfélaga

Starfsgreinahópur SI í upplýsingatækni

Health Technology & Science

Starfsgreinahópur SI í heilbrigðistækni

Mannvirkjagerð á norðlægum slóðum**Construct North**

Ráðstefnur, sýningar, markaðsverkefni

MSI veitir aðildarfyrirtækjum ráðgjöf um þátttöku þeirra í innlendum og alþjóðlegum ráðstefnum og sýningum. Félagsmenn geta einnig leitað til Útflutningsráðs Íslands sem sérhæfir sig í aðstoð við markaðssetningu og þátttöku fyrirtækja í sýningum erlendis.

MENNTAMÁL

Mikil breyting hefur orðið á eðli starfa undanfarin ár og áratug sem m.a. sést á því að framleiðni vinnuaflds í iðnaði hefur vaxið hratt. Þessari þróun ræður ekki tilviljun heldur djúptæk breyting í atvinnulífinu. Fjármagn og tækni eru mikilvæg aðföng fyrirtækja en sívaxandi áhersla hefur verið lögð á að byggja upp mannauðinn. Framleiðni vinnuafldsins stendur þannig í samhengi við dýrmæt og flókin störf sem verða m.a. til vegna aukinnar menntunar og þjálfunar. Af þessum sökum leggja Samtök iðnaðarins áherslu á að íslenskt menntakerfi sé öflugt og sinni þörfum iðnaðarins fyrir menntun við hæfi.



Ingi Bogi Bogason

Menntadagur iðnaðarins

Samtök iðnaðarins héldu Menntadag iðnaðarins í fyrsta sinn í janúar. Tilgangur dagsins er að draga athygli stjórnmalamanna, skólamanna og annarra sem málið varðar að nauðsyn öflugrar iðn- og tæknimenntunar. Haldin voru málþing og sóttu þau um og yfir 100 manns í hvort sinn.

Á málþinginu var fjallað um framtíð iðn- og tæknimenntunar. Nokkrir þingmenn fluttu erindi um stefnu flokka sinna í iðn- og tæknimenntun og voru sammála um að aukin fjárfesting í iðn- og tæknimenntun skiladi okkur hæfari fyrirtækjum, betri fagmönnum og aukinni hagsæld. Margt konar sóknarfæri lögju í eflidri iðnmenntun. Þingmenn bentu á varhugaverðar afleiðingar þess ef iðn- og tækninámi yrði ekki lyft. M.a. mætti búast við því að störf, sem annars væru unnin hér á landi, flyttust úr landi. Að loknu málþingi var nokkrum gestum boðið í heimsókn í Marel hf.

„Þingmenn voru sammála um að aukin fjárfesting í iðn- og tæknimenntun skiladi okkur hæfari fyrirtækjum, betri fagmönnum og aukinni hagsæld.“

Könnun IMG Gallup á þörf iðnaðarins fyrir menntun

Á næstu þremur árum þurfa fyrirtæki SI að bæta við sig hátt í 800 nýjum starfsmönnum með raungreina-, tækni- og verkfræðimenntun og um 2200 starfsmönnum með iðn- og starfsmenntun. Þetta var meðal þess sem kom fram í könnun IMG Gallup á þörf fyrirtækja SI fyrir menntun sem gerð var í lok árs.

Helstu niðurstöður könnunarinnar fela í sér eftirfarandi:

Þörf fyrirtækja SI fyrir aukna iðnmenntun og raungreinamenntun á háskólastigi er viðvarandi. Forsvarsmenn leggja mikla áherslu á góða menntun starfsfólks, ekki síst á endur- og símenntun.

Ófaglærðir vinna tæknistörf. Byggja þarf upp þekkingu og færni hjá þeim með skipulegum hætti.

Kynning á iðnaði í skólum landsins er mikilvæg segja um 87% fyrirtækja SI.

Niðurstöður þessarar könnunar koma SI að miklu gagni við að móta áherslur og verkefni á sviði menntunar í atvinnulífinu.

Iðnskólafélagið

Iðnskólafélagið hefur starfað í um tvö ár. Tilgangur félagsins er að vera bakhjarl iðnmenntunar á Íslandi með sérstaka áherslu á Iðnskólann í Reykjavík. Félagið hefur markað sér áherslur í anda laganna. Það hefur haldið fundi sem varða samstarf kennara, nema og iðnaðarmanna. Með þessum hætti er vonast til að skilningur aukist á gagnkvæmum hagsmunum aðila. Iðnskólafélagið styrkir kennara til faglegrar endurmenntunar.

Fræðslumiðstöðvar iðnaðarins vinna nánar saman

Samtök iðnaðarins eiga hlutdeild í Menntafélagi byggingariðnaðarins, Fræðsluráði málmiðnaðarins, Prenttæknistofnun og Fræðsluráði hótels- og matvælagreina. Þau félög bjóða faglega endurmenntun í starfsgreinum sínum auk þess sem þau selja út ýmsa þjónustu fyrir aðra aðila, m.a. menntamálaráðuneyti. Félagin búa yfir mikilli þekkingu og færni á sínu sviði. Fyrir skömmu

náðu eigendur fræðslumiðstöðva iðnaðarins samkomulagi um að auka samstarf milli þeirra með kerfisbundnum hætti. Áfanganiðurstaða mun liggja fyrir á vordögum.

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins

Fræðslumiðstöð atvinnulífsins, sem hefur starfað í tæpt ár, er einkum ætlað að sinna uppbyggingu menntunar fyrir þá sem ekki hafa lokið viðurkenndum prófum í opinbera skólakerfinu. Eigendur FA eru Samtök atvinnulífsins og Alþýðusamband Íslands. FA er samstarfsvettvangur um fullorðins- og starfsmenntun á íslenskum vinnumarkaði í samstarfi við aðrar sameiginlegar fræðslustofnanir á vegum aðildarsamtaka ASÍ og SA. SI eiga fulltrúa í stjórn FA.

MENNT

Að Mennt - Samstarfsvettvangi atvinnulífs og skóla standa samtök atvinnurekenda og launafólks, framhaldsskóla- og háskólastigið. Mennt hefur m.a. annast evrópsk verkefni og þjónað opinberum aðilum á sviði starfsmenntunar. Mennt geymir upplýsingar um innlenda og erlenda starfsmenntun.

Verk- og tæknimenntun á háskólastigi

Samtök iðnaðarins, Háskóli Íslands, Tækniháskóli Íslands, Háskólinn á Akureyri, Verkfræðingafélag Íslands og Tæknifræðingafélag Íslands reka svokallað Hagsmunafélag um eflingu verk- og tæknimenntunar á háskólastigi. Markmið félagsins er að efla verk- og tæknimenntun á háskólastigi, m.a. til þess að mæta þörf fyrirtækja fyrir slíka menntun.

Hagsmunafélagið telur mikilvægt að vekja áhuga ungs fólks á raungreinum. Í því skyni hefur félagið veitt nemendum, kennurum og skólum viðurkenningu fyrir gott starf á sviði raungreina og haldið kynningarfundum um verk- og tæknimenntun.

Starfsmenntaráð

Starfsmenntaráð félagsmálaráðuneytis hefur starfað í 12 ár en lög um það voru sett 1992. Í ráðinu eiga sæti fulltrúar ráðuneytisins, launþegasamtaka og atvinnurekendasamtaka en SA í síðasttöldu. Einn af þremur fulltrúum SA kemur frá SI. Starfsmenntaráð hefur gegnt mikilvægu brautryðjandahlutverki í þjónustu við starfsmenntun í landinu.

Samstarf SI við menntamálaráðuneytið

Samtök iðnaðarins hafa átt viðræður við menntamálaráðuneytið um einstök mál sem þau vilja að nái fram að ganga. Fulltrúar SI áttu fund með ráðuneytisstjóra og öðru starfsfólki ráðuneytisins í október 2003. Þar var ákveðið að vinna að framgangi þriggja mála til að byrja með: 1) Aðkomu ráðuneytisins að Iðunni, upplýsingavef SI fyrir ungt fólk um nám og störf. 2) Ábyrgð á vinnustaðakennslu. Á sínum tíma var til reiðu samningur milli ráðuneytisins og SI um tilraun að nýju fyrirkomulagi vinnustaðakennslu. SI vilja að samningurinn verði fullgildur. 3) Nám í vinnuvéltjórn. Hér er um 7-8 ára gamalt mál að ræða sem þvælst hefur í meðförum menntamálaráðuneytisins. Í stuttu máli hefur ráðuneytið enn ekki svarað óskum SI í neinu þessara mála.

Fjárhagsleg ábyrgð á vinnustaðakennslu

Samtök iðnaðarins telja mikilvægt að skýra fjárhagslega ábyrgð á vinnustaðakennslu. Samkvæmt könnun SI, sem gerð var árið 2001, verja fyrirtæki um 260 milljónum króna árlega til vinnustaðakennslu. Laun nema eru þó ekki í þeirri tölu.

Í árslok 2002 ákvað þáverandi menntamálaráðherra að skipa vinnuhóp sem gera skyldi gera tillögur um framtíðarfyrirkomulag vinnustaðanáms í atvinnulífinu. Hann skipaði fulltrúa SA og ASÍ í nefndina án þess að leita beint til SI sem þó hafa beitt

sér mest í þessu máli. Fulltrúi SA kemur hins vegar frá SI. Stefnt er að því að vinnuhópurinn skili skýrslu um málið um mitt ár 2004. Í henni verður lögð fram tillaga um fjármögnun vinnustaðakennslu til frambúðar. Til hliðar við vinnuhópinn er verkefnishópur sem árið 2004 ýtir úr vör tilraun um nýtt fyrirkomulag vinnustaðakennslu í samstarfi við sex starfsgreinar.

Menntun ófaglærðra í farvegi

Sérstöku menntasamstarfi atvinnurekenda og launafólks fyrir ófaglærða var hleypt af stokkunum árið 2000. Starfsafl og Landsmennt eru sameiginlegir sjóðir SA og verkalýðsfélaga um þennan mála flokk. Fyrirtæki í málmíðnaði, byggingariðnaði og matvælaíðnaði hafa m.a. notið þjónustu á þessu sviði. Samningur um þetta samstarf, sem hefur mælst vel fyrir hjá fyrirtækjum SI, rann út í lok 2003. Framtíð fræðslusjóða fyrir ófaglærða ræðst í yfirstandandi samningaviðræðum.

SI styrkja lektorstöðu við THÍ

Tækniháskóli Íslands hóf starfsemi á sl. starfsári á grundvelli nýrra laga. SI hafa stutt við bakið á skólanum, meðal annars sl. haust þegar óljóst var hvort skólinn fengi leyfi til að fjölga nemum í tæknigreinum.

SI hafa ákveðið að styrkja hálflektorstöðu á tölvu- og upplýsingatæknifræði við THÍ til næstu þriggja ára. Meðal verkefna lektorsins er að byggja upp fjarkennslu fyrir iðnaðarmenn sem stunda nám í iðnfræði. Mikil aðsókn hefur verið að fjarnáminu og mun stuðningur SI við þessa lektorstöðu auka möguleika iðnaðarmanna á að afla sér frekari menntunar.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar

Samstarfsvettvangur sjávarútvegs og iðnaðar átti 9. starfsár sitt á síðasta ári. Vettvangurinn styður samstarfsverkefni fyrirtækja í iðnaði og sjávarútvegi. Á síðasta ári tók vettvangurinn að sér að meta verkefnisumsóknir vegna átaksverkefnis sjávarútvegsráðherra um aukið vinnsluvirði sjávarútvegs eða AVS-verkefnisins.

Aðilar Samstarfsvettvangs sjávarútvegs og iðnaðar eru auk Samtaka iðnaðar, Samtök fiskvinnslustöðva, LÍÚ, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, sjávarútvegsráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið.

Heilbrigðistæknivettvangur

Starfsemi Heilbrigðistæknivettvangs sem hófst árið 2000 sem þriggja ára verkefni stendur núna á tímamótum. Á síðasta ári var ákveðið að stefna að nýju þriggja ára starfstímabili og hefur undirbúningur að því staðið yfir ásamt því að meta þann árangur sem þegar hefur náðst. Á Heilbrigðistæknivettvanginum hefur verið lögð áhersla á að þróa samstarfsform fyrirtækja og stofnana en einnig á menntamál og almenn samstarfsverkefni. Á síðasta ári var unnið að því að þróa samstarfið meira í átt að norrænu samstarfi. Þróaður hefur verið nýr norrænn markaðsvefur health.is sem inniheldur upplýsingar um tæknilausnir lífilla og meðalstórra fyrirtækja á öllum Norðurlöndum. Í framhaldinu er ætlunin þróa frekara markaðsamstarf og gagnkvæma upplýsingagjöf um leiðir að auka aðgang að kaupendum. Þá stóð vettvangurinn, ásamt Útflutningsráði og nokkrum fyrirtækjum á sviðinu, fyrir þátttöku í Medica sýningunni í Düsseldorf í nóvember.



Davíð Lúðvíksson

Aðilar samstarfsvettvangsins eru auk Samtaka iðnaðar, Nýsköpunarsjóður atvinnulífsins, heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið, iðnaðar- og viðskiptaráðuneytið, Rannís og Heilbrigðistæknifélag Íslands. Auk þess hefur Landspítali – háskólasjúkrahús lagt vettvanginum til aðstöðu og tengsl.

Samstarfsvettvangur um framleiðniaukandi aðgerðir - SAFA

Starfsemi þessa vettvangs hófst árið 2002 en auk Samtaka iðnaðarins standa Iðntæknistofnun Íslands, Samtök atvinnulífsins, Nýsköpunarsjóður og iðnaðarráðuneyti að fjármögnun og framkvæmd hans.

Meginstarfsemi vettvangsins hefur verið að standa fyrir námskeiðum og kynningu á aðferðafræði Microscope. Hér er um að ræða aðferð sem styðst við gagnabanka sem ólík fyrirtæki geta hagnýt sér til að skoða hvernig þau standa innan sinnar atvinnugreinar eða í samanburði við aðrar greinar.

Allstór hópur fyrirtækja, bæði úr framleiðslu og þjónustu, hefur hagnýtt sér Microscope gagnagrunninn og ljóst er að þau fyrirtæki, sem notað hafa þetta mælitæki, hafa lagt í töluvert umbótastarf á grundvelli þeirra niðurstaðna úr mælingunni. Nokkur fyrirtæki hafa endurtekið mælingar með jöfnu millibili og

önnur stefna að því. Sá einfaldleiki og hraðvirkni sem einkennir þessa aðferðafræði virðist höfða vel til fyrirtækjanna

Um þessar mundir er unnið að því að hvetja fyrirtæki í tilteknum fyrirtækjum til að fara í samhliða mælingar, m.a. með það að leiðarljósi að kortleggja sameiginlegan veikleika fyrirtækja í greininni sem hagnæmt gæti reynst að vinna sameiginlega að. Slík greining fór fram í pentiðnaðinum á sl. ári.

Á síðasta ári voru einnig skoðaðar alþjóðlegar aðferðir og gagnagrunnar sem notaðir eru til að meta ánægju starfsmanna. Um þessar mundir er í athugun að fara með nokkur fyrirtæki gegnum nýjar alþjóðlegar mælingar á þessu sviði.

Örtæknivettvangur

Þau svið tækni og vísinda, sem snúa að uppbyggingu efnis á nanóskala og stærðargráðu þar fyrir ofan, hafa verið í mikilli þróun undanfarin ár. Þetta tæknisvið, sem á íslensku nefnist örtækni, hefur mikla þverfaglega nálgun og talið er að þróun hennar muni gerbreyta mörgum hefðbundnum lausnum í iðnaði framtíðarinnar.

Á síðasta ári var stofnaður svonefndur Örtæknivettvangur sem er samstarfsvettvangur þeirra sem vinna á sviðinu eða eiga hagsmuna að gæta. Samtök iðnaðarins eiga aðild þeim vettvangi en auk þeirra koma nokkur fyrirtæki að vettvanginum, Háskóli Íslands, Iðntæknistofnun, Rannís og fleiri aðilar.

Evrópusambandið hefur sett örtækni í öndvegi með sjöttu rammaáætlun sinni og er með sérstaka fjögurra ára áætlun á sviðinu þar sem lagðar verða 1300 milljónir evra í stuðning við verkefnið.

Vinna Örtæknivettvangs undan-

UMHVERFI OG ORKA

Polyolverkefnið

Fyrirtækið IGP (Icelandic Green Polyols/Polyolverksmiðjan) var stofnað vorið 2001 um framleiðslu polyola úr sykri á Íslandi. Síðan þá hafa IGP og aðilar í Suður-Afríku og Bandaríkjunum rekið tilraunaverksmiðju í Komati í Suður-Afríku til að sannreyna tæknina sem notuð er við slíka framleiðslu. Tilraunaverksmiðjan var rekin til loka júní 2003 með góðum árangri. Með rekstri hennar náðist sá árangur sem að var stefnt í upphafi. Í ársbyrjun hófust samskipti við Global Biochem í Kína sem leiddu til þess að gengið var frá samningi IGP annars vegar en hins vegar við IPCI Inc við Global Biochem um að reisa litla verksmiðju í Kína og í framhaldi af því aðra verksmiðju í fullri stærð.

Á árinu hófst athugun á hagkvæmni þess að finna polyolverksmiðju stað á Húsavík og nýta gufu frá þeistareykjum. Það verkefni er vel á veg komið.

Samtök iðnaðarins hafa stýrt starfi IGP frá stofnun þess og lagt því til



Ólafur Kjartansson

aðstöðu og starfsmann. Sú breyting varð á árinu að Nýsköpunarsjóður tók að sér það hlutverk og leggur nú til starfsmann og aðstöðu.

Úrvinnslusjóður

Í lok árs 2002 voru samþykkt lög um úrvinnslugjald og í ársbyrjun 2003 tók til starfa Úrvinnslusjóður, stofnun sem heyrir undir umhverfisráðherra. Markmið laganna er að skapa hagræn skilyrði fyrir endurnotkun og endurnýtingu úrgangs og draga þannig úr magni úrgangs sem fer til förgunar. Gjald er lagt á vörur sem falla undir lögin en því er ætlað

að standa undir kostnaði við endurnýtingu vörunnar/afganga að notkun lokinni. Úrvinnslusjóður annast umsýslu gjaldsins og semur við aðila um söfnun og endurnýtingu á grundvelli útboða eða versamninga. Umhverfisráðherra skipar formann sjóðsins án tilnefningar en meðstjórnendur eru skipaðir skv. tilnefningu frá atvinnulífinu og sveitarfélögum. Ólafur Kjartansson, sem lengi var starfsmaður Samtaka iðnaðarins og sinnti þessu máli á þeirra vegum, hefur verið ráðinn framkvæmdastjóri Úrvinnslusjóðs. Á árinu hófst söfnun og endurnýting/förgun hjólbarða, drykkjarkarna auk ökutækja en af þeim er greitt 10 þúsund króna skilagjald. Auk þess var ákvörðuð fjárhæð úrvinnslugjalds á veiðarfæri úr gervi efnum en innheimta þess hefst 1. janúar 2005. Í undir-búningi er söfnun heyrúlluplasts og álagning úrvinnslugjalds á pappa-, pappírs- og plastumbúðir og raf- og rafeindatæki.

NÝSKÖPUN OG ÞRÓUN FRH.

farna mánuði hefur falist í að skilgreina stöðu örtækninnar hérlendis og vinna að stefnumótun til framtíðar. Afrakstur þeirra vinnu liggur nú fyrir í skýrslu sem kynnt hefur verið nýju Vísinda- og tækniráði.

Margir hérlendir vísindamenn hafa aflað sér menntunar og þjálfunar á hinum ýmsu sviðum örtækni og hafa snúið heim að loknu námi með dýrmæta þekkingu og reynslu. Þetta mun efla þessi vísindi hér á landi og hefur kallað á stefnumótun í örtækni og uppbyggingu aðstöðu og tækjabúnaðar.

Örtæknivettvangur hefur gert til-

lögur að 28 verkefnum varðandi örtækni. Verkefni má gróflaga flokka í tvennt. Annars vegar eru verkefni sem beinast að því að bæta forsendur fyrir uppbyggingu örtækninnar en hins vegar rannsókn- eða þróunarverkefni sem nýta sér örtæknina. Hafin er vinna við nokkur þeirra síðarnefndu en önnur eru á byrjunarreit. Mörg þeirra varða nýtingu örtækninnar innan líftækni. Þar er um að ræða verkefni innan skynjaratækni, matvælatækni, læknis- og lyfjafræði. Þau verkefni eru ýmist rannsóknaverkefni eða þróunarverkefni sem ætlað er að bæta framleiðsluvörur hjá starfandi íslenskum fyrirtækjum. Yfirborð án örvera væri t.d. verulegt framfaraskref í íslenskum matvælaíðnaði. Þetta gæti t.d. orðið

sérstakt áherslusvið innan örtækninnar hér á landi.

Meginforsenda fyrir þróun örtækni á Íslandi er uppbygging Örtæknikjarna sem getur tæknilega séð þjónað þeim áherslusviðum sem verða fyrir valinu. Kjarninn er byggður þannig upp að fyrirtæki, sprotastarfsemi og rannsóknahópar fái aðgang að þekkingu og tækjabúnaði. Hugmyndin er að þar starfi einnig sérfræðingar á sviði örtækni sem geta miðlað þekkingu og reynslu. Kjarninn er miðstöð þar sem rannsóknahópar á vegum háskóla og stofnana eru í beinum tengslum við fyrirtæki og sprotastafsemi. Gera má ráð fyrir að uppbygging lágmarksaðstöðu Örtæknikjarna kosti um 500 milljónir króna.

RÉTTARUMHVERFI IÐNAÐARINS

Á tíu ára afmæli EES er óhætt að fullyrða að réttarumhverfi iðnaðarins sé á allan hátt frábrugðið því sem það var þegar samningurinn tók gildi. Leikreglur markaðanna eru að mestum hluta þegnar frá Evrópu-sambandinu gegnum stofnanir EES, þ.á m. reglur um opinber innkaup, margháttað löggjöf um starfsréttindi og á árinu 2004 mun Ísland væntanlega verða aðili að Evrópukerfi í einkaleyfum. Bæði stóru útrásarfyrirtækin og litlu fyrirtækin í grónu iðngreinunum finna fyrir breytingum. Tækifærin eru margvísleg en leikreglurnar þurfa að styrkjast innan frá, íslenskar viðskiptavenjur og íslenskir rekstrarhættir að batna og halda í við leikreglurnar sem koma að utan: Iðnmeistarar jafnt sem forstjórar stóru fyrirtækjanna verða að kunna hinn nýja leik.

Sama á við um íslensk stjórnvöld. Þau hafa of oft sofði á verðinum og ekki gætt að íslenskum hagsmunum þegar Evrópureglur eru teknar upp í íslenska löggjöf. Sem betur fer virðist stjórnarráðið vera að vakna til vitundar um að þarna þurfi að gera á bragarbót.

Merkileg niðurstaða um Héðinsfjarðargöng

Sú verklega framkvæmd sem einna sögulegust verður frá liðnu ári, hófst aldrei. Héðinsfjarðargöng, stórframkvæmd, sem ætlað er að tengja saman byggðirnar á Siglufirði og Ólafsfirði, var boðin út í maí 2003 að undangengnu forvali. Íslenskir aðalverktakar reyndust eiga lægsta tilboð þeirra fimm bjóðenda sem þátt fengu að taka en öllum að óvörum lýsti samgönguráðherra því yfir í fjölmiðlum síðar um sumarið að ákvörðun lægi fyrir um að hafna öllum tilboðum í verkið. Voru það fyrstu fréttir til bjóðenda um þá niðurstöðu útboðsins. Þá kom og



Kristrún Heimisdóttir

fram í fjölmiðlum að ástæður þessa væru alls óháðar tilboðunum sem borist hefðu. Hætt væri við framkvæmdina eða henni frestað til að draga saman segl í opinberum útgjöldum og halda hagstjórnarstýrinu stöðugu. Vegagerðin sagði í bréfi sem loks barst til bjóðenda að ljóst væri að hið opinbera fyrirtæki fengi ekki fé til framkvæmdanna og af þeirri ástæðu væri öllum tilboðum hafnað.

Íslenskir aðalverktakar og samstarfsfyrirtæki þeirra ákváðu að una þessu ekki og sendu málið til kærufundar útboðsmála sem komst að þeirri niðurstöðu að ákvörðun Vegagerðarinnar væri ólögmæt. ÍAV og samstarfsfyrirtæki þeirra töldust eiga rétt á skaðabótum að fjárhæð þess kostnaðar sem fyrirtækin höfðu borið af tilboðsgerðinni og í málinu voru einnig hafðar uppi kröfur um efndabætur, þ.e. bætur fyrir missi hagnaðar en ljóst er að veigamikil lögfræðileg rök hníga að því að fyrirtækin fái einmitt bætur sem nema hagnaðarvon. Niðurstaða kærufundar útboðsmála um útboðið vegna Héðinsfjarðarganga er til marks um að nefndin virkar sem vörður leikreglna á markaði. Allir þekkja að á fyrri tíð hefði sjálfðæmi stjórnvalda um hagstjórn og nauðsyn kúvendinga í verklegum framkvæmdum getað gengið fram án þess að fyrirtæki gætu nokkrum vörnum við komið – en þessi niðurstaða sýnir að lögvernd-

aðar leikreglur á markaði eru líka landslög í þjóðfélaginu yfirleitt.

Úrbætur í útboðsrétti

Útboðsformið gegnir sífellt stærra hlutverki í íslensku atvinnulífi og viðskiptum almennt. Ríkiskaup hafa tekið upp nýjar og flóknari aðferðir í opinberum innkaupum og má þar sem dæmi nefna samningskaup skv. 19. og 20. gr. laganna nr. 94/2001 um opinber innkaup. Aðildarfyrirtæki SI hafa æði mörg lent í hremmingum í samningskaupferli og óvenju mörg mál hafa risið fyrir kærufund útboðsmála vegna annmarka á framkvæmd samningskaupa. Útboð eru ennfremur oft flókin á nýrri sviðum viðskipta eins og upplýsingatæknin er dæmi um. Úr þessum viðfangsefnum þarf að leysa þannig að formið þjóni því upphaflega markmiði að greiða fyrir hagkvæmni í viðskiptum.

Evrópureglurnar á þessu sviði þróast ört. Atvinnulífið þarf stöðugt að fylgjast með, bæði á vettvangi Evrópusamvinnunnar en ekki síðar með því hvernig íslensk stjórnvöld og stofnanir háttu framkvæmd reglnanna. Það varðar fyrirtækin miklu að reglur séu skýrar og framkvæmdin ávallt gagnsæ.

Það er skoðun SI að útboðsmálin þarfnist skýrari grunnreglna á Íslandi og sjálft útboðsformið að njóta tryggari verndar. Sýndarútboð plaga enn markaðinn og dæmi um að mikilvirk fyrirtæki á íslenskum markaði beiti aðildarfyrirtæki SI slíkum bola-brögðum eru of mörg. Sjálf lögin um framkvæmd útboða nr.65/1993 þarfnast endurskoðunar sem herði reglur um bótaskyldu og sendi morgunljós skilaboð til þátttakenda á markaði: Um leið og menn bjóða út til að ná hagstæðum samningum um kaup á vöru, verki eða þjónustu hafa þeir gengist undir fastar formreglur sem ekki er hægt að sveigja og beygja

frá enda stafar hagkvæmni formsins einmitt af festu í framkvæmdinni. Ábyrgir viðskiptamenn taka útboðsformið alvarlega.

Breytingar á einkaleyfaumhverfi

Gera má ráð fyrir að Ísland verði aðili að EPC (evrópska einaleyfasáttmálanum) og EPO (evrópsku einkaleyfastofunni) áður en árið 2004 er úti. Undirbúningur þessa hefur staðið í á fjórða ár en greiða þurfti úr margvíslegum álitamálum, m.a. hvort slík aðild stæðist stjórnarskrána. Íslensk einkaleyfalöggjöf er nú þegar efnislega sambærileg við hinar evrópsku reglur. Breytingin felst því fyrst og fremst í því að Ísland verður í framtíðinni skuldbundið til að fylgja Evrópskri stefnumótun á þessu sviði og svigrúm til að móta sérstakar reglur hér verður minna. Búist er við að breytingin lækki kostnað íslenskra fyrirtækja af því að sækja um einkaleyfi.

Höfundarréttur í hugbúnaðariðnaði

Réttur til hugverka og höfundarréttur hefur fengið nýtt mikilvægi í nútímaíðnaði. Á nýjum sviðum eru mikilvægustu eignir fyrirtækja hreint ekki í föstu formi og skil milli kaupsamninga um þjónustu annars vegar og vöru hins vegar eru oft ekki skýr, t.d. í upplýsingatækniiðnaði. Réttarreglur um það svið eru í hraðri þróun hvarvetna og mikilvægt fyrir fyrirtækin, bæði í einstökum samningum og á sameiginlegum vettvangi, að vera meðvituð um að þau eru stöðugt að skapa viðskiptavenjur og marka leikreglur.

Iðnlöggjöfin

Iðnaðarlögin hafa lítt eða ekki verið endurskoðuð frá árinu 1978. Enn er nokkuð um að SI berist kvartanir og ábendingar vegna brota á iðnlöggjöfinni ýmist þannig að réttindalausir sinni störfum sem iðnréttindi þarf til eða þannig að spurningar vakna um jaðartilvik hvort tiltekni

„Allir þekkja að á fyrri tíð hefði sjálfðæmi stjórnvalda um hagstjórn og nauðsyn kúvendinga í verklegum framkvæmdum getað gengið fram án þess að fyrirtæki gætu nokkrum vörnum við komið – en þessi niðurstaða sýnir að lögverndaðar leikreglur á markaði eru líka landslög í þjóðfélaginu yfirleitt.“

þættir í vinnu heyri undir iðnréttindaverndina eða ekki. Ljóst er að sífellt verður erfiðara að fylgja eftir refsivernd iðnlöggjafarinnar. Því ræður einfaldlega þróun lögfræðinnar og sífellt strangari kröfur sem gerðar eru til skýrleika brota og refsheimilda. Breytingar á atvinnuháttum yfirleitt kalla líka á endurskoðun iðnlöggjafarinnar. Það gleymist oft í umræðu um iðnréttindin hversu mikilvægu hlutverki þau gegna sem stjórnfesta í menntamálaum iðnaðarins. Endurskoðun námsskráa skilar sér í nýjum skilgreiningum til hvers konar verka menntaðir iðnaðarmenn njóta lögverndar. Ef iðnlöggjöfin missir taktinn við tímann kemur það á endanum einnig niður á iðnmenntun í landinu því að það grefur undan trausti á menntunina ef réttindin standa ekki undir þeim væntingum um réttarvernd sem nemendur og aðrir hafa. Í öllum Evrópuríkjum hafa starfsréttindi, þ.m.t. réttindakerfi sambærileg íslensku iðnréttindunum gengið gegnum endurskoðun á liðnum árum.

Dómur leysti SI fyrirtæki undan leyfisskyldu til landflutninga

Mörg fyrirtæki innan SI – einkum verktakafyrirtæki – en einnig mjólk-

urbú og gámaþjónustur urðu fyrir verulegum óþægindum af nýju eftirliti Vegargerðarinnar með landflutningum. Eftirlitið er byggt á lögum frá 2001 sem sett voru í hasti þá um vorið með skýrum yfirlýsingum þingmanna í samgöngunefnd um að hvorki eftirlitið né greiðsluskyldur myndu ná til iðnfyrirtækja. Framkvæmdin reyndist önnur og tregðulögmál kerfisins sterk gegn því að takmarka sig við rökrétt markmið löggjafarinnar sem er að gera kröfur til íslenskra flutningafyrirtækja.

Með lögunum var innleitt nýtt eftirlit og íþyngjandi eftirlitskerfi sem í framkvæmd Vegargerðar hefur verið látið bitna á iðnfyrirtækjum og verktakafyrirtækjum en ekki einungis eiginlegum flutningafyrirtækjum. Þrátt fyrir mikil og ítrekuð mótmæli Samtaka iðnaðarins hafa stofnanir framkvæmdavaldsins haldið uppi ströngu eftirliti og refsað fyrir brot með sektargreiðslum. Ljóst er að niðurstaða Héraðsdóms Vesturlands í máli Ákærvaldsins gegn Guðmundi Guðjónssyni (Mál. S-393/2003) leysir iðn- og verktakafyrirtæki undan þessu ólöglega eftirliti. Í dómsniðurstöðunni felst að fyrirtæki í mjólkuriðnaði, sorphirðu eða jarðvinnuverktöku, sem starfsemi sinnar vegna flytja hráefni, úrgang eða annað, verða ekki löglega krafín um að leggja fram á skrifstofu Vegargerðarinnar ársreikninga sína til tveggja ára, rekstraráætlanir, saka-vottorð og vottorð um réttar efnidir opinberra gjalda, enda hefur það verið samdóma álit atvinnurekenda á þessum sviðum að gjaldtakan og eftirlitið væri hrein firra. Rétt er að geta þess þetta umrædda eftirlit sem samgönguráðuneytið hefur komið á með landflutningum á Íslandi er byggt á ströngustu útfærslu á ESB-tilskipun. Í tilskipuninni er þó gert ráð fyrir að undanþágu þeirra ríkja sem kjósa, einkum þeirra sem ekki eru hluti af sameiginlegum landflutningamarkaði í Evrópu.

FJÖLBREYTT STARFSEMI



Iðnþing 2003

Iðnþing 2003 var haldið föstudaginn 14. mars. Vilmundur Jósefsson, framkvæmdastjóri Gæðafæðis ehf., var endurkjörinn formaður. Meðstjórnendur til tveggja ára voru kosnir þeir Hörður Arnarson, Marel hf., Eiður Haraldsson, Háfelli ehf., Guðlaugur Adólfsson, Fagtaki ehf. og Sigurður Bragi Guðmundsson, Plastprenti hf.

Fyrir í stjórninni voru þau Baldur Guðnason, HörpuSjöfn hf., Halla Bogadóttir, Höllu Boga gullsmíði og Hreinn Jakobsson, Skýrr hf. Þeir sex, sem voru næst því að hljóta kosningu í stjórn, settust í ráðgjafaráð SI.

Þeir voru: Birgir Snorrason, Brauðgerð Kr. Jónsson & Co., Eyjólfur Sigurðsson, Kornaxi ehf., Gunnar Gissurarson, Gluggasmiðjunni hf., Ríkarður Már Ríkarðsson, Tannsmíðaverkst. RMR, Sigurður Sigurðsson, Steypustöðinni ehf. og Sverrir D. Hauksson, Gutenbergi hf.

Stjórnarfundir

Stjórn Samtaka iðnaðarins kom saman fimmtán sinnum árið 2003 og voru fjölmörg mál á dagskrá hvers fundar enda í mörg horn að líta hjá stórum samtökum eins og Samtökum iðnaðarins.

Stjórnin heimsótti fyrirtæki á Suðurlandi hinn 14. október. Þau voru Glerverksmiðjan Samverk ehf. á Hellu, Mjólkurbú Flóamanna, Set hf. og Alpan hf. Stjórn Samtaka iðnaðarins telur mikilvægt að halda sem bestu sambandi við félagsmenn sína um allt land og í sem flestum greinum. Með því móti getur hún best gætt hagsmuna iðnaðarins í heild. Vel heppnuð heimsókn til fyrirtækja á Suðurlandi og gagnlegar umræður eru gott veganesti í þeirri baráttu.

Ráðgjafaráð og stjórnir aðildarféлага

Þann 19. júní var vorfundur ráðgjafaráðs, stjórnar Samtaka iðnaðarins og stjórnanna allra aðildarfélaganna. Fundarefnið var nokkuð víðamikil og voru flutt fjögur fram-

söguerindi. Fyrst ræddi formaður SI, Vilmundur Jósefsson um áherslur í starfinu. Því næst fjallaði Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur SI um ástand og horfur í iðnaði, m.a í ljósi nýrrar könnunar meðal félagsmanna. Davíð Lúðvíksson gerði grein fyrir verkefnalista sem ný stjórn SI hefur sett sér fyrir komandi starfsár og síðast en ekki síst gerði Valgerður Sverrisdóttir iðnaðarráðherra grein fyrir verkefnum og áherslum iðnaðarráðuneytisins á komandi misserum.

Þann 30. október var haldinn haustfundur ráðgjafaráðs, stjórnar Samtaka iðnaðarins og stjórnanna allra aðildarfélaganna. Að þessu sinni var athyglinni beint að Samtökunum sjálfum, skipulagi, helstu málafnum og starfsmönnum og ábyrgðarsviði hvers og eins. Jón Steindór Valdimarsson, aðstoðarframkvæmdastjóri SI, hafði framsögu en Vilmundur Jósefsson, formaður SI, stýrði fundi. Að lokinni framsögunni urðu umræður og fyrirspurnir og sat Sveinn Hannesson, framkvæmdastjóri SI, fyrir svörum ásamt þeim starfsmönnum SI er bera ábyrgð á þeim málafnum sem fyrirspurnir eða athugasemdir beindust að. Spurst var fyrir um ýmis atriði, flestu hrósað en annað gagnrýnt eins og við var að búast. Fundarmenn voru flestir þeirrar skoðunar að starf SI væri öflugt of skilaði félagsmönnum árangri.

Auk funda stjórnar og ráðgjafaráðs SI er kjölfestan í starfi Samtakanna kraftmikið starf sem fer fram á fundum á vegum einstakra aðildarféлага og starfsgreinahópa. Þar er unnið mikilvægt grasrótastarf og þaðan koma m.a. margar hugmyndir og mál sem stjórn og starfsmenn SI vinna síðan úr og hrinda í framkvæmd.

Samráð við iðnaðarráðuneytið

Enn treystir sig í sessi sú mikilvæga hefð að haldnir eru reglulegir samráðfundir með iðnaðarráðherra og helstu embættismönnum hans.

Þar gefst mjög gott tækifæri til þess að fara yfir þau mál sem helst eru á döfinni og jafnframt að finna sam-eiginlega lausn á vanda sem við blasir. Samtök iðnaðarins telja að fundir þessir hafi sannað að hreinskiptin samskipti atvinnulífs og stjórnvalda skili miklum árangri. Þakka ber núverandi iðnaðarráðherra og starfsfólki hans fyrir gott samstarf.

Aðrir fundir

Þann 24. júní stóðu SI fyrir opnum fundi um hátt gengi krónunnar. Þar var leitast við að svara spurningum um hversu mikil neikvæð áhrif langvarandi hátt gengi krónunnar hefur á útflutning, atvinnustig og hagvöxt. Á fundinum talaði Þorsteinn Þorgeirsson hagfræðingur SI um þörfina fyrir samræmda efnahagsstjórn, Bolli Þór Bollason frá fjármálaráðuneytinu um þátt ríkisfjármála í efnahagsstjórninni og Már Guðmundsson frá Seðlabankanum um þátt peningastjórnunar í efnahagsstjórnuninni og samspil vaxta og gengis. Loks talaði Edda Rós Karlsdóttir forstöðumaður greiningardeildar Landsbanka Íslands um viðbrögð og væntingar á fjármagnsmarkaði.

Ályktun Iðnþings 14. mars 2003

Komið er að ögurstund í efnahagsmálum þjóðarinnar. Að baki er ár stöðnunar eftir langt hagvaxtarskeið. Framundan eru mestu verklegar framkvæmdir Íslandssögunnar. Í senn er vaxandi atvinnuleysi en um leið miklar væntingar um þensluskeið. Undanfarin missiri hafa einkennst af sveiflum í gengi og verðlagi. Þessi umskipti auka mjög hættuna á að stjórn efnahagsmála fari úr böndum.

Hins vegar lofar ekki góðu, varðandi framtíðina í þessum efnunum, að á sama tíma og opinberir aðilar boða stórauðin framlög til framkvæmda og flýta öðrum sem mest má verða, heldur Seðlabankinn uppi stífu aðhaldi með háum vöxtum. Það vantar



Hulda G. Mogensen
gjaldkeri



Dagmar Elín
Sigurðardóttir
bókari



María Hallbjörnsdóttir
félagatal



Þóra Guðmundsdóttir
símavarsla



Þóra Kristín Jónsdóttir
málfráslagsgjöf,
fjölmiðlatengsl



Þóra Ólafsdóttir
útgáfumál

greinilega samstillingu í efnahagsstjórnina.

Samstillt átak stjórnvalda, Seðlabanka og atvinnulífs þarf til þess að þjóðin komist klakklaut gegnum þá umbrotatíma sem framundan eru. Ella er hætt við að framleiðslunni verði rutt úr landi með sama hætti og gerist í Noregi þar sem háir vextir og hátt gengi norsku krónunnar eru að rústa norskan iðnað um þessar mundir. Ekki má einblína á verðbólguþróun og beita vaxta- og gengisstefnu sem kyrkir atvinnulífið.

Þetta verkefni ætti að vera efst á listanum yfir umræðuefni fyrir komandi Alþingiskosningar.

Starfsmannamál

Starfsmenn Samtaka iðnaðarins eru 21 og hefur fjöldi þeirra verið hinn sami undanfarin ár.

Hulda G. Mogensen lét af störfum um áramót en hún hefur gegnt starfi gjaldkera SI frá stofnun Samtakanna

árið 1993. Fyrir þann tíma starfaði Hulda hjá Landssambandi iðnaðarmanna eða allt frá 1. desember 1960. Samtök iðnaðarins þakka Huldu gott og óeigingjarnt starf fyrir iðnaðinn þau rúmu 43 ár sem hún hefur unnið í hans þágu.

Ólafur Kjartansson, verkfræðingur tók við starfi framkvæmdastjóra Úrvinnslusjóðs eftir 17 ára starf hjá SI og eru honum þökkúð vel unnin störf. Haraldur S. Gunnlaugsson var ráðinn tímabundið um mitt ár til þess að vinna að endurskipulagningu vefsetra SI.

Útgáfu- og upplýsingastarf

Upplýsingamiðlun á vefsetri Samtaka iðnaðarins, www.si.is, hefur vaxið mikið undanfarin ár og lögð hefur verið áhersla á að þróa það og uppfæra. Nú er unnið að gerð nýrrar útgáfu vefsetursins sem líta mun dagsins ljós fyrir hluta árs 2004 og

verða breytingar nokkrar. Einkum verður lögð áhersla á að flokka fréttir og þjónustu SI með betri og markvissari hætti en verið hefur.

Samtök iðnaðarins leggja áherslu á að kynna almenningi íslenskan iðnað en ekki síst ungu fólki. Í þeim tilgangi reka SI vefsetrið Iðuna, idan.is, sem hentar einnig sérlega vel í skólastarfi. Á Iðunni er m.a. fjallað um nám, störf, skóla og fyrirtæki og þær upplýsingar fléttaðar saman með einstæðum hætti. Vel þykir hafa tekist til með Iðuna og hún nýtur vaxandi vinsælda og virðingar.

Sem kunnugt er gefa SI einnig út mánaðarlegt fréttabréf, Íslenskan iðnað. Fréttabréfið er 8 - 12 síður að stærð, prentað í lit og er sent öllum félagsmönnum auk þess sem það er birt á rafrænu sniði á vefsetri SI.



RÁÐGJAFARÁÐ SI

Ráðgjafaráð er stjórn Samtaka iðnaðarins til ráðuneytis við mikilvægar ákvarðanir og stefnumótun. Í ráðgjafaráði sitja þeir sex sem voru næst því að ná kjöri í stjórn Samtakanna, fulltrúar tilnefndir af starfsgreinahópum og fulltrúar Samtakanna í stjórn SA. Eftir Iðnþing 2003 er ráðgjafaráðið þannig skipað:

Fulltrúar kosnir á Iðnþingi:

Birgir Snorrason, Brauðgerð Kr. Jónsson & Co.

Eyjólfur Sigurðsson, Kornax ehf.

Gunnar Gissurarson, Gluggasmiðjan hf.

Ríkarður Már Ríkarðsson, Tannsmíðaverkst. RMR

Sigurður Sigurðsson, Steypustöðin ehf.

Sverrir D. Hauksson, Gutenberg hf.

Mannvirkjagerð:

Andrés Sigurðsson, Loftorka Reykjavík ehf.

Friðrik Andrésson, Múrarameistarafélag Reykjavíkur

Haraldur Sumarliðason, byggingameistari

Hermann Óli Finnsson, Málarameistarafélag Reykjavíkur

Loftur Árnason, Ístak hf.

Sigurður R. Helgason, Björgun ehf.

Stefán Friðfinnsson, Íslenskir aðalverktakar hf.

Stefán Jónsson, Meistaraf. bygg.manna á N-landi.

Porkell Gunnarsson, Félag skrudgarðyrkjumeistara

Matvæla-, fódur- og drykkjarvöruiðnaður:

Guðlaugur Björgvinsson, Mjólkursamsalan

Jakobína Sigurðardóttir, Móna efn., sælgætisgerð

Magnús Ólafsson, Osta- og smjörösalan

Úlfar Hauksson, Nýja Kaffibrennslan hf.

Málmiðnaður:

Brynjar Haraldsson, Frostverk ehf.

Ólafur Friðriksson, Skipalyftan ehf.

Þorgeir Jósefsson, Þorgeir og Ellert hf.

Þróstur Hafsteinsson, Þ.H. blikk hf.

Prent- og pappírsmiðnaður:

Sigurður Bjarnason, Prentsmiðjan Viðey ehf.

Sveinbjörn Hjálmarsson, Umslag ehf.

Þorgeir Baldursson, Prentsmiðjan Oddi hf.

Þórleifur V. Friðriksson, Hjá Guðjón Ó ehf.

Örn Jóhannsson, Morgunblaðið Árvakur hf.

Húsgagna- og húshlutaiðnaður:

Anton Bjarnason, Glerborg ehf.

Guðmundur Ásgeirsson, Á. Guðmundsson ehf.

Stóriðja:

Gylfi Þórðarson, Sementsverksmiðjan hf.

Helgi Þórhallsson, Íslenska járnblendifélagið hf.

Kristján Björn Garðarsson, Kísliðjan hf.

Rannveig Rist, Íslenska álfélagið hf.

Upplýsingatækni:

Hermann Kristjánsson, Vaki - DNG hf.

Ingvar Kristinsson, Landsteinar Ísland hf.

Gúmmi-, plast, efna-, fata- og leðuriðnaður:

Hafrún Friðriksdóttir, Omega Farma ehf.

Helgi Magnússon, Harpa hf.

Magni Örvar Guðmundsson, Netagerð Vestfj. hf.

Þjónustuiðnaður:

Leifur Jónsson, Skartís

NÝIR FÉLAGSMENN SI 2003

Hér eru taldir þeir félagsmenn eiga beina aðild að SI og stjórn SI hefur samþykkt.

Samtals bættust 27 fyrirtæki í hópinn auk Félags skrud-

garðyrkjumanna með 17 félagsmenn innan sinna vébanda.

Þá hafa margir félagar bæst í hópinn hjá aðildarfélögum SI sem eru 26 talsins.

AP almannatengsl ehf.
Borgarnes Kjötvrörur ehf.
Byggó hf.
Eiríkur og Einar Valur hf.
eMR hugbúnaður hf.
Eyjatré ehf.
Fanntófell ehf.
Félag skrudgarðyrkjumeistara
G. Þorsteinsson ehf.
H.H. Gólf ehf.
Hjalti Guðmundsson ehf.
Hugsmiðjan ehf.

Ísafoldarprentsmiðja ehf.
Kiesel Software á Íslandi ehf.
Klak ehf.
Kópanes ehf.
Kubbur ehf.
Lyfjaþróun hf.
MarOrka ehf.
Múlalundur
Neonsmiðjan ehf
Norðurtak ehf.
Pixel ehf.
Plastás ehf.

Stiki ehf.
Tölvusmiðjan ehf.
Vegamál ehf.
Ýting ehf.
Vélvík ehf. - Málmur
GT-Tækni hf. - Málmur
Blikkarinn ehf. - FBE
Alur - Blikksmiðja ehf. - FBE

SKRIFSTOFA ATVINNU- LÍFSINS Á NORÐURLANDI

Örar breytingar starfsumhverfis

Í þekkingar- og þjónustusamfélaginu hefur aukning þekkingar og hæfni afgerandi áhrif á það hvernig fyrirtækjum vegnar í samkeppninni. Ný tækni og ný þekking hafa gjörbreytt verksviði margra fyrirtækja en það hefur svo leitt til þess að hæfniskröfur aukast og þau þurfa á fjölbreyttara starfsliði að halda. Fyrirtæki landsbyggðarinnar fara ekki varhluta af þessari þróun.

Mörg fyrirtæki hafa breyst frá því að leggja áherslu á framleiðslu yfir í að leggja aðaláherslu á þjónustu- og markaðsmál. Ástæðan er einföld. Vaxtarmöguleikarnir liggja í aukinni þjónustu. Fleiri og fleiri stjórnendur fyrirtækja gera sér grein fyrir því að í framtíðinni mun samkeppnishæfni fyrirtækja, svæða og byggðarlaga ekki byggjast á staðbundnum auðlindum heldur þekkingu og þróun. Aukin og bætt menntun verður þar af leiðandi það sem mestu máli skiptir fyrir afkomu fyrirtækisins.

Atvinnulífið og skólinn

Skrifstofa atvinnulífsins á Norðurlandi hefur að undanförmu staðið fyrir þremur verkefnum sem öll hafa það að markmiði að styrkja tengsl milli skóla og atvinnulífs. Settur hefur verið á fót 20 manna vinnuhópur sem ber vinnuheitið Samráðshópur atvinnulífs og skóla. Í þeim hópi eru stjórnendur framhaldsskólanna á Akureyri, Háskólans á Akureyri, fulltrúar bæjarstjórnar Akureyrar og forráðamenn úr atvinnulífinu. Hópurinn ætlar að koma saman vor og haust og ræða þessi þýðingarmiklu mál og reyna með því að tryggja aukið samstarf skóla og atvinnulífs. Annar starfshópur, Verkefnisnefnd um þróun verk og tækni-



Ásgeir Magnússon

„Æ fleiri stjórnendur fyrirtækja gera sér grein fyrir því að í framtíðinni mun samkeppnishæfni fyrirtækja, svæða og byggðarlaga ekki byggjast á staðbundnum auðlindum heldur þekkingu og þróun.“

greina hefur að markmiði að vinna að auknu framboði námsbrauta í verk- og tæknigreinum á starfssvæði skrifstofunnar og leita jafnframt leiða til að laða fleiri hæfa nemendur að þessum greinum. Í þriðja lagi hefur verkefnið Skóli@iðnaður verið þýtt og staðfært en það er unnið að fyrirmynd verkefnis með sama heiti sem Dansk industri hefur hleypt af stökkunum. Verkefnið miðar að því að kynna iðnaðinn ungu fólki í efstu bekkjum grunnskólans þá möguleika sem standa til boða í iðnfyrirtækjum. Verkefnið er tilraunaverkefni sem

unnið verður í vetur í tveimur 10. bekkjum í Síðuskóla, einum af grunnskólum Akureyrarbæjar, í samstarfi við fyrirtækin, Norðurmjólk og SSbygg. Skili verkefnið tilætluðum árangri munu Samtök iðnaðarins bjóða öðrum kennslugögnin til afnota á næsta ári.

Stórframkvæmdirnar auka bjartsýni landsbyggðarfólks

Miklar væntingar, ekki aðeins íbúa Austurlands heldur alls landsbyggðarfólks, eru tengdar stórframkvæmdum á Austurlandi. Þó að áhrifa þessara stærstu framkvæmda Íslands sögunnar gæti enn ekki í jafnmiklum mæli og sumir ætluðu hafa þær þegar skipt miklu máli. Viðhorf fólks til búsetu á Austurlandi hefur gjörbreyst á nokkrum mánuðum. Fasteignaverð hefur hækkað umtalsvert og í byggðarlögum, þar sem íbúðir hafa ekki verið byggðar á frjálsum markaði í nærri áratug, er nú slegist um lóðir sem eru á lausu. Fyrirtæki á starfssvæði Skrifstofu atvinnulífsins hafa sýnt framkvæmdunum aukinn áhuga og er vonandi að þátttaka þeirra í þeim verði til að styrkja þau og efla.

Almenn starfsemi

Almenn starfsemi Skrifstofu atvinnulífsins á Norðurlandi er með svipuðu sniði ár frá ári. Skrifstofan er lítil eining sem vill sinna þörfum félagsmanna Samtaka iðnaðarins og Samtaka atvinnulífsins á sínu starfssvæði eins vel og kostur er og um leið vera tengiliður atvinnulífsins á Norðurlandi við aðra þætti samfélagsins.

Hús atvinnulífsins rís við Borgartún 35

20. júní 2001



28. júní 2001



09. ágúst 2001



06. september 2001



17. október 2001



14. janúar 2002



09. maí 2002



03. júní 2002

